

Fólkið

Fjöllin

Fjörðurinn



Meðal efnis:

Síldveiðar Grundfirðinga

Saga kvenfélagsins Gleym mér ei

Fermingarbörn

Skákmeistaramót í Grundarfirði

Ragnar Haraldsson

Elisabet Helgadóttir

Vorgleðin/Sólarkaffi

Verkalyðsfélagið Stjarnan

**Fólkið, fjöllin,
fjörðurinn**

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn

Safn til sögu Eyrarsveitar

10. hefti



2012

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn – Safn til sögu Eyrarsveitar 10
© 2012 Eyrbyggjar – Hollvinasamtök Grundarfjarðar
Umbrot og myndvinnsla: Skrudda ehf.
Hönnun kápu: Freyja Bergsveinsdóttir
Ljósmynd á kápu: Ragnar Th. Sigurðsson
Prentun og bókband: Ednas Print, Slóveníu

Greinar í riti þessu má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til
eða í heild, án skriflegs leyfis höfundna og útgefanda.

ISSN 1607-0747

Efnisyfirlit

Formáli	7
<i>Sunna Njálsdóttir</i> : Kvenfélagið Gleym mér ei	9
<i>Anna Njálsdóttir</i> : Átthagafélag Grundfirðinga	57
<i>Elísabet Helgadóttir</i> : Séð og heyrt í heimum tveim	62
<i>Þórunn Kristinsdóttir</i> : Verkalýðsfélagið Stjarnan	86
<i>Hreinn Ragnarsson</i> : Síldveiðar og síldarvinnsla Grundfirðinga	93
<i>Árni M. Emilsson</i> : Þar rauður loginn brann	113
<i>Ágústa Rós Árnadóttir</i> : Skákþing Íslands í Grundarfirði árið 1986	130
<i>Árni M. Emilsson</i> : Vitinn	151
Fermingarbörn 1942–2012	155
Fermingarbörn í Setbergssókn 1935–2012	163

Formáli

Kæru lesendur

Þá lítur 10. bókin í ritsafninu Fólkið, fjöllin, fjörðurinn dagsins ljós. Meðganga hennar hefur tekið lengri tíma en upphaflega var áætlað og eru margar ástæður fyrir því. Ég held hins vegar að biðin hafi borgað sig. Efni bókarinnar er margþætt og víða er komið við að þessu sinni og vona ég að lesendur hafi bæði gagn og gaman af.

Það er mikilvægt að við höldum til haga endurminningum þeirra sem komnir eru á efri ár og eiga sér minningar frá ungdómsárum bæjarfélagsins Grundarfjarðar og þekkja þá tíma þegar Eyrarsveitin beggja vegna þéttbýlisins var þéttsetin af bændum og búaliði og hvernig lífsskilyrði fólksins sem byggði sveit og bæ voru á annan hátt en í dag.

Það er því miður hætt á að mikilvægur fróðleikur af liðnum tíma úr bænum, sveitinni og af fólkinu sem þar bjó og býr enn, týnist og gleymist, ef ekki er gripið til þess að skrá hann niður eða á annan hátt að festa í geymsluhæfu formi sem fyrst. Oft er því þannig farið að þótt fólk hafi áhuga á að segja frá ýmsu sem á daga þess hefur drifið og vissulega væri vert að festa á blað, hefur það ekki kjark til að skrasetja það sjálf.

Ég hef í nokkurn tíma látið mig dreyma um að stjórnendur bæjarfélagsins eða einhverjir sem hefðu aðstöðu til, byðu fólki að koma saman á góðum stað um það bil einu sinni í mánuði til að rifja upp liðna tíma og segja sögur af núlífandi og horfnum samferðarmönnum. Samræður þessar og upprifjanir væru teknar upp á þar til gerðan búnað. Eftir úrvinnslu efnisins gæti það

t.d. ratað í bók sem þessa. Ég hef sjálf orðið vitni að því þegar þrír eða fleiri einstaklingar úr bæjarfélaginu sitja saman og byrja að ræða tíma frá skólaárum eða úr daglegu amstri fyrri tíðar. Þær samræður verða oft fjörugar og að sama skapi mjög fróðlegar.

En svo við víkjum aftur að útgáfu þessarar bókar þá langar mig að þakka þeim sem hafa lagt gjörva hönd á plóg svo unnt væri að koma henni út. Meðstjórnendum mínum í stjórn Eyrbyggja, þeim Hermanni Jóhannessyni, Jóhönnu Beck Ingibjargardóttur, Atla Má Ingólfssyni, Ástu Mósesdóttur og ritstjóranum Árna Emilssyni fyrir mikið og óeigingjarnt starf við ritun og öflun efnis. Þá vil ég sérstaklega þakka þeim sem lögðu á sig vinnu við að semja og skrasetja það efni sem er í bókinni, Ragnari Th. Sigurðssyni fyrir fallega forsiðu og Inga Hans hjá Eyrbyggju – sögumiðstöð fyrir myndir og aðra aðstoð í gegnum árin.

Styrktaraðilum útgáfunnar verður seint fullþakkað, það eru styrktarsjóður Sparisjóðs Eyrarsveitar og ráðuneyti menntamála, sjávarútvegs og landbúnaðar. Án þeirra aðstoðar hefðum við ekki náð að gefa þetta rit út. Að lokum vil ég þakka bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar fyrir aðstoð við dreifingu bókarinnar, eigendum Hrannarbúðarinnar fyrir aðstöðu til geymslu heildarsafns ritraðarinnar og síðast, en ekki síst, starfsmönnum bókaútgáfunnar Skruddu fyrir alla aðstoð við útgáfu bókanna á undanförunum árum.

Ásthildur Elva Kristjánsdóttir

Sunna Njálisdóttir

Kvenfélagið Gleym mér ei

Eyrarsveit nær frá Búlandshöfða á norðanverðu Snæfellsnesi inn í botn Hraunsfjarðar. Tveir firðir, Grundarfjörður og Kolgrafafjörður, skerast inn í landið og upp af þeim botnar, dalhvilftir þar sem áður lágu um þjóðleiðir. Útsveit er kölluð frá Búlandshöfða inn í þéttbýlið í Grundarfirði sem áður hét Grafarnes. Framsveit er á skaganum milli fjarðanna tveggja og innsveit nær inn að Hraunsfjarðarbotni.

Byggðin liggur enn með sjónum og stunduðu íbúar Eyrarsveitar búskap og sjóinn samhliða frá öndverðu. Saga Kvenfélagsins Gleym mér ei er á margan hátt lík sögu annarra kvenfélaga á landinu. Sérstaða þess liggur í því að starfið og hugðarefnin voru samtvinnuð breyttum atvinnuháttum og fólksflutningum innan sveitarinnar. Byggður var nýr bær þar sem allt vantaði, hús, vegi, höfn og þjónustu. Þegar litið er yfir söguna sem hér fer á eftir sést að konurnar eiga mikinn þátt í öllum þeim framförum sem viðkoma samfélagsmálum. Þær áttu greiða leið að ráðamönnum í sveitinni og er það þeim til hróss að hafa oftast brugðist lipurlega við ábendingum og tillögum kvenfélagskvenna.

Samkvæmt manntali 1910 bjuggu rúmlega 450 manns í sveitinni. Þá voru 10 íbúar skráðir til heimilis í Framnesi sem stóð þar sem nú er hafnarsvæðið en 1920 heitir húsið Grafarnes og þar bjuggu þá 9 manns. Húsið var seinna nefnd Neshús og byggði þau Jóhannes Jónsson 1906–1910. Þar var einnig lítilsháttar verslun (1: s. 52–53). Þess má geta að upphaf verslunar er miðað við 1907. Bókasafn var stofnað í sveitinni 1923 (14: s. 113).

1932–1941

Íbúar í manntali 1930 eru 394, þar af 65 í þéttbýlinu á Kvíabryggju. Þar hafði hver bær sitt nafn og fólk bjó með örfáar kýr og kindur og fyrirvinnurnar sóttu sjóinn. Á Kvíabryggju var ekki bryggja eða viðlegukantur. Bátarnir voru teknir upp í fjöruna eins og tíðkaðist á Íslandi alla tíð.

Í Grafarnesi voru þrjú heimili (17), Fagurhóll, Götuhús og Ós með 13 íbúa. Þá virðist ekki vera búið í Neshúsum. Sólvellir bættust við 1931 og Lengja 1933 (1: s. 53). 15 heimili voru í útsveit og 40 í framsveit. Farskóli var í sveitinni árin 1909–1945 og kennt á ýmsum bæjum (4: s. 47–49). Kaupfélag Stykkishólms byrjaði verslun í Nesinu fyrir 1940 (9: s. 85). Ungmennafélag Eyrarsveitar var stofnað 1933 og Slysavarnadeildin Snæbjörg 1931.

17 vélbátar voru gerðir út í Eyrarsveit 1932 (5: s. 89) og fyrsta vöruflutninga-bifreiðin kemur í Grundarfjörð 1936 (8: s. 79). Engir vegir voru í sveitinni eða út úr henni, aðeins slóðar fyrir fólk og hesta.

Þannig var sviðið þegar frú Ingveldur Sigmundsdóttir, kennari á Hellissandi, lagði það á sig að fara riðandi fyrir Ólafsvíkurenni og Búlandshöfða og alla leið inn í Grundarfjörð til að stofna kvenfélag. Kvenfélagið Gleym mér ei var stofnað sunnudaginn 10. júlí 1932 í Þinghúsinu að Grund. Árgjald var ákveðið 3 kr. Minnst félagið ætíð þessarar mætu konu með virðingu og þakklæti eins og segir í samantekt sem frú Áslaug Sigurbjörnsdóttir gerði árið 1972 í tilefni af 40 ára afmæli félagsins.

Í manntalinu 1930 eru húsmæður og ráðskonur í sveitinni 74 og af þeim eru stofnendur félagsins 17 að tölu. Langflestar þessara kvenna fóru gangandi til funda því fáar áttu hest og ekki voru til bílar á þessum árum.

Fyrstu stjórn félagsins skipuðu þessar konur:

Guðrún Jónsdóttir, Vindási, formaður
Þórdís Þorleifsdóttir, Fornu Grund, ritari
Kristbjörg Rögnvaldsdóttir, Gröf, gjaldkeri
Ólöf Þorleifsdóttir, Hömrum, varaformaður
Jarprúður Ásmundsdóttir, Kverná, vararitari.

Í lögum félagsins segir að tilgangur þess sé að efla menningu og sjálfstæði kvenna og auka samvinnu milli þeirra. Að styðja líknar- og mannúðarstarfsemi. Að auka heimilisiðnað, garð- og blómarækt.

Konurnar voru duglegar og fyrstu árin urðu til þau verkefni sem síðar urðu burðarásar í starfseminni. Á öðrum fundi, 14. ágúst 1932, var rætt um veitingasölu í réttunum og að kaupa spunavél fyrir félagið sem allar konur hefðu aðgang að og var hún starfrækt til 1945. Spunavélin var smíðuð af Jóni Sigurðssyni í Hofgördum í Staðarsveit (22).

Á fjórða fundi í nóvember var ákveðið að hafa jólatrésskemmtun fyrir börn á þriðja í jólum með ókeypis veitingum en þangað sóttu líka foreldrar og eldra fólk. Í skýrslu 1934–1936 sést að 70–80 börn sækja jólatrésskemmtanirnar sem haldnar voru í Þinghúsinu. Áður voru jólaböll haldin í Þinghúsinu frá 1919 (7: s. 62).

Á þriðja fundi, 11. sept. 1932, var samþykkt að gefa út Minni Eyrarsveitar og selja til ágóða fyrir félagið og var samþykkt að gefa altarisklæði til Setbergskirkju ef 500 kr fengjust í hreinan ágóða af sölu þess til ársloka 1933. Það tókst og var það afhent kirkjunni fyrir jólin það ár.

Til fjáröflunar önnuðust félagskonur veitingar á skemmtunum og gáfu allt sem þurfti til. Þá voru haldnar hlutaveltur og bögglauppboð.

Fyrir Sumardaginn fyrsta var æfður Víkivaki sem þá var sýndur. Var þetta gert til að efla fjölbreytni í skemmtunum sveitarinnar eins og stendur í fundargerð.

Líknarsjóður

Kvenfélagið gekkst fyrir því að styðja við barnmörg og fátæk heimili með fatagjöfum frá félagskonum. Einnig beittu þær sér fyrir peningasöfnun ef einhver sérstök bágindi bar að höndum. Var í þessu sambandi stofnaður Líknarsjóður kvenfélagsins árið 1936 og voru árlega veittir úr honum styrkir til bágstaddra.



Spunavél í Ólafsdal.



Kvenfélagskonur í Eyrarsveit. Myndin er tekin að Hömrum 23. júlí 1939. Efsta röð frá vinstri: Kristín Þorleifsdóttir, Hömrum, Guðrún Elisadóttir, Eiði, Steinunn Þorsteinsdóttir, Kverná, Halldóra Jóhannsdóttir, Gröf, Halla Halldórsdóttir, Spjör, Jarþrúður Pálsdóttir, Hömrum, Sesselja Gísladóttir, Götuhúsi. Miðröð frá vinstri: Margrét Gísladóttir, Fagurhóli, Herdís Gísladóttir, Hellnafelli, Guðríður Sigurðardóttir, Hálsi, Valgerður Skarphéðinsdóttir, Kirkjufelli. Neðsta röð frá vinstri: Lilja Elisadóttir, Eiði, Kristbjörg Rögnvaldsdóttir, Gröf, Ólöf Þorleifsdóttir, Hömrum, Hólmfríður Halldórsdóttir, Setbergi, Þórdís Þorleifsdóttir, Fornu-Grund, Kristín Runólfsdóttir, Búðum.

Til dæmis á fyrsta ári líknarsjóðsins voru tveimur gamlmennum gefnar 30 kr. til að leita sér lækninga og einni félagskonu 50 kr. vegna veikinda mannsins hennar þann vetur. Þetta voru miklir peningar í þá daga því árlegt framlag hverrar konu í líknarsjóðinn var aðeins ein króna. En konur voru útsjónarsamar, keyptu meðul og seldu aftur, t.d. lúsameðal og ópíumdropa fyrir ljósmóðurina. Prentuð voru minningarspjöld og einnig haldnar skemmtanir stöku sinnum. Á mæðradaginn 1936 var mæðrablómið selt til ágóða fyrir Líknarsjóðinn sem starfræktur var til 1961.

1938 var keyptur leguhringur (útblásinn gúmmíhringur undir rass), sjúkradúkur, rúmfatnaður og sjúkrapottur (bekken). Þessa muni fengu konur lánaða þegar þannig stóð á, sérstaklega í sængurlegum.

Garðrækt

Eins og segir í lögnum er félaginu ætlað að auka garð- og blómarækt. Skipuð var nefnd um garðrækt 1936 og skyldi safna í sjóð til að efla garðrækt í sveitinni.

Þetta fyrsta sumar gáfu margar konur undirvöxt úr 8 fermetra beði, samtals 150 kg. 25. maí 1937 var félaginu boðinn garður, unninn og afgirtur. Líklega var þetta sami garður og vitað er að ræktað var í fyrir kvenfélagið. Hann er í Melgerði sem er sunnan við túnlækinn í Suður-Bár, niður við sjó. Sett var niður en uppskera svo rýr að ekki þótti rétt að halda áfram með því sniði. Samþykkt var að konur gæfu frekar uppskeru úr beðparti þar sem þær ættu hægara með að hirða um hann heima hjá sér en langt í burtu. 3. júlí 1939 er sagt frá því að garðyrkjumaður muni ferðast um til að eftirlíta garðrækt. Þess má geta að konur biðu lengi eftir leiðbeinanda þessi ár og kom hann seint og um síðir.

Árið eftir að félagið var stofnað gekk það í Samband Breiðfirskra kvenna og sendi ávallt fulltrúa á fundi þess. 4. júlí 1937 hvetur Samband Breiðfirskra kvenna kvenfélagskonur til að gera skrúðgarð á gamla kirkjugarðinum á Setbergi og veitir til þess styrk að upphæð 50 kr.

Menntun

1939 var rætt um að gera við vefstóla sem gefnir voru félaginu 1933–1934. Stólarnir voru frá Helgu sálugu Sigurðardóttur í Gröf og Guðnýju Eggertsdóttur í Hálsi. Af og til kom fram áhugi á að senda stúlku í vefnaðarnám en varð ekki af. Upp úr 1940 ræddu konur um uppeldi og skólafræðslu á nokkrum fundum. 1942 var svo haldinn fundur með Ungmennafélaginu og oddvita um byggingu samkomu- og skólahúss í Grafarnesi.

1942–1951

Íbúar í Eyrarsveit samkvæmt manntali 1940 voru 379. Í Grafarnesi eru sex heimili og íbúar orðnir 21. Búið var á Fagurhóli, Grafarnesi, Götuhúsi, Lengju, Ósi og Sólvöllum. Á Kvíabryggju bjuggu 59 manns á 14 heimilum. Í útsveit voru 14 heimili en í framsveit 34. Þá voru húsmæður í sveitinni 62 og þar af 34 í kvenfélaginu.

Á áratugnum sem fór í hönd voru helstu hugðarefni kvenfélagskvenna til framfara í byggðarlaginu bygging kirkju og samkomuhúss og skóla í Grafarnesi og möguleikar á menntun stúlkna. Stækkandi þorpið var mótað jafnóðum, byggð um 40 íbúðarhús (11: s. 136–1950) og vatnsveita þorpsins lögð úr Grafargili vorið 1944 (6: s. 163). Bílum og vélum fjölgar, síminn var lagður (12: s. 117) og mjólkursala hefst til þorpsbúa um 1950 (3: s. 20). 1945 voru þrjár konur kosnar í nefnd til að sjá um hreinsun beina og annars óprifnaðar á götum bæjarins.

Áætluunarferðir í Eyrarsveit hófust kringum 1942 úr Stykkishólmi og úr Reykjavík 1947 (2: s. 171).

Á kvenfélagsfundum í byrjun árs 1996 rifjar Helga Gunnarsdóttir húsmóðir í Suður-Bár upp tíðarandann í kringum 1940:

Það var margt öðruvísi á þessum tímum er við hugsum til baka. Allur þvottur var þveginn á þvottabretti og vatn sótt í vatnsból fjarri bænum, hitað í pottum á eldavél sem kynt var með taði eða kolum þegar best lét. Það virðist í fljótu bragði hafa verið eintómt púl, fátækt og basl en það voru góðar og ljúfar stundir líka.

Hvað ætli séu margar konur hér sem muna eftir sér við að taka upp mó, flísa hann í örþunnar sneiðar og grinda hann fallega á þurru malarholti? Hreykja honum síðan í fallega bulunga er hann var orðinn vel þurr. Þá var eftir að keyra hann heim í hestakerru. Þá var það versta eftir, að kasta mónum í geymslu svo að vel rúmaðist. Það var óprifalegt starf.

Og þá held ég að ullarþvotturinn á vorin hafi verið ógleymanlegur. Þá var kveikt undir stórum tunnupotti á hlóðum við rennandi læk sem nauðsynlegt var að hafa til að skola ullina í eftir að búið var að þvæla henni í sjóðheistri keitu.

Keitunni var safnað yfir veturinn af heimilisfólkinu. Þá pissaði fólk í náttpott sem það hafði undir rúmi og hellti svo í stóra tunnu sem höfð var á afviknum stað. Lyktin sem komin var af þessum legi á vorin var ógleymanleg. En þetta var góð sápa á ullina. Hún varð alveg drifhvít og hefur áreiðanlega verið kvenfélaginu til sóma er það gaf ull til bágstaddrá í Danmörku 1944.

Ullin var í þá daga send í Álafoss sem gerði úr henni lopa. Spunavélin var mikið notuð og 1936 var allur lopi félagskvenna (sem þá voru 32) spunninn í henni, samtals

240 kíló. Ég man eftir spunavélinni á Hömrum í stórum sal í kjallaranum. Sennilega mælist hann nú ekki nema 12 fermetrar!

Guðmundur á Hallbjarnareyri var þá spunameistari, var þá nýtrúlofaður og leigði á Hömrum. 1945 var ákveðið að selja spunavélina eftir 12 ára spunastarf í sveitinni.

Frá byrjun fimmta áratugarins gekkst kvenfélagið fyrir skemmtun sem fyrst var haldin í þinghúsinu og nefnd hjónasamkoma og síðar hjónamót. 1945 kostaði 20 kr inn fyrir parið. Seinna nefndist hún árshátíð og færðist inn í Samkomuhúsið.

Réttarkaffi var fastur liður í fjáröflun. 1942 var Slysavarnafélaginu látið eftir að selja veitingar í réttunum. Á aðalfundi 29. maí 1944 kemur beiðni frá formanni slysavarnafélagsins um að kvenfélagskonur aðstoði við bakstur og frammistöðu á sjómannadaginn sem var samþykkt. Aftur sáu þær um veitingar 1951 og í apríl 1960.

19. jan. 1949 var samþykkt að halda skemmtun á fyrsta degi í Þorra. Á sama fundi var ákveðið að ágóði af basar og hjónasamkomu skyldi renna til UMFG til að kaupa tjöld fyrir leiksviðið í Samkomuhúsinu.

Í heimsstyrjöldinni 1939–1944 var víða neyð í Evrópu. Þá var fyrst veittur styrkur út fyrir landsteinana. Peningaupphæð var gefin í Noregssöfnunina 1943 og ull send til Danmerkur 1944. Árið 1948 söfnuðu kvenfélagskonur fötum og gáfu til barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna ásamt 1.000 krónum. Aðföng hafa verið erfið á þessum árum. Kringum 1950 bauðst konum í kvenfélögum kringum Breiðabjörð að panta tvist (til vefnaðar) og pressuger hjá Sambandi Breiðfirskra kvenna og seinna útvegaði stjórn kvenfélagsins konum sníðapappír.

Á fundi kvenfélagsins 9. des. 1946 lýsti formaður Ólöf Þorleifsdóttir því yfir að Sesselja Gísladóttir væri gerð að heiðursféлага í Kvenfélaginu Gleym mér ei. Bæði væri hún ein af stofnendunum og elst kvenfélagskvenna. „Var því tekið með fögnuði og henni þakkað félagslyndi og óskað allra heilla“ eins og segir í fundargerð.

10. des. 1944 var fyrst talað um að selja spunavélina en tilboð hafði borist í hana. Spunavélin var nokkuð dýr í rekstri. Gert var við vélina 1940 og keyptar í hana nýjar spólur. Gjaldið sem tekið var fyrir spunann stóð ekki undir kostnaði en til hennar þurfti olíu sem var dýr. 1936 samþykktu konur að leggja til

olíu, hver fyrir sig, auk þess sem gjaldið fyrir hvert ullarkíló var 15 aurar. Það hækkaði í 50 aura 1941. Þá um haustið voru spunnin 214 kg.

Kirkjan

1945 var keypt orgel fyrir skólann og guðspjónustuhald í Samkomuhúsinu. Tillegg kvenfélagsins var 1.800 kr. Það var tekið í notkun í desember 1946. (Talið vera í Setbergskirkju: Jóhanna Halldórsdóttir). Sama ár gaf kvenfélagið hökul til Setbergskirkju og 15 feringarkirtla árið 1954.

13. feb. 1947 var samþykkt að setja 1000 kr í stofnsjóð fyrir fyrirhugaða kirkjubyggingu í Grafarnesi. Skemmtanir voru haldnar 1. des. 1946, 1947, 1949, 1951 og sumarskemmtun 1948 til ágóða fyrir bygginguna. Af og til voru keyptir happdrættismiðar fyrir kirkjusjóðinn.



*Frá helgistund í
Samkomuhúsinu.
Vinnuflokkur
kirkjunnar 1962.
Ljós.: Guðbjartur
Jónsson.*

Menntun

Frá stofnun félagsins 1932 var oft rætt um þörf á saumanámskeiði. Það fyrsta var haldið 1942. Annað saumanámskeiðið var lengi í burðarliðnum. Aldrei fékkst nóg þátttaka og var sótt um styrki til þess að auðvelda konum að taka þátt en kostnaðurinn varð 5.500 kr þegar það var loks haldið veturinn 1951–1952.

Bæði saumanámskeiðin voru mjög vel sótt og voru til mikils gagns fyrir félagskonur.

Priðja saumanámskeiðið var haldið í Samkomuhúsi Grundarfjarðar 1963.

Menntun fyrir stúlkur var ekki fjölbreytt. Heima í héraði reyndu kvenfélögin að mennta konurnar með námskeiðum og senda stúlkur á námskeið eins og vefnaðarnám.

Kvennaskólar voru víða um land og sá sem næst stóð var Kvennaskólinn á Staðarfelli. Árið 1943 hvatti Samband Breiðfirskra kvenna kvenfélögin í sýslunni til að leggja fram beiðni um að byggður verði kvennaskóli á Snæfellsnesi. Málið var rætt á fundum félagsins af og til frá 1944 til 1951 en ekki varð af framkvæmdum.

1952–1961

Íbúar sveitarinnar samkvæmt manntali 1950 voru 391. Árið 1950 voru 47 heimili í Grafarnesi og íbúar orðnir 229. Íbúar á Kvíabryggju voru ýmist fluttir inn í Grafarnes eða suður. Í útsveit voru átta heimili en í framsveit 24.

Fyrsta brúin var byggð yfir Kverná 1952 (2: s. 172), Mjósundabruin var tekin í notkun 1961 og vegurinn um Búlandshöfða 1962 (15: s. 38–39).

Félag nokkurra Grundfirðinga keypti Verslun Sigurðar Ágústssonar 1954 (9: s. 85) og Verslunarfélagið Grund var stofnað 1954 (1: s. 87). Kaupfélag Grundfirðinga keypti byggingar Kaupfélags Stykkishólms og hóf verslun 1961 (9: s. 89).

Sjúkrasamlag Eyrarsveitar 1951 og Sparisjóður Eyrarsveitar var stofnaður 1954 (13: s. 55). Ný verbúð var byggð 1957 (1: s. 74) og sorp var fyrst hirt skipulega 1958 og frárennslisleiðsla er á dagskrá hreppsnefndarfundar í júlí það ár (14: s. 51).

Skógræktarfélag Eyrarsveitar var stofnað árið 1960 en lognaðist fljótlega út af en var endurvakið haustið 1986.

Húsmæður í sveitarfélaginu voru 72 og þar af voru 37 í kvenfélaginu.

Enn var kirkjubyggingin, bygging nýs barnaskóla og matjurtarækt konunum hugleikin. Heilsugæsla, löggæsla, skógrækt og tómstundir ungmenna brenna á konum og barnaleikvöllur var kominn á dagskrá.

Fundir voru heima hjá félagskonum og byrjuðu á því að sunginn var sálmur. Frá 1952 var ráðgert að hafa fundi einu sinni í mánuði og skemmtanir sömu leiðis með gömlu dönsunum og skemmtiatriðum. Þetta ár voru keypt bollapör og fleiri áhöld til veitinga.

Árið 1955 var ákveðið að kaupa plötuspilara og plötur og fá UMFG til að taka þátt í því en Kvenfélagið og Ungmennafélag Grundarfjarðar stóðu fyrir skemmtunum í Grafarnesi á þessum árum. 1961 kemur fram í fundargerð að ekki sé talið hagstætt að eiga vatnsglös og dúka með öðrum og skápaleysi standi í vegi fyrir því að kaupa matarílát.

9. des. 1956 var fyrsta bréf af sex í félagsmálum og fundarstjórn frá Bréfaskóla Kvenfélagsambands Íslands lesið og rætt. Þessu héldu konur áfram reglulega fram til 1961.

Í fundargerð 30. maí 1957 er kvartað yfir ófriði af völdum áfengisdrykkju sem konur þurfa að þola við kaffiveitingar á skemmtunum. Biður kvenfélagið hreppsnefnd að skora á dómsmálaráðuneytið að útvega lögregluþjón yfir vetrarmánuðina.

7. des. 1958 kemur fram í fundargerð að óheppilegt sé að hafa kakó og kökuveitingar á jólaskemmtunum sökum þrengsla og ófullnægjandi aðstæðna í Samkomuhúsinu. Það var þó ekki fyrr en á fundi 4. des. 1960 sem ákveðið var að hafa smápoka með sælgæti og smákökum sem kvenfélagskonur útbjuggu í staðinn. Árið 1962 er ákveðið að skipta barnahópnum í eldri og yngri.

Í desember 1959 var í fyrsta sinn haldinn basar einn laugardaginn fyrir júl ásamt kaffisölu og rjómapönnukökum. Um kvöldið var félagsvist, happdrætti og dansskemmtun. Basardagurinn varð árlegur og þessi árin fór ágóði þessara skemmtana í barnaleikvöllinn.

Guðríður Sigurðardóttir lagði til að haldinn skyldi árlega skemmti- og kynningarfundur kvenfélagsins sem öllum konum sé boðið á. Nefndist hann seinna Góugleði.

Góugleðin var árlegur skemmti- og kynningarfundur kvenfélagsins sem öllum konum var boðið á.

Dagskrá 1. fundar á konudaginn 22. febrúar 1959.

1. Formaður setur fundinn. Þýður félagskonur og gesti velkomin.
2. Sunginn sálmur „Þú Guð sem stýrir stjarna her“.
3. Guðríður Sigurðardóttir gerir grein fyrir tilgangi þessa skemmtifundar.
4. Lesin fundargerð síðasta fundar.
5. Gjaldkeri gerir grein fyrir síðustu skemmtun kvenfélagsins.
6. Sungið „Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur“.
7. Elísabet Helgadóttir hefur frásögupátt og syngur tvennar gamanvísur.
8. Sungið „Ó fögur er vor fósturjörð“.
9. Baðstofupáttur eftir Jófríði Kristjánsdóttur.
10. Sungið „Nú blikar við sólarlag“.
11. Söngur með gítarundirleik.
12. Ferðasaga. Áslaug Sigurbjörnsdóttir.
13. Sungið „Ég vil elska mitt land“.

Kaffidrykkja, spilað á spil og dansað. Fundi slitið og sungið „Ísland ögrum skorið“.

Dagskrá 10. fundar 17. mars 1968.

1. Formaður setur fundinn. Þýður félagskonur og gesti velkomin.
2. Sungin tvö fyrstu versin af sálmi 315, „Hve sælt er sérhvert land“ (fjölritað).
3. Ritari les upp síðustu fundargerð (samþykkt).
4. Lesin starfsskýrsla kvenfélagsins fyrir 1967.
5. Orðið laust.
6. Almennur söngur. „Ég vil elska mitt land“ og vorljóð „Þegar ljúft um haf og löndin“ (fjölritað).
7. Ferðapáttur: Guðríður Sigurðardóttir segir frá för sinni til Englands, Frakklands og Spánar á síðastliðnu hausti.
8. Upplestur: Smásaga „Ég á þig ef ég næ þér“ (Ólög Pétursdóttir).
9. Tískusýning. Konur sýna tískubúninga frá ýmsum tímum. Vísur um tískauna eftir Báru Pétursdóttur lesnar um leið. Kynnir er Ólög Pétursdóttir.

10. Einsöngur: Gamanvísur eftir Valgerði Haraldsdóttur o.fl. (Elísabet Helgadóttir).
11. Leikþáttur: Misskilningur á sjúkrahúsi eftir Elnu Bárðarson. Leikur: Elna Bárðarson, Marta Böðvarsdóttir og Áslaug Sigurbjörnsdóttir.
12. Harmonikkuleikur og dans. Karl Færeyingur.
13. Fundi slitið, þökkuð samveran og sungið „Ó fögur er vor fósturjörð“.

Góugleði

Nú halda konurnar góugleði
gnægð er af öllu, það höfum við séð.
En, hafið þið skilið hvað lágt þær lúta
að leyfa karlagreyjunum með.

Það er nú það, á ýmsu gengur
slíkt ætti að muna hver vaxinn sveinn
að konan er ekki loksins lengur
litla núllið á bak við einn.

Valgerður Haraldsdóttir

Líknarsjóður

Þann 9. júní 1952 er lögð fram tillaga um að leggja Líknarsjóðinn niður og setja inneignina í kirkjubyggingarsjóð. Það var ekki samþykkt. 30. jan. 1955 var ákveðið að halda honum við með því að leggja í hann 2 kr af árgjaldi hverrar konu. Það hækkaði í ¼ árgjalds á fundi 11. mars 1956.

22. jan. 1961 var lagt til að 2000 kr. afgangur í sjóðnum færi til söfnunar Rauða Koss Íslands vegna hungursneyðar í Kongó í Afríku. Skyldi svo leggja sjóðinn niður.

Garðrækt

15. feb. 1953 var skipuð nefnd til að skipuleggja garð fyrir félagskonur til ræktunar matjurta. Tekinn var á leigu garður sumarið 1953 og var uppskeran um haustið 35 þokar af kartöflum. Árið eftir var ákveðið að veita konum aðgang að

garðinum fyrir ákveðið gjald og þær sjái um að rækta 50 kg af kartöflum fyrir kvenfélagið. Garðlandið var orðið baggi á félaginu 1958 og var girðingin utan um matjurtagarðinn seld á 1.500 kr.

17. apríl 1955 var ákveðið að sækja um styrk í sýslusjóð til trjáræktar og að panta trjáplöntur. Um sumarið var unnið að gróðursetningu trjáplantna í kirkjugarðinum.

11. mars 1956 var gerð áætlun um trjárækt og ákveðið að fá UMFG og búaðarfélagið til liðs við kvenfélagið. 27. maí var búið að fá leyfi sóknarnefndar til að setja niður í gamla kirkjugarðinn á Setbergi. Ekki hefur það gengið eftir því í fundargerð er sagt frá því að gróðursett hafi verið 100 tré að Kverná til bráðabirgða.

Í byrjun árs 1958 er enn rætt um gamla kirkjugarðinn að Setbergi.

Á fundi í apríl 1961 var rætt um samvinnu kvenfélagsins og skógræktarfélagsins (stofnað 1961) um skógarreit í Setbergislandi og helst annan í nágrenni Grafarness.

Kirkjan

Greinilegt er að félagskonum er það hugleikið að koma upp kirkju í Grafarnesi. 24. maí 1959 er stofnskrá kirkjumunasjóðs samþykkt að tilhlutan Guðríðar Sigurðardóttur. Í fundargerð 1960 kemur fram að vænst sé 15 ungra manna og



Matráðskonur kirkjubyggingarfólksins. Kristín Runólfsdóttir á Búðum og Guðríður Sigurðardóttir. Ljós.: Guðbjartur Jónsson.

*Hraustlega tekið
til matar síns.*



kvenna frá ýmsum þjóðum auk fjögurra til fimm Íslendinga til kirkjubýggingar í sjálfboðavinnu (16: s. 71–77). Kvenfélagskonur tóku að sér matseld fyrir hópinn.

Eldhús og stofa í húsi Jóns Kristjánssonar frá Móabúð var fengið til afnota. Framlag kvenfélagsins varð 13 þúsund, þar af 6 þúsund króna framlag í matargjöfum og vinnu. Þessi ár var safnað bæði peningum og gjafadagsverkum og Kjartan Ásmundsson gullsmiður sendi af og til hluti á basar kvenfélagsins sem árið 1966 fær 30 gullhringa til að selja til ágóða fyrir kirkjubýgginguna.

Minni Eyrarsveitar var endurprentað árið 1963.

Unga fólkið

Um 1960 verður í fundargerðum félagsins vart áhyggna af börnum og unglingum og hvernig þau geti nýtt tómstundir sínar til góðs. Í janúar 1961 var stungið upp á danskennslu fyrir kvenfélagskonur og unga fólkið í sveitinni. Það er loksins í febrúar 1962 að haldið er dansnámskeið sem Rigmor Hansen annaðist á vegum félagsins.

Lagt var til að hafa námskeið fyrir konur haustið 1961 til að laða unga fólkið að heimilunum t.d. með föndri. Varað er við því haustið 1962 að unglingar undir 16 ára aldri sæki dansleiki. Eitthvað verði gert við þeirra hæfi t.d. með danskennslu og stutt eftir mætti við tómstunda- og unglingastarf.

Barnaskólinn var vígður 6. jan. 1962 (4: s. 47–49). Í desember árið áður gaf kvenfélagið skólanum píanóhljóðfæri að verðmæti 5000 kr. Var þá búið að fella niður tolla af hljóðfærinu.

Haustið 1961 voru 5000 kr lagðar til píanókaupa fyrir Samkomuhúsið ásamt hreppnum, Ungmennafélaginu og hljómsveitinni. Þessi hljóðfæri voru enn í notkun 2012.

Heilsugæsla

1956 gekkst félagið fyrir því að fá leigt herbergi fyrir lækninn sem fengist til að koma hálfsmánaðarlega í almennar læknisvitjanir. Var fé úr Líknarsjóði varið til kaupa á nauðsynlegum hlutum í herbergið.

Á fundi 24. feb. 1957 var stungið upp á að kaupa ljóslækningataeki fyrir skólann.

1962–1971

Árið 1960 voru íbúar 542, þar af 391 í Grafarnesi á 85 heimilum sem hefur fjölgað um hátt í 40. Heimili í útsveit voru 12 og 23 í framsveit. Húsmæður voru 118, þar af rúmlega 80 í kvenfélaginu.

Barnaskóli var nýrisinn og gæsluvöllur og kirkja voru hugleikin kvenfélagskonum allan áratuginn. Þær voru óþreytandi að benda hreppsnefnd á ýmis atriði sem betur máttu fara fyrir íbúana s.s. heimilihjálp, heilsugæslu og girðingu kringum þorpið.

Hjónaklúbburinn var stofnaður 1965 og Ungmennafélagið hélt uppi íþróttastarfi og stóð fyrir skemmtunum til ágóða fyrir starfið.

Safnaðarheimilið var fullbúið 1967. Fram að því var komið saman í heima-húsum. Í maí 1967 tekur Guðríður Sigurðardóttir þó á móti fundarkonum í nýju símsstöðinni en í fundargerð árið áður kemur fram að gamla símsstöðin sem jafnframt var heimili hennar brann. Fundir kvenfélagsins voru haldnir í Safnaðarheimilinu þegar það var fullbúið. Þá var aðeins boðið upp á molasopa í lok funda. Á hverjum tíma var einstaka eiginmaður kvenfélagskvenna boðinn og búinn að hjálpa til við undirbúning og frágang og þóttu þeir mikil gersemi. Kalli Færeyingur spilaði oft undir á fundum og skemmtunum og varð



*Sveipmynd
úr þorpínu
1962. Ljósma.:
Guðbjartur
Jónsson.*

einn af sérlegum vinum kvenfélagsins. Seinna tók Niels Friðfinnsson við þeirri þjónustu.

Ýmislegt skemmtilegt var gert á fundum. Í apríl 1966 komu tvær stúlkur frá Ástralíu (Beverly Stagott) og Nýja Sjálandi (Jan Simes) sem hér unnu í fiskvinnu og sögðu frá heimalöndum sínum í máli og myndum og túlkaði presturinn.

Fundargerðir eru góðar heimildir og mikilsvert að vanda til þeirra. Hér er ein starfsskýrsla sem sýnir hvað konur hafa verið duglegar á þessum tíma eins og þær eru enn.

Starfsskýrsla Kvenfélagsins fyrir árið 1966

Átta fundir haldnir á árinu, þar af einn skemmti- og kynningarfundur auk aðalfundar.

Basardagurinn var haldinn 4. des. með sölu á basarmunum, kaffisölu og happdrætti. Hjónamót og barnajólatrésskemmtanir um jólin. Dansleikir voru haldnir í mars, maí, júlí og nóvember. Efnit var til hlutaveltu í september. Farið var í tveggja daga ferðalag norður á Strandir í júlí. Tveir fulltrúar fóru á sam-

*Kvenfélagskonur:
Ólöf Þorleifsdóttir,
Elísabet Helga-
dóttir og Guðríður
Sigurðardóttir.
Ljós.: Sögu-
miðstöðin.*



bandsfund Kvenfélagasambands Snæfellsnes-og Hnappadalssýslu sem haldinn var í Stykkishólmi. Það var fyrsti fundur KSH. Seld 17. júní merki til ágöða fyrir barnaleikvöllinn. Snyrtinámskeið haldið í júlí. Séð um kaffiveitingar við



Í stórafmæli hjá Ólöfu Þorleifsdóttur á Hömrum. Standandi f.v.: Guðríður Sigurðardóttir, Guðrún Árnadóttir, Elsa Árnadóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir, Áslaug Sigurbjörnsdóttir, Hörður Pálsson, Guðbjörg Kristjánsdóttir, Gísli Karel Elísson, Helga Þóra Árnadóttir, Bára Pétursdóttir, Rósa Amundadóttir, Ragnheiður Ásgeirsdóttir, Rósa Árnadóttir, Dóra Haraldsdóttir og Björk Guðlaugsdóttir. Sitjandi f.v.: Elna Bárðardóttir, Guðlaug Guðmundsdóttir, Ólöf Þorleifsdóttir og Sigríður Pálsdóttir.

kirkjuvígluna. Keypt 60 bollapör, 150 kökudiskar, 150 teskeiðar og 10 sett af sykurkörum og mjólkurkönnum. Gefin eldhúsinnrétting, eldavélarhella og stálvaskur í eldhús Safnaðarheimilisins. Gefin leiktæki á barnaleikvöllinn. Gefnir stólar í Grundarfjarðarkirkju og nylonteppe á gólfið. 17 konur gengu í félagið á árinu.

Þorpið

Vorið 1962 skrifar kvenfélagið hreppsnefnd bréf um að halda upp á 17. júní og að unnið verði að því að koma upp fánastöngum í Grafarnesi til að geta flaggað á tyllidögum. Lagði félagið fram fé til að kaupa fánastöng fyrir barnaskólann árið eftir.

Árin 1970 og 1971 þykir margt í ólestri í þorpinu. Ópolandi sé „að hafa hesta rótandi í sorptunnum allan ársins hring og þar að auki óþrifnaðinn sem fylgir ágangi skepna á götum og lóðum“. Skorað er á hreppinn að girða þorpið og var byrjað á því verki haustið 1971. Þá beinir félagið þeim tilmælum til hreppsnefndar „að hún, í samráði við lögregluþjón staðarins, reyndi að koma í veg fyrir að börnin væru að renna sér á sleðum innan um bílana á götunum enda hefur legið við slysum þegar börnin hafa komið á fljúgandi ferð niður Eyrarveg og Borgarbraut og yfir Grundargötuna“.

25. okt. 1971 var bréf sent eigendum kvöldsölustaða og skorað á eigendur þeirra að selja eingöngu um lúgu á kvöldin til að koma í veg fyrir hangs barna og unglunga fram eftir kvöldi og að bannað sé að skrifa hjá þeim. Emil Magnússon svarar bréfinu og kveðst þegar hafa tekist á við flest þessi atriði. Hann hafði reynt lúgusölu en hún sé óhagstæð vegna veðurfars og óþrifnaðar utanhúss og svari ekki þörfum sjómanna.

Í bréfi til hreppsnefndar er bent á að börn undir 12 ára eigi ekki að vera úti eftir kl. átta á kvöldin. Einnig sé misræmi í útivistartíma barna í miðskóla Grundarfjarðar en 3. bekkur megi vera úti lengur en yngri bekkirnir sem aðeins megi vera út til kl. tíu og var þetta snarlega samræmt af hreppsnefnd.

Í bréfi til hreppsnefndar sama haust lýsir kvenfélagið tilgangslausum akstri að næturlagi sem „valdi óeðlilega mikilli truflun á svefnrö þorpsbúa og skorar á hreppsnefndina að finna ráð til úrbóta t.d. með því að herða á eftirliti með að útbúnaður bíla sé löglegur, koma í veg fyrir bílflaut eftir miðnætti og ólöglegan aksturshraða. Vænta konur þess að röggsumlega sé á þessum málum tekið.“ Á

næsta fundi kvenfélagsins kom fram að ökuþórar hljóðkútslausu bílanna höfðu hægt svo mikið á sér að eftir var tekið.

28. feb. 1970 kemur fram að Mjólkurstöðin hefur fengið lengri opnunartíma að óskum kvenfélagsins. Beðið var um kl. 9:30–12:30 og 14–18. Ekki fékkst tím-inn í hádeginu og á að ítreka hann. Á næsta fundi, 18. mars, var ákveðið að senda verslunareigendum ósk um að opið verði í hádeginu til kl. 12:30 til hags-bóta fyrir vinnandi húsmæður.

Dagur aldraðra var fyrst haldinn 1966 með messu í nýrri Grundarfjarðar-kirkju, með kirkjukaffi og skemmtiatriðum í Safnaðarheimilinu. Á fundi 20. jan. 1967 var samþykkt að „tileinka fullorðnu fólki, 65 ára og eldra, einn sunnu-dagseftirmiðdag og bjóða því í kaffidrykkju og hafa einhver skemmtiatriði“. Var því fram haldið í mörg ár.

Og á vurfundi 1. maí 1970 stingur Guðríður Sigurðardóttir upp á að kven-félagið leggi til að kona verði tilnefnd í skólanefndina.

Skemmtanir

Hjónamót sem hófust 1958 með kaffiveitingum og dansi á eftir héldu áfram frá 1970–1978 sem árshátíð kvenfélagsins og var farið að bjóða upp á mat á undan dansleiknum. Grímudansleikir voru í kringum 1965 og almennir dansleikir voru algengir fyrri hluta áratugarins og gjarnan miðaðir við vertið sjómanna.



Jólaball í Samkomu-húsinu 1961. Ljós-: Sögu-miðstöðin.

Árið 1967 var kostnaður vegna dansleikja orðinn það mikill að lagt var til að hætta fjáröflun með þeim og snúa sér frekar að sölu kaffiveitinga.

Í mörg ár lánuðu Bæring og Guðbjartur Cecilssynir jólatré og ljósaseríur sem þeir settu upp í Samkomuhúsinu, kvenfélaginu að kostnaðarlausu. Árið 1970 voru keyptar seríur og gervijólatré og þeim bræðrum þakkað fyrir tryggja aðstoð með tré og seríur í mörg ár. Jólin 1962 voru orðin mikil þrengsli á jólaballinu og ákveðið að skipta barnahópnum í eldri og yngri. Ekki dugði það lengi og var honum þrískipt um 1970.

Sjómannaðagskaffi var í Safnaðarheimilinu 26. apríl 1963.

Skrúðgarður

Árið 1965 hélt umræðan um garðrækt áfram. Bréf var sent hreppsnefnd 3. des. 1965 með eindregnum tilmælum um að gera garðland í námunda við þorpið og möguleika á starfrækslu skólagarða fyrir börn og stungið upp á staðsetningu í Gröf.

Einnig að skipuleggja þurrka og lagfæra svæðið fyrir neðan Grundargötu svo að þar mætti koma upp aðstöðu með „grasflötum, götum, bekkjum og blóma-beðum“ sem gæti orðið „hentugur staður fyrir útihátíðarhöld“. Kvenfélagið var tilbúið að leggja fram fjárstyrk til verksins. 1. nóv. 1970 var bréfi hreppsnefndar um skrúðgarð svarað og hvatt til að fleiri félög komi að vinnu og umhirðu skrúðgarðs neðan við Grundargötuna. Vorið eftir var hreppsnefndin reiðubúin til að afhenda svæðið þannig að það væri tilbúið til ræktunar. Í svarbréfi kvenfélagsins kemur fram að konur treysta sér ekki til að taka að sér svo viðamikið verkefni eitt félag á staðnum. Flestar eigi þær garða sem mikið þurfi að vinna í.

Kirkjan

Grundarfjarðarkirkja var vígð 31. júlí 1966. Alls lagði kvenfélagið fram 485 þúsundir króna. Úr kirkjumunasjóði fóru 227 þúsund til kaupa á kirkjumunum, teppum, ryksugu, raflögn, veggljósum og kostnað við skrautmálun í kirkjuskipi og 114 þúsund til kaupa á sætum. Í desember 1967 var keypt orgel fyrir kirkjuna og safnaðist svo mikið að hægt var að kaupa föstuhökul og altarisbrún og bæta við nokkrum fermingarkirtlum í viðbót við þá sem voru keyptir 1954.

Frekari styrkur til kirkjunnar fólst í fastri greiðslu í nokkur ár fyrir rafmagni, hita og húsaleigu í Safnaðarheimilinu.

Skólamál

Gæsluvöllur í Þríhyrningi 1966–1979 (10: s. 50)

Á fundi 24. maí 1959 var samþykkt að bjóða hreppsfélagi Eyrarsveitar allt að 10 þúsund krónur sem framlag til byggingar barnaleikvallar í Grafarnesi til að flýta með því gangi þess nauðsynjamáls. Svarbréf barst til félagsins þar sem þess er getið að hreppsfélagið leggi 10 þúsundir á móti og sýslusjóður kr. 2000. Jafnframt var þess óskað að kvenfélagið kjósi þriggja manna nefnd til að sjá um framkvæmdir og ráðagerðir í sambandi við leikvöllinn. Kaffisala á 17. júní var notuð til ágóða fyrir barnaleikvöllinn í mörg ár.

Byrjað var á vellingum sumarið 1961 og varð hann samtals 2400 m². Það var síðan vorið 1962 sem framkvæmdir hófust fyrir alvöru og börn gátu farið að leika sér á vellingum 1963 þegar kvenfélagið keypti fyrstu leiktækin. 1965 tók kvenfélagið að sér stjórn og rekstur leikvallarins og ráðningu starfsfólks með fjárstuðningi sveitarfélagsins. Lagt var til að tvískipta barnaleikvellingum í gæsluvöll og opinn völl. Byggður var 19 m² skúr af Friðfinni Friðfinnssyni fyrir 35 þúsund kr.

Mörgu var ólokið og árlega þurfti að gera við skemmdir frá vetrinum áður. Kvenfélagið keypti viðbót við leiktækin á barnaleikvellingum og sá um rekstur hans en hreppurinn sá um fjárhagslegu hliðina. Sumarið 1979 var völlurinn opinn frá 5. júní til 17. okt. Þá um haustið opnaði Rauða kross deildin í Grundarfirði leikskóla sem kvenfélagið studdi við fjárhagslega og lagði strax til 60 þúsund krónur til kaupa á húsgögnum og lét afrakstur basarsins það ár renna til hans.

Kvenfélagskonur fylgdust með starfsemi barnaskólans, færðu honum fjölritara og keyptu pappír og stensla en fengu að fjölrita í staðinn. Árið 1965 höfðu þær áhyggjur af börnum og unglingum og vildu að meira samband væri milli heimila og skóla og haldnir foreldrafundir. Gefin var fjárupphæð í efni fyrir handavinnu- og fönðurkennslu í nokkur ár og Husquarna saumavélar 1967, fyrst eina en svo mikil þörf var fyrir aðra að hún var keypt mjög fljótlega.

Heilsuvernd

Hreppsnefndir á Snæfellsnesi fengu bréf frá Rósu B. Þorbjarnardóttur í Söðulsholti, um heimilishjálp í viðlögum í júní 1964. Hreppsnefnd Eyrarsveitar bað kvenfélagið að taka saman tölur yfir heimili sem þurfa heimilishjálp. Í svarbréfi kom fram að 23 húsmæður voru veikar í 305 daga og sængurlegur voru 23. Gréta Aðalsteinsdóttir húkrunarkona í Stykkishólmi tók að sér forstöðu hjálparstúlkna í heimilishjálp fyrir húsmæður í veikindaforföllum árið 1967 en árið 1969 höfðu hjálparstúlkur ekki enn fengist í vinnu við heimilishjálpa.

Kvenfélagasamband Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sendi kvenfélögum hvatningu um að skipulögð verði heimilisaðstoð við aldraða einu sinni til tvisvar í viku svo þeir geti verið lengur heima. Nefnd gekk í málið og sama ár, 1966, var ráðinn starfsmaður til að aðstoða þá sem vildu. Fékk kvenfélagið héraðslækninn til að koma og flytja erindi um vinnutíma húsmæðra, húsmæðranámskeið á Snæfellsnesi og um málefni aldraðra.

Árið 1965 var óskað eftir sérstökum tíma fyrir litlu börnin hjá héraðslækninum svo að mæður þyrftu ekki að bíða tímunum saman eftir að komast að og gefinn var skoðunarbekkur og svæfingatæki á læknastofuna.

Í mars 1970 barst kvenfélaginu bréf frá Krabbameinsfélagi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sem þá var nýstofnað. Var beðið um nýja féлага og fjárframlög. Hrefna Hjartardóttir var öflug í söfnun féлага og sendi 3. apríl félagsgjöld 117 kvenna kr. 17.550. Sjúkrahúslæknirinn í Stykkishólmi var ráðinn til að sjá um krabbameinsskoðun og samkvæmt fundargerðum fóru konur saman á nokkrum bílum inn í Stykkishólm í skoðun árin á eftir.

Sundlaugin

21. maí 1968 sendi hreppsnefnd Eyrarsveitar öllum félögum í Grundarfirði bréf með beiðni um að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd sundlaugarbyggingar á staðnum. Kvenfélagið stofnaði sundlaugarsjóð sem varð næsta stóra verkefnið sem safnað var fyrir næstu árin. Minningargjöf um Snorra Elisson frá Vatnabúðum og eftirlátnar eigur Ingimundar Gíslasonar frá Bakka voru gefnar í sundlaugarsjóð kvenfélagsins 27. nóv. 1971, samtals 110 þúsund krónur. Brottfluttur Eyrarsveitungur, Helga Elisdóttir á Hellissandi, gaf peninga til

minningar um foreldra sína, Vilborgu Jónsdóttur og Elis Gíslason í tilefni af því að 100 ár voru þá liðin frá fæðingu Eliss, 9. okt. 1873.

Vorið 1970 mætti Halldór Finnsson á fund félagsins og útskýrði gang sundlaugarbyggingarinnar, áætlaðan kostnað og fjáröflunarleiðir. Dóra Haraldsdóttir var fulltrúi kvenfélagsins í nefnd sem fór suður vegna sundlaugarbyggingar og viðbyggingar við barnaskólann.

Orlofssjóður kvenna

Kvenfélagið studdi stofnun orlofssjóðs 1962. Lagðar voru fram 10 kr á hverja konu í kvenfélaginu og hreppsnefnd lagði fram 10 kr. á hverja konu í hreppnum og sótt um sama framlag á móti frá félagsmálaráðuneytinu.

Frumvarp var lagt fram 1962 og var það síðar hlutverk hreppsins að kosta framlagið í heimabyggð. Húsmæður gátu farið í orlofsdvöl í nokkra daga og fóru oftast nokkrar konur árlega. Þótti dvölin mikil upplyfting og festi Sigríður Elisdóttur frá Skallabúðum minningar af einni dvölinni á blað. Í stuttu máli var dvalið að Búðum undir Jökli. Konur undu sér við skoðunarferðir um staðinn, farið var í fjöruna eftir gullsandi og tínd ber og blóm. Á kvöldin voru kvöldvökur með leikþáttum, upplestri og söng, sagðar draugasögur, sýndar litskuggamyndir og dansað. Farið var með rútum kringum Snæfellsnes og



Frá orlofsdvöl að Búðum. Frá vinstri: Sigurbjörg Pétursdóttir, Elna Bárðarson, Ólöf Þorleifsdóttir, Guðný Hjartardóttir og Svan-dís Jeremíasdóttir Ljósni.: Sögumiðstöðin.

helstu merkisstaðir heimsóttir. Í Grundarfirði voru nýja kirkjan og nýja símstöðin skoðuð. Veislukaffi var þegið hjá Hringiskonum í Stykkishólmi og farið að Helgafelli að leiði Guðrúnar Ósvífursdóttur.

Námskeið og Kvenfélagasambandið

Eins og að framan greinir fengu kvenfélagskonur hvatningu til góðra verka víðsvegar að en ekki síst frá Sambandi breiðfirskra kvenna og Kvenfélagasambandi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sem sendu stöðugt hvatningu og tillögur að málefnum til að vinna að:

Heimilisaðstoð við aldraða 1966

Krabbameinsvarnir 1970

Safna gömlum íslenskum mataruppskriftum

Stuðla að góðri umgengni ungra sem gamalla.

Hægt var að fá lánaðar kvikmyndir og skuggamyndaseríur til sýninga á fundum. Á lista er krossað við myndirnar „Velliðan í skrúðgarðinum“, „Skrúðgarðurinn okkar“, „Pigg og glad husmor“, „Notkun frystikistu“, „Matreiðsla kindakjöts“.

Árið 1965 fengu konur kvikmynd með erindi um frystingu og geymslu matvæla og fræðslumyndir um baðherbergið og eldhúsið árið 1969.

Kvenfélagið fékk kynningu á heimilistækjum og bættri varahlutabjónusta 1966.

Helstu námskeið önnur voru þriggja daga félagsmálanámskeið 1978 sem Sigríður Thorlacius sá um. Það sóttu 19 konur. Staðið var fyrir námskeiði í lopaprjóni og hnýtingum og sýnikennslu í gerbakstri, matreiðslu og gerð osta- og mjólkurréttu. Í byrjun þessa áratugar jókst fjölbreytni afurða frá Mjólkursamsölnunni og kom Ingi Tryggvason og fjallaði um verð og rekstrargrundvöll mjólkurvara og sýndi kvikmyndina „Mjólk“ um meðferð og tilbúning mjólkurmatar. Óli Valur Hansson kom og leiðbeindi um garðyrkju þrisvar sinnum og í lok september 1978 sóttu níu konur garðyrkjunámskeið í Ólafsvík. Árið 1987 fóru tvær konur á garðyrkjunámskeið í Hveragerði.

1972–1991

Árið 1970 eru íbúar orðnir 722. Í þorpinu búa 599 manns á 129 heimilum. Enn hefur heimilum í Grafarnesi fjölgað um 40 síðasta áratuginn og upp úr 1975 rísa íbúðarhúsin í Sæbóli og utan við símstöð, um 40 heimili bætast við en íbúum fjölgar ekki í samræmi við það, eru 680 manns á 170 heimilum árið 1980. 26 heimili eru í sveitinni og heildarfjöldi íbúa er 788 (21).

Fleiri félög líta dagsins ljós. Lionsklúbburinn var stofnaður árið 1972, Hesteigendafélag Grundarfjarðar 1975 og Björgunarsveitin Klakkur 1981.

Helstu verkefni áttunda áratugarins sem safnað var til voru leikskóli, búningsklefar, sundlaug og dvalarheimili.

Uppbyggingu þéttbýlis var að mestu lokið um 1980. Þá er verið að setja bundið slitlag á götur og gangstéttir steyptar. Umgjörð heimila er orðin hreinleg, girðingin um bæinn farin að halda svo að íbúar þora að sleppa því að girða lóðir sínar og geta ræktað við hús sín að vild. Aðeins stóri sunnan setur vextinum skorður en upp potast trjágróðurinn og hlífir því sem viðkvæmara er og mýkir ásýnd bæjarins. Á níunda áratugnum var safnað fyrir orgeli fyrir Grundarfjarðarkirkju og ýmsum tækjum fyrir heilsugæsluna. Atvinnufyrirtækin og umgerð samfélagsþjónustunnar voru að taka á sig þá



Þjóðbúningar kvenfélagskvenna. Ljós.: Sögumiðstöðin.



Frá starfi félags-
ins. Ljós-
m.:
Sögumiðstöðin.

mynd sem tíðkast á öðrum sambærilegum stöðum og fleiri félög gæta hagsmuna íbúanna, hvert á sínu sviði. Kraftarnir dreifast og samkeppni er um hverja styðjandi hönd. Þau málefni sem fjáröflunarfélögin vilja styðja eru minni að umfangi og snerta færri en þau málefni sem íbúarnir sameinuðust um á uppbyggingarárum þéttbýlisins.

Húsmæður töldust 113 árið 1970, þar af kvenfélagskonur rúmlega 80. Árið 1980 voru húsmæður 177 en félagar í kvenfélaginu voru um 65. Kaffi og meðlæti var selt á fundum til ágóða fyrir félagssjóð og aðstaðan í Safnaðarheimilinu löguð að þörfum kvenfélagskvenna með styrk félagsins með hillum og skápum í búi enda var Sjómannadagskaffi haft þar fram til 1977. Lög félagsins voru endurskoðuð 1966 og lagabreytingar voru gerðar um fjölda á aðalfundi og hluta tekna í varasjóð á áttunda áratugnum.

Haustið 1974 fluttust Áslaug Sigurbjörnsdóttir og sr. Magnús Guðmundsson burtu úr Grundarfirði. Áslaug var í stjórn félagsins í 19 ár og var færð útskorin gestabók að gjöf með þakklæti fyrir samstarfið.

Nefndir félagsins voru nú orðnar fimm og skyldu starfa yfir árið hver að sínu verkefni.

1. starfsnefnd: Árshátíð og dagur eldri borgara
2. starfsnefnd: Basarkaffið og Góugleðin
3. starfsnefnd: Barnaböllin og sjómannadagskaffið

4. starfsnefnd: Fjölskyldukvöldin

5. starfsnefnd: Basarinn og sumardagurinn fyrsti.

1987 var gerð sú breyting að nefndir voru lagðar niður en konur gátu valið sér verkefni og fært sig milli nefnda á aðalfundi.

Aldur heiðursfélaga færður niður í 75 ár úr 80 árum.

Árið 1977 var orðið nokkuð þröngt í Safnaðarheimilinu fyrir sjómanna-dagskaffi. Var það fært upp í grunnskólann 1978 en síðar niður í Samkomuhús.

Kvenfélagið gaf kaffisölu á Sjómannadaginn 1981 eftir til Slysavarnadeildarinnar í Grundarfirði sem þá átti 50 ára afmæli.

Kvenfélagið hafði lengi selt 17. júní merki til ágóða fyrir barnaleikvellingum en vildi auka veg dagsins. Því var haldin útiskemmtun 17. júní 1975, félagið eignaðist sölutjald og seldi helst ís, popp og öl. Árið 1977 var hreppsnefnd sent bréf og hún beðin um samstarf við 17. júní hátíðahöldin.

Jólabasar var orðinn fastur liður á fyrsta sunnudegi í Aðventu um 1990.

Í nóvember 1978 var árshátíðinni frestað vegna ónógrar þátttöku og reynt aftur milli jóla og nýjárs. Reynt var að lækka aldurstakmark einstaklinga úr 25 ára í tvítugt. Aðsókn var samt léleg og árið 1979 var árshátíðin felld niður.

Lionsfélagið og kvenfélagið sáu um jólatræsskemmtanir fyrir börn og unglinga jólin 1988–1991. Höfðu þær verið þrískiptar frá því um 1970. Árið 1993 ákvað félagið að hætta að sjá um þessar skemmtanir og leitaði til Hjónaklúbbs Eyrarsveitar um að taka við keflinu.

Sólarkaffi var fyrst haldið 1978 og sést enn í starfsskýrslum 1992. Boðið var upp á réttarkaffi a.m.k. 1988–1992.

Ýmislegt annað var gert til að afla fjár. Útbúnir voru bolluvendir í nokkur ár, skipulögð kerta- og servíettusala fyrir páska og litprentuð jólakort sem teiknuð voru af Báru Pétursdóttur voru seld fyrir jólin 1973 og gekk vel.

Nokkrar áhyggjur voru af kirkjugarðinum og var hann snyrtur nokkur sumur eftir 1972 af nokkrum til þess kjörnum nefndarkonum. Ferðalag aldræðra var farið á hverju sumri á vegum Lions og kvenfélagsins.

Vestmannaeyingar voru styrktir vegna gossins 1973 og samþykkt að gefa öldruðum og einstæðingum jólagjafir jólin 1978. Sá siður hélst fram yfir aldamótin en þá var Dvalarheimilinu fært konfekt til ánægjuauka fyrir vistmenn og gesti yfir hátíðarnar.

Söfnunin fyrir þjóðarátakið 'Til sigurs' gegn krabbameini árið 1990 var hefðbundin í þorpinu, gengið í hús og söfnuðust 183 þúsund. Heilsuþóðorðunum 10 var dreift í leiðinni. Þrjár konur tóku að sér að safna í sveitinni og fóru þær Sunna Njálisdóttir og Jóhanna Guðmundsdóttir á vélsleðum í dýrðlegu veðri og yndislegu snjófæri með umsjónarkonu átaksins Bryndísi Theodórsdóttur. Konurnar fengu síðan kaffi og meðlæti og yljúðu sér hjá Siggu í Nýjubúð áður en haldið var heim á leið.

Unga fólkid

Málefni barna og unglunga voru komin í nokkuð gott horf upp úr 1972. Búið var að samræma útivistartíma barna og unglunga og stóð kvenfélagið fyrir nokkrum fjölskyldukvöldum 1973–1976. Vegna öflugrar starfsemi innan grunnskólans var ákveðið að sleppa því að hafa fjölskylduskemmtanir veturinn 1979–1980.

Þar með er hætt að ræða um tómstundir barna og unglunga og skólinn tekinn við.

Samþykkt er að veita viðurkenningu þeim sem skarar fram úr í saumi veturinn 1976 og að því er virðist til 1988.

Þorpið

Umhverfismál og lausaganga búfjár þóttu aðfinnsluverð og var hreppsnefndinni nokkrum sinnum send bréf með ábendingum um það sem betur mátti fara. Í apríl 1972 er samþykkt að senda hreppsnefnd og lögreglu bréf um aukna gæslu á bryggjunum og við vatnsfulla skurði og tjarnir. Í maí 1973 er lagt til við hreppsnefnd að hreinsa og lagfæra gönguleið og umhverfi á Framnesinu sem þykir gott og kvöldfagurt útivistarsvæði. Fjarlægja megi gömlu fisktröurnar.

Árið 1975 óskaði sveitarstjórn eftir því við kvenfélagið að standa fyrir almennum borgarafundi um málefni staðarins, sundlaugina, leikskóla o.fl.

Vorin 1978 og 1979 er skorað á hreppsnefnd að framfylgja samþykkt um hundahald og lausafjargöngu búfjár og lýst mikilli óánægju með skemmdir af þess völdum.

Vorið 1978 tóku Lionsmenn og kvenfélagið að sér þrif á þorpinu eftir veturinn og er skráð í skilagrein að þrír vörubílsfarar af rusli hafi verið fjarlægðir af þeim hluta sem kom í hlut kvenfélagsins að hreinsa. Vorið 1983 var ákveðið að kvenfélagið hætti umsjón á hreinsun þorpsins.

Fulltrúar frá hreppsnefnd komu á haustfund kvenfélagsins 10. okt. 1982 til að svara spurningum kvenfélagskvenna um framkvæmdir og stefnu í ýmsum málum s.s íþróttahúsið, skrudgarðinn, áætlunarflug til Grundarfjarðar, tannlækni, kaup á elliheimili, skepnuhald og lausagöngu dýra.

Á fundinum kom fram áskorun um að aðeins sé leyft að hafa einn kött á hverju heimili.

Leikskóli

Á kvenfélagsfundum 8. mars 1974 ræddi Ingibjörg Sveinsdóttir um þörf á barnagæslu að vetrinum. Samþykkt var að athuga barnagæslumálið hjá félagsmálastofnun og skrifa hreppsnefnd og vinnuveitendum á staðnum bréf um stuðning og samvinnu. Í október 1974 barst bréf frá Menntamálaráðuneytinu um leikskólamálið með reglugerð og fleiri upplýsingum. Samþykkt var eftir nokkrar umræður að stofna sjóð fyrir stofnun leikskóla þegar sundlaugar-sjóður hefði lokið sínu hlutverki.

Þorsteinn Einarsson kom á fund heimamanna um sundlaugarbygginguna og fór fulltrúi kvenfélagsins á þann fund. Í janúar 1975 kemur fram í fundargerð að Samkomuhúsið sé orðið of lítið og takmarka þurfi fjölda að samkomum. Hugmyndir voru um að stækkun Samkomuhússins og bygging leikskóla geti farið saman en málið látið bíða. Í maí lofaði sveitarstjórn að reyna að koma leikskóla inn á fjárlög ríkisins sem greiðir 50% af kostnaði við slík heimili. Leikskólinn var síðan opnaður í janúar 1977 (10, s. 53) og lagði kvenfélagið til borð og stóla fyrir 315.000.

Kirkjan

Safnað var í orgelsjóð Grundarfjarðarkirkju frá árinu 1980 þar til nýtt pípuorgel var sett upp haustið 1986 (17, s. 99–100).

Kvenfélagið tók að sér þrif í kirkjunni 1976 og skiptust konur á um að þrifa

vikulega. Kirkjuþrifum var hætt 1986. Tengsl kvenfélagsins og kirkjunnar voru alltaf nán og enn eru fundir og annað félagsstarf í Safnaðarheimilinu.

Sundlaug

Átta ár liðu frá því að hreppsnefnd sendi út bréf til félaga á staðnum um að sameinast um að byggja sundlaug þar til hún var tekin í notkun vorið 1976 (4: s. 51). Sundlaugarsjóður kvenfélagsins var afhentur sumarið 1975 kr. 844.399 til greiðslu á efni í laugina. Fyrst var kennt í nýrri sundlaug í okt. 1976 (4: s. 51).

Það var ekki fyrr en í október 1989 sem íþróttahúsið var tekið í notkun (4: s. 52).

Dvalarheimili

Elna Bárðarson stóð fyrir gerð og sölu herðatrjáa til ágóða fyrir dvalarheimilisjóð og 1973 gerðu konurnar 350 stk sem seldust á 21. þúsund kr. Söfnunin stóð með hléum en upp úr 1980 var markvisst safnað í sjóð og tókst að afhenda 500 þúsundir króna þegar Dvalarheimilið Fellaskjól var stofnað 1988.

Trjárækt

Á síðasta ári kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna var 361 planta gróðursett í Þríhyrningi í júní 1985. Ein planta fyrir hverja konu.

78 konur skráðu sig á lista til að taka þátt í gróðursetningunni þann 19. júní 1985.

Um 30 konur fóru síðan að Búðum í kaffisamsæti með öðrum konum úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslum.

Kvenfélagið tók þátt í landgræðsluskógaátakinu sem Skógræktarfélag Íslands hóf árið 1990. Var félaginu úthlutaður reitur ofanvert í miðjum Eiðis-skógi. Gróðursett var í reitinn í nokkur ár. Þar var einnig sett niður birkitré sem Kvenfélag Ólafsvíkur gaf félaginu á 75 ára afmælinu.

Sveitarfélagið lauk við uppbyggingu opins svæðis í Þríhyrningi 1992 en kvenfélagið hafði alltaf litið til með svæðinu þó að barnaleikvöllurinn legðist af um 1980.

*Gróðursett
afmælisbirki
frá Kvenfélagi
Ólafsvíkur
í reit kven-
félagsins 2007.
Ljóm.: Sunna
Njálsdóttir.*



Dæmigert ár í lífi kvenfélags

Starfsskýrsla 1985

Haldnir voru sex félagsfundir á árinu, þar af skemmti- og kynningarfundur sem jafnframt er Góugleði. Vorfagnaður var í apríl. Stjórnarfundir voru tíu og nefndir komu saman til undirbúnings verkefna:

Þrif á kirkjunni.

Seldir bolluvendir.

Fjölskyldukvöld í febrúar.

Spurningakeppni félaga á staðnum. Kvenfélagið tók þátt tvisvar.

Kökubasar fyrri part árs. Verðlaun fyrir hannyrðir í grunnskólanum.

Sjómannaðagskaffi.

Farið var í hús dagana á undan 17. júní og seldar blöðrur og fánar. Sölutjald var ekki haft uppi vegna mannekle.

Gróðursett í Þríhyrningi í tilefni af lokum kvennaáratugar 1985. Komið saman að Búðum um kvöldið.

Ferðalag aldraðra með Lions.

Skemmtun aldraðra með Lions og Rauða krossdeildinni.

Sambandsfundur KSH.

Garðyrkjunámskeið í Hveragerði.



Basarinn á fyrsta degi í aðventu í barnaskólanum ... Ljós.: Sunna Njálisdóttir.

Seldir miðar og merki nokkurra félaga.

Konur fóru í hús og söfnuðu fyrir Kvinnadeild Landspítalans.

Basar og kaffisala.

Þrjár jólatrésskemmtanir.

Námskeið og sýnikennsla í matreiðslu, andlitssnyrtingu og saumaskap.



*... og í
Samkomuhúsinu
1997. Ljós.:
Sunna Njálisdóttir.*



*Fjölskyldudagurinn. Basarinn lagður af en sölu-
básar teknir við. Ljósmynd: Sunna Njálisdóttir.*



1992–2011

Íbúar Eyrarsveitar voru 817 árið 1991. Þá bjuggu 733 í þéttbýlinu á 208 heimilum. 29 bæir voru í sveitinni.

Íbúar árið 2000 voru 952, 195 heimili í Grundarfirði og 224 kjarnafjölskyldur í öllu sveitarfélaginu.

Árið 2011 voru íbúar 903 með 208 kjarnafjölskyldum.

Golfklúbburinn Vestarr var stofnaður haustið 1995, fjarnám hófst í Grundarfirði 1999 (14. s. 109) og Fjölbrautaskóli Snæfellinga var stofnaður 2004 í Grundarfirði (18).

Starfið

Eins og fyrr segir var uppbyggingu í bæjarfélaginu að mestu lokið. Föst verkefni fá styrki, heilsugæslan, grunnskólinn og dvalarheimilið. Stakar gjafir runnu til nokkurra aðila s.s. Sögumiðstöðvar, fánastöng og matarstell í Samkomuhúsið og fánastengur við Fjölbrautaskóla Snæfellinga.



Góugleðin 1987. Ljós.: Sigríður Diljá Guðmundsdóttir.

*Góugleðin
1987. Ljós.:
Sigríður Diljá
Guðmunds-
dóttir.*



Ýmislegt var gert til að laða konur að starfi félagsins, fitjað upp á kaffihúspjalli með bókakynningu, baðstofufundum með hannyrðakynningu og hattakvöldum á veitingahúsum. Málefni kvenfélagsins voru í endurskoðun og hlúð að félagskonum á ýmsan hátt. Kvenfélagið bauð upp á alls konar námskeið og nú síðustu árin fá konur styrki til að sækja þau námskeið sem þær kjósa sér. Vinnuaðstæður voru bættar með nýju kaffistelli og kaffikönnum sem staðsett voru í nýjum skápum í Samkomuhúsinu en gamla stellið skilið eftir í Safnaðarheimilinu. Farið var að leigja dúka hjá þvottahúsinu og fá skólabekki og aðra hópa unglunga til að hjálpa til við borða- og stólaröðun fyrir kaffisölur gegn fjárstyrk. En þrátt fyrir þessa viðleitni fækkaði konum í félaginu, þær heltust úr lestinni sökum aldurs eða skólagöngu og sjaldgæft var að kona gengi í félagið. Urðu þær færstar 45. Æ færri konur mættu til vinnu í nefndum og var svo komið að allar konur urðu að vera tilbúnar að hlaupa í skarðið ef eftir því var leitað. Á fundi mættu oft fáar konur og var fundaþreytu kennt um. Árið 1993 var ákveðið að hafa basarinn annað hvert ár. Athugun á næstu starfsskýrslum sýnir að þetta varð ekki. Þá var reynt að stytta setu stjórnar úr tveimur árum í eitt og fækka fundum niður í aðalfund og jólafund árin 2006–2009. Þótti það svo róttæk breyting að leynilega kosningu þurfti til að ákveða það. En 2010 var vörn snúið í sókn. Jólafundurinn sem er tekinn við



*Laufabrauðs-
bakstur
2007. Ljós-
m.:
Sunna
Njálsdóttir.*

sem skemmti- og kynningarfundur af Góugleðinni sem geispaði golunni um 2005 og konukvöldin þjöppuðu konum saman og frá haustinu 2009 til ársloka 2011 gengu 16 konur í félagið. Þær eru því orðnar 56 og þar af eru 6 heiðursfélagar.

Einkenni árána kringum aldamótin eru hefðbundnar fjáröflunarsamkomur. Aðventunefnd sér um Fjölskyldudaginn með sölubásum ýmissa aðila úr bæjarfélaginu, leikfangahappdrætti og kakó- og vöfflusölu. Frá 2005 hefur bæjarstjórn útnefnt íþróttamann ársins og hvetur það fólk til að mæta á fjöl-

skyldudaginn. Sjómannadagsnefnd sér um kaffisölu á Sjómannadaginn og nefnd sem sér um 17. júní kökubasar. Tvær nýjar nefndir svara kalli tímans og sér önnur um námskeið fyrir félagskonur og hin skipuleggur mánaðarleg konukvöld þar sem allar konur í Grundarfirði geta komið með handavinnuna sína eða hvað annað sem þær vilja og spjall-



Merki félagsins.



Þjóðbúningasamur 2001. Ljós.: Olga Sædis Einarsdóttir.

að saman einu sinni í mánuði yfir veturinn. Auk þessa skipuleggur stjórnin aðrar kaffisölur, s.s. „Á góðri stund“ eða erfidykkjur.

Merki Kvenfélagsins Gleym mér ei var hannað af Rósu Njálisdóttur frá Suður-Bár. Valið var úr átta tillögum sem bárust í samkeppni sem haldin var í tilefni af 60 ára afmæli félagsins 1992. Merkið er m.a. notað á félagsfána, svuntur og kaffistell sem keypt var til að nota í kaffisölum og til að leigja út.

Tölvutæknin gaf kvenfélaginu möguleika á meiri tengslum milli félaga og var ráðist í að kaupa lénið *gleymmerei.is*. Ekki varð úr að búin væri til vefsíða en sett upp undirsíða á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar. Það var síðan árið 2010 sem síðan komst í loftið og í framhaldinu Facebook-samskiptasíða. Af og til hefur verið falast eftir léni kvenfélagsins en á fundi árið 2008 var ákveðið að hvorki lána það né selja.

Samfélagið

Starf kvenfélagsins átti að efla menningu og sjálfstæði kvenna og auka samvinnu milli þeirra auk þess að styðja líknar- og mannúðarstarfsemi. Það er hægt að teygja hugtakið mannúðarstarfsemi svo það rúmi styrki við aðra en þá sem eiga undir högg að sækja. Kvenfélagið hefur, ásamt Lionsfélaginu og Rauða krossdeildinni, stutt við ferðalag eldri borgara á sumrin, fyrst 1972 og síðan frá 1977. Það tók að sér að starta Kvannahlaupi ÍSÍ í Grundarfirði 30. júní 1990 en þá var fyrst hlaupið á sjö stöðum á landinu. Markmið Kvannahlaupsins er að hvetja og styðja konur á öllum aldri til aukinnar heilsueflingar. Kvannahlaupið er haldið sem næst kvenréttindadeginum 19. júní þar sem höfðað er til samstöðu kvenna. Hlaupið lifir góðu lífi í landinu en aðrir hafa tekið við umsjóninni.

Kvenfélagið Gleym mér ei var með opið hús á Rökkurdögum sunnudaginn 25. okt. 2009 í Samkomuhúsinu til að kynna félagið, tilgang þess og starfsemi. Tuttugu og eitt félag í Grundarfirði og Eyrarsveit þáði boð um að taka þátt í kynningardeginum. Með þessu vildi kvenfélagið styðja við þátttöku almenn-



Frá kynningardeginum Gefið hjartastuðtæki 2009. Ljósni.: Sunna Njálisdóttir.



Frá garðagöngu 2009. Ljós.: Sunna Njálsdóttir.

ings í hvers konar félags- og tómstundastarfi. Vöfllu- og kaffisala var í efri sal til styrktar Lúðrasveit Tónlistarskólans sem spilaði fyrir gesti en hún var á leið á landsmót lúðrasveita barna og unglunga.

Garðyrkjuvakt, opin öllum í bæjarfélaginu, var sett á og sér Sunna Njálsdóttir um hana með tölvupósthópi og hefur verið sótt um garðland fyrir bæjarbúa og hvatt til stofnunar skólagarða í einhverri mynd.

Árið 2009 stakk Sigríður Diljá Guðmundsdóttir, fulltrúi kvenfélagsins í stjórn Dvalarheimilisins, upp á stofnun minningarsjóðs Dvalarheimilisins sem verður í umsjá kvenfélagsins. Var það samþykkt og henni falið að vinna að því og fékk hún Björgu Ágústsdóttur lögfræðing til að útbúa löggilda skipulags-skrá.

Kvenfélagasamböndin

Kvenfélögin á Íslandi hafa með sér samband og er stjórn og fulltrúaráði þess falið að auka samvinnu kvenna, efla félagsvitund þeirra og standa vörð um hag og heilsu íslenskra heimila.

Árið eftir að Kvenfélagið Gleym mér ei var stofnað gekk það í Samband Breiðfirskra kvenna og sendi ávallt fulltrúa á fundi þess. Árið 1965 var sambandinu skipt og hefur félagið síðan verið aðili að Kvenfélagasambandi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sem var stofnað í Grundarfirði 18. júlí 1965. Samband Breiðfirskra kvenna og Kvenfélagasamband Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sendu stöðugt hvatningu og tillögur að málefnum til að vinna að til heilla fyrir samfélagið og vöktu yfir framgangi kvenfélaganna á Nesinu. KSH hefur staðið fyrir námskeiðum fyrir öll félögin á Nesinu, sjálfstyrkingarnámskeiði, ritara- og gjaldkeranámskeiði og nú síðast í apríl 2011 fyrirlestri um hlutverk kvenfélaganna, héraðssambandanna og Kvenfélagasambands Íslands. Kvenfélögin í KSH hafa lengi haldið hátíðlegan kvenréttindadaginn 19. júní. Skiptast



Frá 19. júní skemmtun. Ljós.: Sólrún Guðjónsdóttir.

félögin á um að sjá um matarveislu og skemmtiatriði og hafa lagt mikla áherslu á að þessi sameiginlegi vettvangur til að hittast og kynnast falli ekki niður þó að formaður og fulltrúi sæki sambandsfund á hverju ári.

Ferðalög og afmæli

Ferðalög kvenfélagskvenna eru sér kapituli í sögunni. Áætlað var að halda upp á 10 ára afmæli félagsins með ferð í Búðahraun. Það er ekki hægt að sjá í bókum félagsins að sú ferð hafi verið farin enda langt að fara á hestum, suður Kerlingarskarð og vestur Staðarsveit.

Farið var að Hólum í Hjaltadal 1952 og í fjögurra daga ferðalag til Norður- og Austurlands í tilefni af 30 ára afmæli félagsins, 1962.

Leikhúsfarð var farin í tilefni af 40 ára afmæli félagsins til Reykjavíkur. Konur nutu afmælistíðar í Súlnasal Hótel Sögu, fóru í Þjóðleikhúsið, listasafn Ásgríms Jónssonar, Norræna húsið o.fl.

Árið 1982 var ferð orlofssjóðs ráðgerð og ekki farið í ferðalag í tilefni afmælisins. 30. október var haldin afmælishátíð í Samkomuhúsinu með fjöldasöng við undirleik Níelsar Friðfinnssonar yfir hlöðnum veisluborðum. Til skemmtunar var söngur Örlagatríós kvenfélagsins, gamanmál Inga Hans Jónssonar og Gísla Kristjánssonar og lauk kvöldinu með dansi við undirleik hljómsveitarinnar Rómeo frá Reykjavík til kl. hálf fjögur um nóttina.



Ferð á Strandir 1966.



Ekið um Lágheiði í júní.

Áhöfn Sigurfara II SH 105 sendi félaginu ljóð ort í tilefni af 50 ára afmæli Kvenfélagsins Gleym mér ei.

Gleym mér ei þú gafst oss safn af myndum
og glæddir vonir, þerraðir burt tárin.
Ó gleymið öllum karlasyndum
og grafið þær í næstu 50 árin.

Skjaldmeyjar Íslands, skörulegu fljóð,
skjótt líður tími, árin streyma í sæinn.
Margt ber að þakka, minningin er góð,
mættum við segja til hamingju með daginn.

Árið 1992 var hátíðarfundur með kvöldverði og skemmtidagskrá og 10. júlí 2002 buðu konur mökum sínum til afmælisdagskrár með léttum veitingum.

Árið 2007 vildu konur þakka íbúum byggðarlagsins fyrir ómetanlegan stuðning við fjáraflanir og þá velvild sem kvenfélagið hefur notið frá upphafi. Var öllum boðið í veislukaffi á Sjómannadeginum það ár.



Ferð um Hvítársíðu og Borgarfjörð 2009.



Frá Sjómannadegi 2007. Ljós.: Sigríður Diljá Guðmundsdóttir.



Eftirminnilegt er ferðalag kvenfélagskvenna með öðrum orlofskonum til Vestmannaeyja í fylgd Páls Helgasonar sem sá um konurnar á sjó og landi í dýrðarveðri. Tiltakanlegt þótti norðan hvassviðri þegar komið var við í Viðey á leiðinni heim. Er oft vitnað til þessarar ferðar ársins 1990 þegar ferðalag ársins er skipulagt og þykir ekkert geta toppað hana. Önnur ferð sem farin var til Akureyrar er þó lifandi í minningunni, dvöl í orlofshúsum í Ölfusborgum þegar Suðurlandið var skoðað og handverks- og rigningarferðin í Flókalund og um sunnanverða Vestfirði 1996.

Sumarbústaðaferð í Flókalund 30. ágúst til 1. sept. 1996 átti eftir að skipta sköpum á sviði handverks og sköpunar í Grundarfirði. Í ferðinni um sunnanverða Vestfirði skoðuðu konur hvern handverksmarkaðinn á fætur öðrum og komu heim með stjórnur í augum og góð áform um að hleypa lífi í handavinnu og listfengi fólks í Eyrarsveit. 9. okt. var samráðsfundur í Safnaðarheimilinu og komu þær Guðlaug Guðmundsdóttir og Guðmunda Hjartardóttir með ýmsa muni til að sýna og var ákveðið á þeim fundi að setja af stað námskeið í bútasami. Hrafnhildur Jónasdóttir stóð fyrir námskeiðinu og í framhaldi af því var skipuð skipulagsstjórn sem tók síðan við stjórn og skipulagi starfsins. Úr varð Handverkshópurinn Grúsk sem í mörg ár stóð fyrir markaði og sum árin upplýsingaþjónustu í gömlu löggustöðinni við Grundargötu.



*Ferð um
sunnanverða
Vestfirði
1996. Ljós.:
Sunna
Njálisdóttir.*



Ferð um sunnanverða Vestfirði 1996. Ljósma.: Sunna Njálisdóttir.

Á aðalfundi félagsins í febrúar 2011 var ákveðið að félagskonum stæði til boða að fara í utanlandsferð í apríl árið 2012 í tilefni af 80 ára afmæli félagsins. Farið var til suðvestur hluta Englands (20).

Heiðursfélagar frá stofnun félagsins:

Hólmfríður Halldórsdóttir frá Setbergi
 Ástrós Elisdóttir frá Berserkseyri
 Þórdís Þorleifsdóttir frá Fornu-Grund
 Ólöf Þorleifsdóttir frá Hömrum
 Guðrún Jónsdóttir frá Vindási
 Kristbjörg Rögnvaldsdóttir
 Halla Halldórsdóttir frá Spjör

Valgerður Skarphéðinsdóttir frá Kirkjufelli
Herdís Gísladóttir frá Hellnafelli
Guðríður Sigurðardóttir
Elna Bárðarson frá Gröf
Ingibjörg Kristjánsdóttir
Svanborg Kjartansdóttir
Guðrún Hansdóttir
Jarþrúður Ásmundsdóttir
Pálína Gísladóttir
Vigdís Gunnarsdóttir

Lokaorð

Það er gott að fá þakkir fyrir það sem vel er gert. Bærinn færði félaginu geymsluskápa í Samkomuhúsið á 50 ára afmælinu og þakkarskjal fyrir vel unnin störf í þágu byggðarinnar á 75 ára afmæli þess og fallett þakkarbréf eigum við frá Guðríði Sigurðardóttur símstöðvarstjóra sem hún sendi í október 1990 þá nýflutt suður.

Ótal vísur, kvæði og skemmtiefni er til sem kvenfélagskonur gerðu sjálfum sér og öðrum til skemmtunar. Meðal ötulustu höfundanna voru Elísabet Helgadóttir, Bára Pétursdóttir, Valgerður Haraldsdóttir og Vigdís Gunnarsdóttir. Nöfn Áslaugar Sigurbjörnsdóttur, Elnu Bárðarson, Elsu Árnadóttur, Ólafar Pétursdóttur og Mörtu Böðvarsdóttur koma einnig iðulega fyrir í skemmtiefni því sem til er.

Jófríður Kristjánsdóttir var frá Furuvöllum í Staðarsveit, móðir Þórðar Pálssonar verslunarmanns. Bjó hún í Leiti 2, húsinu fyrir ofan barnaskólann sem seinna var notað fyrir Tónlistarskólann og síðast, áður en það var rífið, fyrir Eden, félagsmiðstöð fyrir unglinga. Í kvæði sem hún sendi Kvenfélaginu í tilefni af 30 ára afmæli þess má sjá að starf og samvera í kvenfélagi hefur verið konum félagsskapur og sálubót, sérstaklega fyrir öld sjónvarps og tölvutækni.

Ég kom hér öldruð, ekki fjarri hörmum,
 frá æskunnar og góðra vina byggð.
 Vort kvenfélag þá tók mér opnum örmum
 og einnig við það batt ég fasta tryggð.
 Ég átt hef marga unaðslega stundu
 er ágætt félag vann á meinum bót
 og nýir vinir létu mína lundu
 svo lífsins gleði aftur festi rót.

Vort félag lifi lengi, verk þess dafni.
 Það lýsi eins og vit'í mannlífs sjó.
 Í anda Krists það kærleiksverkum safni
 og kveiki gleði þar sem hryggðin bjó.
 Þótt öldur manna æviskeiði linni
 er æskan sem að merki dagsins ber.
 Guð blessi þessa byggð í fegurð sinni.
 Guð blessi fólkið allt sem starfar hér.

Heimildir

- (1) Davíð Hanson Wium. Gert út frá Grundarfirði. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2003, bók 4.
- (2) Elínborg Kristjánsdóttir. Áætlunarferðir í Eyrarsveit. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2003, bók 4.
- (3) Mjólkursamlagið í Grundarfirði 1964–1974. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2002, bók 3.
- (4) Gunnar Kristjánsson. Skólahald og barnafræðsla í Eyrarsveit. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2002, bók 3.
- (5) Ingi Hans Jónsson. Frá örbirgð til bjargálna. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2002, bók 3.
- (6) Oddur Kristjánsson. Grundarfjarðarævintýrið. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2002, bók 3.
- (7) Sigríður Pálsdóttir. Þinghúsið í Grundarfirði. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2000, bók 1.
- (8) Halldór Páll Halldórsson. Skruggu-Blesi í Nesi. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2000, bók 1.
- (9) Njáll Gunnarsson. Að lyfta lofti. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2000, bók 1.
- (10) Matthildur Guðmundsdóttir. Leikskólinn Sólvellir. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2006, bók 7.
- (11) Pálína Gísladóttir. Horfin hús og gamlir tímar. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2006, bók 7.
- (12) Arnór Kristjánsson. Sveitin mín. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2006, bók 7.
- (13) Ásgeir Guðmundsson. Halldór Finnsson. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2009, bók 9.

- (14) Árni M. Emilsson. Halldór Finnsson. Af vettvangi sveitarstjórnar. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2001, bók 2.
- (15) Halldór Finnsson. Samgöngur í Grundarfirði á tuttugustu öldinni. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2009, bók 1.
- (17) Sunna Njálsdóttir. Byggingarsaga Grundarfjarðarkirkju. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 2006, bók 7.
- (16) Jón Þorsteinsson. Minningabrot af byggingasögu. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn. 2006, bók 7.
- (17) Heimili voru talin út frá stöðu húsbænda í manntölum.
- (18) Sunna Njálsdóttir
- (19) Manntalsvefur Hagstofunnar
- (20) Heimasíða Kvenfélagsins Gleym mér ei: <http://gleymmerei.is>
- (21) Íbúafjöldi 1970–2010 er samkvæmt manntalsvef Hagstofunnar en sundurliðun 1970–1990 er talin saman úr kjörskrá. Sundurliðun 2000 og 2010 samkvæmt manntalsvef Hagstofunnar.
- (22) Hofgarðar. Sjá Gistiheimilið Hof 15. jan. 2012: <http://www.gistihof.is/hofgardaris.html>

Anna Njálsdóttir

Átthagafélag Grundfirðinga

Hugmyndin að stofnun Átthagafélags Grundfirðinga varð að veruleika síðla hausts 2009 þegar hópur grundfirskra kvenna hittist á Classic Rock sportbar í Reykjavík. Félagið starfar í dag með Hollvinasamtökum Eyrbyggja og má segja að það sé skemmtinefnd innan þeirra. Tilgangur félagsins er að standa fyrir viðburðum á höfuðborgarsvæðinu þar sem allir þeir sem taugar eiga til



Frá pöbbakvöldi á Classic Rock.



Skemmtiatriðin voru á sínum stað á pöbbakvöldinu.

Grundarfjarðar hittast og hafa gaman saman. Ætlunin er að halda sólarkaffi síðustu helgina í janúar ár hvert og skemmtikvöld að vori.

Sólarkaffi hefur verið haldið í þrígang í Gullsmáranum í Kópavogi. Nú síðast mættu þangað vel á annað hundrað manns, bæði brottfluttra og núverandi Grundfirðinga á öllum aldri og naut frábærra veitinga sem bæði stjórnarmeðlimir sem og fleiri grundfirskir bakarameistarar töfrðu fram. Hollvinsamtökin hafa verið með bækur félagsins á útsölu á sólarkaffinu fyrir þá sem vantar bækur inn í safnið eða vilja hefja söfnunina á þessum tímamótum.

Skemmtikvöld hafa verið haldin síðari hluta marsmánaðar í Classic Rock sem er veitingastaður í Ármúlanum og á annar eigandinn rætur sínar að rekja til Grundarfjarðar. Þar hafa einstaklega hæfileikaríkir Grundfirðingar stigið á stokk og flutt skemmtiatriði, bæði söng og gamanmál. Grundfirska hljómsveitin Feikararnir hefur síðan leikið fyrir dansi fram á nótt. Þessi hátíð hefur verið vel sótt og fer gestum hennar fjölgandi. Næsta vorgleði er áætluð 12. maí 2012.



Feikararnir halda uppi stuðinu.

Nýjasta útspilið var svo síðastliðið haust þegar blásið var til velheppnaðs pöbbakvölds á Classic Rock.

Í stjórn skemmtinefndar Hollvinsamtakanna hafa verið frá upphafi Guðný Lóa Oddsdóttir formaður, Anna Njálisdóttir gjaldkeri, Bergþóra Sigurðardóttir ritari og meðstjórnendur Aðalheiður Birgisdóttir, Ásta Mósésdóttir og Steinþóra Ágústsdóttir. Síðar bættist Arna Svansdóttir við hópinn og til að bæta kynjahlutfallið þeir Arnór Ingólfsson og Hlynur Harðarson.

Stjórn skemmtinefnarinnar vill þakka öllum þeim sem hafa mætt á uppákomur félagsins og þeim sem að hafa lagt félaginu lið með söng og gamanmálum. Fer sá hópur sístækkandi og er gaman að sjá hversu margir af yngri kynslóðinni eru farnir að taka þátt í skemmtiatriðunum.

Sólarkaffi er haldið síðustu helgi í janúar ár hvert



Formaður Eyrbyggja að selja bækurnar Fólkið, fjöllin, fjörðurinn.



Rósa, Ásta og Sigurjóna með Ragga í baksýn.



Ella og Siggí í Gröf.



Dóra Móa með dætrunum.



Helga Gróa, Guðmundur og Clausenfedgar.

Elísabet Helgadóttir

Séð og heyrt í heimum tveim

Elísabet Helgadóttir og Ásgeir Kristmundsson bjuggu í rúma tvo áratugi í Grundarfirði eftir átján ára búsetu á Kvíabryggju. Þau komu sér upp einkar fallegu heimili í þorpinu og var til þess tekið hvað þau voru samtaka í því. Undirritaður sem kom oft á þetta heimili skynjaði strax að allt annar bragur var yfir því en öðrum heimilum í þorpinu sem voru flest fábrotin í þá daga. Vindlailmurinn í loftinu var framandi og það var eitthvað útlenskt við þetta, það er erfitt að skilgreina það frekar. Þegar komið var inn í forstofuna í Ásgeirshúsi, sem nú heitir Borgarbraut 2, blasti við glæsilegur stigi upp á hæðina og við tók stórt anddyri þar sem voru húsgögn og þar á meðal reykbörð úr kopar, sem vakti sérstaka athygli mína. Mér þótti þetta undur flott borð með öllu því sem því tilheyrði og gat vel hugsað mér að gerast pípureykingamaður, ef ég ætti svona græjur. Gegnt þessu anddyri var svefniherbergi þeirra hjóna. Þegar áfram var haldið inn ganginn var það og eldhús til vinstri handar en tvö herbergi til hægri handar. Stofa var yfir þvert húsið við enda gangsins, sem var búin fallegum húsgögnum, fágætum munum og málverkum á veggjum. Þau komu úr Reykjavík og má líklega rekja þennan útlenda heimilsbrag til þess að þau höfðu kynnst öðrum siðum og venjum en innfæddir.

Ásgeir var einn mjög fárra sem átti bíl og skar sig að mörgu leyti frá öðrum. Hann varð nær hvíthærður mjög ungur að árum og var ávalt sérlega snyrtilegur og klæddi sig eins og heimsborgari um helgar og var það honum, að

manni virtist, alveg eiginlegt og fyrirhafnarlaust. Elísabet var kona sköruleg, mikil dugnaðarforkur og húsmóðir eins og þær eru bestar. Henni var ekkert mannlegt óviðkomandi og lét til sín taka á flestum sviðum mannlífsins í þorpínu. Þau voru gestrisin og kunnu vel að taka á móti gestum. Elísabet bauð okkur strákunum meira að segja uppá Sinalco þegar við komum í heimsókn áður en við höfðum aldur til að neyta einhvers sterkara.

Ásgeir og Elísabet unnu saman til fjölda ára í vegavinnunni, hann verkstjóri en hún matráðskona. Orð fór af snyrtimennsku Ásgeirs og útsjónarsemi hans, enda hafði hann jafnan úrvals flokk manna í vinnu og matargerð Elísabetar og allur viðurgjörningur í búðunum var viðbrugðið. Þáttur þeira hjóna í vegagerð í Eyrarsveit er kafla út af fyrir sig og efni í langa grein, sem þyrfti að setja á þrykk fyrir heldur en síðar. Þegar hlé varð á vegavinnu í Grundarfirði tóku þau hjónin að sér samkonar störf fyrir Strandamenn, sem nutu mikilla vegaframkvæmda í tengslum við svokallaða Vestfjarðaáætlan.

Elísabet segir frá fyrstu kynnum sínum af Eyrarsveit í bókinni „Ég man þá tíð“ eftir Hermann Ragnar Stefánsson sem kom út árið 1987. Hér er útdráttur úr þessari frásögn, sem Elísabet nefndi.

Árni Emilsson

Hvar á ég að byrja? Jú, ég get látið þessar minningar hefjast þegar ég sigldi inn Bryggjuósinn í Grundarfirði árið 1928 því að þá hófst líf mitt í raun og veru.

Æsku- og unglingsár liðu í foreldrahúsum með svipuðum hætti og hjá öðrum unglinum á þeim tímum. Vinnan var tekin fram yfir annað, svo sem frístundir og skemmtanir. Þó minnst ég þess frá æsku minni að það var alltaf nóg að bíta og brenna sem er meira en allir geta sagt sem rifja upp minningar sínar frá þeim árum.

Ég gifti mig árið 1928 Ásgeiri Kristmundssyni verslunarmanni hjá Clausensbræðrum hér í Reykjavík. Þetta var í kreppunni og því fluttum við til Grundarfjarðar. Óskar Clausen átti Bryggjuplássið sem svo var kallað, en það er vestan megin Grundarfjörðinn, mjög fallegur staður. Þangað lá leið okkar því að Ásgeir átti að verða plássbóndi hjá Óskari. Jörðinni var skipt niður í túnbletti sem hver girti í kringum sinn bæ og voru þetta kallaðir kýrfóðurspartar.



*Fjölskyldan í
Ásgeirshúsi. Frá
vinstri: Gréta, Howard
maður hennar, Óskar,
Helga, Aðalsteinn,
Ásgeir og Elísabet.
Á myndina vantar
Valdemar og Önnu.*

Þeir sem þarna bjuggu stunduðu sjó á litlum bátum og höfðu svo eina kú og nokkrar kindur til heimilisins.

Við sigldum inn ósinn, nýgift hjón, hann tuttugu og tveggja og ég nítján ára gömul, öllum ókunnug. Ég man að ég varð strax hugfangin af umhverfinu. Veðrið var svo fagurt þennan morgun í lok júní. Það sá ekki ský á himni, sjórinn var spegilsléttur og allt kyrrt og hljótt eins og náttúran væri að bjóða okkur velkomin. Ég man að ég hafði orð á því við manninn minn hve dýrlegt væri ef maður fengi svona siglingu inn í himnaríki á endanum. Svaraði hann mér á þá leið að það yrði nú einhver öldugangur áður en að því kæmi. Og svo sannarlega varð öldugangur því fáir komast hjá því á heilli mannsævi að brimi annað kastið og þarna áttum við eftir að vera í 18 ár. Síðan færðum við okkur innar í fjörðinn, Grafarnes, og þar vorum við í 21 ár. Maðurinn minn hafði fest kaup á litlu húsi þarna á Bryggjuplássinu þegar hann fór í kynnisfór vestur áður en við fluttum. Í þessu litla húsi voru tvö herbergi og eldhús, en hlaða áföst við suðurgaflinn og var húsið stækkað með því að setja gólf og þiljur í hana. Þar fengum við stærsta og skemmtilegasta herbergið og var það svefnherbergið okkar. Undir öllu húsinu var eldiviðargeymsla. Eldiviðurinn var mór og var hann tekinn upp í mýrarfláka sem liggur milli þorpsins og

*Feðgar á spjalli,
Óskar og Asgeir.*



stöðuvatns sem Gálutraðarvatn heitir. Í þessu litla húsi bjuggum við í ellefu ár og þar eignaðist ég fjögur elstu börnin mín, en við eignuðumst sjö börn.

Kaupverð þessa fyrsta húss okkar var 2.200 krónur og urðum við að taka lán til að geta eignast það. En í þessu litla, vistlega húsi hefur mér liðið best um ævina. Við vorum mjög samtaka um að fegra það og prýða utan sem innan og fékk það fljótlega orð á sig fyrir fallett útlit. Maðurinn minn var líka mjög hagur og verkséður og snerti ekki á neinu nema það væri til bóta.

Erfiðast af öllu fyrir vestan var vatnsleysið. Oft þornuðu allir brunnar upp í þurrkatíð á sumrin. Lengst var þó einhver dropi í Hópsbrunninum, en þá var skammtað vatn, tvær fötur á heimili á dag. Vatnið var sótt í fötum á grind. Vatnsgrindin var ferhyrnd, gerð úr mjög léttum viði, og sá sem sótti vatnið hafði hana utan um sig og lét hana halda fötunum frá sér í hæfilegri fjarlægð, en hélt í höldin á þeim sem lágu á grindinni sitt hvorum megin. Þetta létti vatnsburðinn til muna, ég tala ekki um þegar sækja þurfti vatn í Gálutraðarvatn. Þá tók ferðin upp undir klukkutíma. Ætlunin var að leiða þaðan vatn niður í plássíð, en leiðin var svo löng að ekki varð af því meðan ég átti þarna heima. Það hefði haft svo mikinn kostnað í för með sér að enginn hafði bolmagn til slíks.

Að sumrinu kom fyrir að við fórum upp að vatni með þvottinn og þvoðum þar, bjuggum til hlóðir og suðum tauið á þeim. Ógerningur var fyrir mitt



*Elísabet og Ásgeir
bera saman bækur
sínar.*

heimili að sækja vatn til þvotta því mannmargt var hjá mér að sumrinu, að ég tali nú ekki um eftir að ég flutti í stóra húsið. Voru þá vanalega 10–15 manns í heimili, en þá var fjölskyldan líka farin að stækka.

Þegar Reykjavíkurborg lét taka upp mó á Kvíabryggju voru þar 12–14 verkamenn. Þeir voru í fæði hjá okkur sem vorum þá enn í litla húsinu og var þá þröngt setinn bekkurinn.

Ég var svo lánsöm að allan tímann sem ég var á Kvíabryggju hafði ég sömu konu mér til hjálpar. Hún þvoði með mér þvottana og hljóp undir bagga þegar mér lá á og margt var í heimili. Þessi kona hét Arnfríður, en var kölluð Fríða. Börnunum mínum þótti ákaflega vænt um hana, enda tók hún oft að sér heimilið fyrir mig ef ég fór eitthvað í burtu. Þessi kona er í minningu minni einhver hreinlátasta og verklagnasta manneskja sem ég hef kynnst. Það var svo ánægjulegt að vinna með henni að erfiðir þvottadagar og sláturdagar urðu hálfgerðir hátíðisdagar í samstarfi við Fríðu.

Hún var gift kona og átti tvö börn, dreng og telpu sem voru aufúsugestir á heimili mínu. Munda litla fylgdi oftast nær mömmu sinni þegar hún var í vinnu utan heimilis.

*Arnfríður
Fríðgeirsdóttir bjó
á Kvíabryggju í
Hjartarhúsi með Hirti
Hermannssyni.*



Fyrstu árin mín varð ég að þvo í litla eldhúsinu og fór þá á fætur klukkan 5–6 á morgnana, en var þá búin að leggja til í eldavélinni og setja vatnspottinn yfir áður en ég háttaði. Þurfti því ekki annað en bera eldspýtu að, kveikja svo á olúlampa og sitja í eldhúsglugganum og eftir augnablik kom ljós í gluggann í Hjartarhúsi, en svo hét húsið hennar Fríðu. Var það nefnt eftir manni hennar er Hjörtur hét. Ekki leið langur tími þar til Fríða kom, alltaf jafn hreinleg, glöð og vinnufús. Já, það er mikið lán að hitta gott fólk á lífsleiðinni því góðir vinir eru gulls ígildi og minnst ég með hlýju og þakklæti margra þeirra góðu kvenna sem ég hafði kynni af meðan ég átti heima þarna og Fríðu man ég meðan ég man eitthvað.

Árið 1938 fluttum við úr litla húsinu okkar í stórt og rúmgott hús. Ásgeir keypti gömul pakkhús til niðurrífs og flutti þau frá Hellissandi inn á Kvíabryggju. Var í þeim traustur og góður viður og úr þessu timbri var nýja húsið byggt og síðan forskalað að utan. Þetta hús var mjög rúmgott og ákaflega vel hannað, enda oft mannmargt bæði af skyldum og vandalausum. Ætti ég gestabók frá þessum árum mætti margan þjóðkunnan manninn finna þar því margan hýstum við meðan við vorum í þessu rúmgóða húsi.

Það fór hins vegar með okkur eins og aðra íbúa Kvíabryggju að við færðum okkur innar í fjörðinn, en Reykjavíkurborg keypti Kvíabryggju.

Í bók sem út kom 1977 í tilefni af 60 ára afmæli Búnaðarsambands Snæfellsness og heitir „Byggð Snæfellsness“ er Ásgeir talinn síðasti kaupmaður á Kvíabryggju.

Þegar við fluttum í Grafarnes, en svo hét sá staður við fjarðarbotninn sem nú heitir Grundarfjörður, fórum við í gamalt verbúðarhús sem hét Svartiskóli. Það mun hafa verið 1945. Voru það mikil viðbrigði að fara úr okkar áæta húsi og í þetta húsnaði sem við vorum í yfir sumarið meðan verið var að gera íbúðarhæfa neðri hæð í stóru húsi sem var í byggingu. Ásgeir lauk við það á tveim árum og var verslunarpláss á neðri hæð þar sem hann verslaði í nokkur ár.

En þegar hér var komið sögu hafði hann tekið að sér vegagerð í Eyrarsveit. Var það aðallega viðhald, en einn og einn spotti bættist þó við á hverju sumri næstu árin þar til vegasamband var komið á frá Búlandshöfða inn á Kerlingarskarð árið 1964.

Eins og fyrr var sagt stikla ég á stóru um farinn veg því margt gerist á ævi manns sem maður geymir með sjálfum sér og ber ekki á borð fyrir aðra og eins er með samskipti við samferðamennin. Það er ýmislegt sem hægt væri að segja, en það gæti orðið einum til angurs sem er aðhlátursefni fyrir hinn og til þess eiga þessar minningar mínar ekki að vera. Þær snúast því að mestu um mitt líf og það sem fyrir hefur borið á leið minni árin 1928–1970.

Þegar ég flutti á Bryggjuplássið voru þar 12–14 býli. Öll voru húsakynni fábrotin, húsin flest lítil og með gamla bæjarsniðinu. Syðsta býlið hét Hóp. Þar bjuggu sæmdarhjónin Guðrún Helgadóttir og Halldór Jónsson. Hjá þeim voru tvö börn Guðrúnar frá fyrra hjónabandi, Hjálmtýr Árnason og Guðrún. Var þetta fólk talið vel efnað á þess tíma mælikvarða.

Ég man gamla Hópsbæinn vel utan sem innan. Til dæmis man ég vel eftir djúpu gluggatóftinni móti suðri þar sem Guðrún settist oft og hvíldi sín lúnu bein eftir að hún var komin heim með mópoka á bakinu sem sóttur var í mótóft upp í flóanum - hún var á þurrum stað milli mógrafanna. Þar átti hver sína tóft sem mórinn var geymdur í og þangað var hann sóttur jafnóðum og þurfti að nota hann. Þar var því alltaf einhver á ferðinni með mópoka á bakinu.

Á Hópi hjá Halldóri og Guðrúnu var gömul kona sem Sigurborg hét. Var hún mágkona Guðrúnar, en orðin einstæðingur. Borga, eins og hún var kölluð, fór

Hjónin uppáklædd inni í stofu með málverk ftir Matthías í bakgrunni.



oft að sækja eldivið, en hún var sjaldan með poka. Hún var með strigasvuntu, setti móinn í hana og hélt í svuntuhornin.

Ég man hve mér fannst þetta allt skrítið og eru þessar myndir svo skýrar í huga mínum að ég gleymi þeim aldrei.

Hópsbærinn var ekki stór, en frambærinn var nokkuð langur. Tvennar útídyr voru þar sem sneru í norður og suður og voru notaðar eftir vindáttinni. Innar í göngunum voru aðrar tvennar dyr sem stóðust á. Aðrar voru að vistarveru Sigurborgar sem var mjög lítil, en hinar á matarbúrinu sem oftast var fullt af mat sem þurfti til heimilisins því Halldór keypti allt í heilum sekkjum og rúsínur og sveskjur í kössum.

Borð var eftir búrinu endilöngu og stóðu þar mjólkurbytturarnar með mjólkinni sem var verið að setja. Var það kallað að setja mjólkina þegar henni var hellt í ílát sem til þess voru gerð og kölluð byttur. Þegar mjólkinn var búinn að vera svo lengi óhreyfð í byttunni áður en allur rjómi var sestur ofan á var rennt eins og það var kallað. Þá var byttan tekin og konan sem renndi setti handlegginn á byttubrúnina, hallaði henni og lét undanrennuna renna í fötu, en rjóminn varð eftir í byttunni. Var hann látinn í ílát og geymdur þar til búíð var að safna í strokkinn. Sú sem renndi mjólkina þvoði sér upp fyrir ölnboga vel og vandlega



*Ásgeir við
Zephyrinn sinn,
sem margur hefði
viljað eiga.*

Því að um handlegg hennar lék rjóminn þegar haldið var fyrir sem kallað var. Ég heyrði mann segja við stúlku sem var að búa sig undir að sýsla við mjólkina: „Nú ætlarðu, elskan mín góða, annaðhvort að fara að taka á móti barni eða renna bytturnar.“ Þessi stúlka var oft fengin með ljósmóður til aðstoðar.

Í þessum löngu göngum voru dyr á fimm stöðum, þessar sem ég er búin að lýsa og þær fimmtu beint á móti þeim sem inn kom. Á hurðinni fyrir þeim dyrum hékk stórt lóð í bandi til þess að hurðin lokaðist sjálfkrafa á eftir þeim sem gekk um. Þarna fyrir innan var eldhúsið sem var ákaflega lítið, en eldavél-in var svo stór að hún tók yfir þriðja hluta gólfsins. Við endann á vélinni stóð mókassi sem var jafn hár henni og var losað í hann þegar sóttur var mór. Þegar komið var inn úr eldhúsdyrnum var opið inn á baðstofuna á hægri hönd og fóru flestir beint þangað. Þótt margir fengju góðan bita og sopa úr þessu eldhúsi var það nefnilega of lítið til þess að staldra við í því. Inn af baðstofunni var hjónahúsið þar sem hjónin sváfu. Þar inni var kommóða Guðrúnar, tveir stólar, borð undir glugga og stór fatakista og á henni stóð kassi með saumavél húsfreyju.

Þegar ég kom þarna inn í fyrsta sinn tók ég eftir hreinlætinu í þessu litla herbergi. Snjóhvítt teppi var á rúminu og útsaumaður dúkur á kommóðunni. Þetta var líka sá staður á bænum sem ekki mátti falla blettur né hrukka á því þarna var presturinn á Setbergi látinn sofa þegar hann gisti og þá gengu þau

hjón úr rúmi fyrir honum. Ég man hve mér fannst skrytið þegar talað var um prestrúmfötin og presthandklæðið, en þetta var allt til og sérstaklega ætlað prestinum, bæði rúmfatnaður og ílát, og aldrei notað þess á milli.

Frá þessu heimili sem varð mitt annað heimili eftir að ég fluttist vestur á ég mínar bestu minningar frá þessum árum. Heimilisfólkið þar sem var vinafólk mitt á meðan það lifði er nú allt farið hinstu ferðina. Halldór dó á sóttarsæng á Hópi, Guðrún eldri lést hjá dóttur sinni eftir að þær fluttust út í Grafarnes. Hjálmtýr drukknaði í ofsaveðri 1940 ásamt mági sínum manni Guðrúnar yngri, en hún lést hér á Landsspítalanum fyrir nokkrum árum.

Í minningu minni finnst mér þetta fólk hafa verið sælt og þakklátt fyrir allt. Fyrir góða veðrið, fyrir grassprettuna, fyrir fiskinn úr sjónum og lífið sjálft. Og ég er þakklát fyrir kynni mín af góðu fólki á Snæfellsnesi.

Rétt fyrir utan girðinguna sem var kringum húsið okkar stóð lítil kotbær. Þar bjó gömul kona sem Ágústína hét. Þessi gamla kona var dálítið sérstæð og hafði ég mjög gaman af því að tala við hana og hún við mig. Hún var í gamla tímanum og ég nýi tíminn í hennar augum. En áður en ég segi nánar frá henni ætla ég að lýsa bænum hennar því hann var í mínum augum gamli tíminn uppmálaður.

Þetta var lágur torfbær með þröngum moldargöngum og þegar innúr þeim kom var gengið í fremri bæinn sem var rúmlengd og auk þess var þar kista og tréstóll. Dyr voru þarna inn í innri bæinn, baðstofuna, og hefur hún líklega verið tvær rumlengdir. Gluggi var á miðjum gafli og borð fyrir framan hann milli tveggja rúma sem voru undir súð, sitt hvorum megin, eins og venjan var í þessum gömlu baðstofum. Fram við dyrnar öðrum megin stóð lítil eldavél með tveim hölfum fyrir potta, en ofan til á vélinni var reykrör, langt og mjótt og náði það alla leið upp úr baðstofuþekjunni. Á því var mittisband úr gjarðajárni, neglt í þilið sitt hvorum megin til stuðnings. Oft hef ég hugsað um það síðan hve þetta rör var í rauninni þægilegt fyrir gömlu konuna. Á því þurrkaði hún alla sokka og vettlinga og annað sem hún þurfti að ylja og þurrka því synir hennar unnu við skepnuhirðingu og fleira sem gerði þá bæði handkalda og vota í fætur. Ég kom held ég aldrei í Gústubæ án þess að rörið væri fullt af plöggum. Það voru sokkar og vettlingar kallaðir fyrir vestan og hef ég fylgt þeirri venju síðan, enda lærast á skemmri tíma en 39 árum að laga sig eftir staðháttum í orði og verki.

Hjónin í vegavinnuskúrunum á Ströndum sumarið 1966.



Þarna í bænum hjá Gústu, eins og hún var oftast nær kölluð, sá ég í fyrsta sinn bakaðar glóðarkökur. Þær voru úr rúgmjöli og þynntar út og flattar. Ég kom til Gústu eitt sinn og hitti þá svo á að hún lá á hnjánum fyrir framan eldavélina og blés í glóðina. Þegar móglóðin var vel lifnuð stakk hún köku inn í vélina og sneri henni á ýmsa vegu þar til hún var vel bökuð báðum megin. Strauk hún þá öskuna af kökunni með léreftsrýju sem hún vafði svo utan um kökurnar þegar bakstrinum var lokið. Fannst mér bæði fróðlegt og skemmtilegt að sitja þarna hjá henni meðan hún sýslaði við baksturinn. En ekki varð ég lítið hissa þegar gamla konan stakk léreftsrýjunni með kökunum undir koddann sinn, í rúmshornið. Ég spurði hana hví hún gerði þetta. Mér datt helst í hug að hún væri að fela kökurnar fyrir sonum sínum; þeir myndu gerast fingralangir í þetta lostæti þegar þeir kæmu inn. En svo var ekki. Hún sagðist bara ævinlega gera þetta því kökurnar héldust svo mjúkar undir pressunni frá koddanum.

Þessi gamla kona var alltaf ánægð. Ég sá hana aldrei skipta skapi og hún lét hverjum degi nægja sína þjáningu. Ef hún stóð á bæjarhellunni þegar bátarnir

komu að rölti hún niður í fjöruna og fékk nýjan fisk í soðið. Það þótti sjálfsagt að gefa þeim í soðið sem komu á bátafjöruna. Og Gústa átti þá mjúkar glóðarkökur undir koddanum sínum fyrir sig og sína með fiskinum sem blessaðir sjómennirnir höfðu gefið henni. Þetta var þakkað og þetta var nóg. Það þurfti ekki að hafa áhyggjur af komandi degi.

Ég fann þá fljótt þegar ég fór að vera í Grundarfirði að ég var allt of fákunnandi því að flestir báru þar óverskuldað traust til mín. Ég hafði lært hjálp í viðlögum og kom það sér oft vel bæði fyrir mig og aðra því ýmislegt kemur fyrir. Var ég oft beðin að hjálpa ef einhver meiddi sig og gerði ég það eftir bestu getu. Ég tók korn úr auga, batt um sár, skar í kýli og sitthvað fleira.

Margt var það sem ég flutti með mér til heimilisins og var nýtt þarna fyrir vestan. En eitt vakti þó mesta furðu hjá nágrannakonum mínum og það var lítil, hvít eldavél. Gömul kona sem Sigríður hét kom til mín einn daginn. Var hún klædd síðu, gráröndóttu pilsu og dagtreyju, með snjóhvíta svuntu, og bað mig, elskuna sína, að lofa sér að sjá hvort það gæti borið sig að eldavélin mín væri hvít eins og svuntan hennar. Fór hún frá mér dolfallin yfir þessum fínheitum og hafði þá meira að segja drukkið kaffi sem hitað var við mó á þessari undravél.

Mörg voru árin sem ég átti heima á þessum afskekktu stað áður en nokkur vegur kom sem hægt var að aka eftir. Reiðgötur voru aðeins örmjóir troðningar, rétt fyrir hestana sem voru einu farartækin á landi. Var því helst farið á sjó ef þurfti að sækja lækni til Stykkishólms. Þá var það undir veðri komið hvort hægt var að komast sjóveg. Læknirinn var oft ekki heima og varð þá að bíða eftir honum. Hérað hans náði inn um allar Breiðafjarðareyjar, suður um alla Staðarsveit og út fyrir Jökul.

Oft var það að presturinn á Setbergi komst ekki yfir fjörðinn dögum saman að vetrinum. Hann messaði í skólahúsinu og á Bryggju þriðja hvern sunnudag ef fært var. Kom hann vanalega á hestum, en var sóttur sjóveg ef hann þurfti að halda húskveðju og ekki fært landveg. Ég byrjaði strax fyrsta haustið að syngja við messur og gerði það í rúm 25 ár.

Svo var það einn veturinn að Sigríður, sú sem undraðist mest að sjá hvíta eldavél, veiktist og dó. Bæn átti að hafa í litla bænum og syngja sálma áður en farið væri með líkið til greftrunar að Setbergi.

Nú var úr vöndu að ráða, norðanrok dag eftir dag og illfært á hestum

landveg. Þegar rúm vika var liðin lægði veðrið eftir hádegi og varð að grípa stundina. Talaði prestur við mig og bað mig að fara og lesa bæn og fá einhvern til að syngja með mér ef hægt væri að komast yfir þennan dag. Eftir veðurútliti að dæma var of tafsamt að sækja prestinn fyrst, enda þá komið myrkur. Þannig hagaði til við lendingu á Setbergi að selflytja varð á árabát því ekki var hægt að lenda stórum bátum. Ég fór og tók að mér prestverkið og gekk það allt að vonum. Ég fékk ágætan söngvara með mér, mann sem var þarna gestkomandi og hafði sungið í kórum í mörg ár í höfuðstaðnum. Svona var nú lífið í afskekktum þorpum úti á landsbyggðinni á þessum árum: úfinn sjór með stormi og oft stórhrið og ekki hægt að komast landveg því allt var hvítt af snjó milli fjalls og fjöru. En þrátt fyrir allt, bæði vegleysur og vetrarhörkur, held ég að fólkið hafi verið eins ánægt og nú í öllu peningaflóðinu og þeim mikla hraða sem er að gera út af við mannfólkið. Þegar ég byrjaði búskap í Grundarfirði nítján ára gömul kynntist ég ýmsu sem ég hafði ekki áður þekkt og margt var þar sem ég sá þá í fyrsta sinn. Ég var alin upp í Reykjavík að mestu leyti og var því ókunnug ýmsu sem tíðkaðist fyrir vestan, svo sem hlóðaeldhúsi, upptöku á mó og eldamennsku við slíkar aðstæður og nýtingu á ýmsum mat. Sagt er að sinn siður sé í landi hverju og eins held ég að það sé með landshlutana.

Þegar ég settist að fyrir vestan hafði ég ekki mikla reynslu af heimilishaldi. Ég hafði aftur á móti bæði verið í skóla og unnið úti. En móðir mín var mikil húsmóðir og við systurnar kunnum það sem við vorum látnar gera. Við vorum látnar endurtaka það þar til mömmu líkaði og var þetta gott veganesti fyrir mig, svo langt sem það náði.

Ég hafði farið á þriggja vikna matreiðslunámskeið hjá Theodóru Sveinsdóttur sem var konunglegur matreiðslumaður. Hafði hún verið fengin til að taka á móti Danakonungi og drottningu hans. Þótti hún því fullfær um að segja verðandi húsfreyjum til og búa þær undir heimilishald og matargerð í hjónabandinu. Já, svo mikilhæf að þrjár vikur áttu að duga.

Allt þurfti að baka heima, bæði brauð og meðlæti með kaffi, sækja allt neysluvatn í brunn og taka upp mó því ekki var um annan eldivið að ræða. Mórinn var tekinn í kögglum sem stungnir voru upp með skóflu, en síðan var köggullinn sneiddur niður og flögurnar reistar upp á rönd og látnar styðjast hver við aðra á meðan þær voru að þorna. Þegar mórinn þótti vera orðinn hæfilega þurr var honum hreykt í hrauka sem voru í laginu eins og vörður og

*Elísabet bakar
pönnukökur fyrir
sína menn fyrir
norðan.*



hlaðnir á svipaðan hátt. Vörður voru vegvísar á heiðum og fjallvegum hlaðnar úr grjóti og voru margar hrein listaverk.

Eitt var það sem ég hafði aldrei gert ein er ég flutti úr foreldrahúsum og það var að búa til slátur. Ég hafði aðeins hjálpað til, haldið í ristla, brytjað mör og annað slíkt eins og unglíngum var ætlað á þeim tímum. Slátur varð ég þó að taka því okkur þótti það gott og við vorum vön því að heiman, enda tóku flestir slátur að haustinu ef þess var nokkur kostur, bæði til sjávar og sveita.

Ég vildi ekki vera eftirbátur annarra kvenna þarna í plássinu því allar tóku innan úr eins og það var kallað. Nú var úr vöndu að ráða, en eitt heimili var það öðrum fremur sem ég hafði samband við. Það var heimili fólksins sem maðurinn minn hafði haldið til hjá er hann fór í kynnisför sína vestur áður en við fluttum. Við héldum alla tíð sambandi við það heiðursfólk og húsmóðirin átti eftir að reynast mér sem góð móðir.

Hún tók slátur úr 30 kindum og fór ég til hennar til að vera einhvers vísari um þessa matargerð. Guðrún mín sat í hlóðaeldhúsinu og rakti ristla þegar mig bar að garði. Svo hagaði til að eldhús þetta var ekki áfast við bæinn heldur spölkorn frá. Fór ég beint þangað því þangað var ferðinni heitið. Guðrún vildi hætta við það sem hún var að gera og koma með mér í bæinn því hún lét

ekkert tækifæri ónotað til þess að sýna öllum fyllstu gestrisni sem að hennar bæjardyrum komu. Ég sagði henni að ég væri einmitt komin til að hitta hana þarna og bjóða aðstoð mína. Varð þetta mér eftirminnilegur dagur. Ég spurði og Guðrún gaf greið svör.

Þarna voru ristir ristlar og kalónaðar vambir því á hlóðunum stóð stór pottur með vel heitu vatni og var vömbunum dýft þar í þar til gorið losnaði og þá var skafið þarf til vömbin var orðin hvít sem léreft. Þarna sá ég í fyrsta og eina sinnið búna til garnabagga. Garnirnar voru skafnar þar til þær urðu eins og hvítur þráður. Úrgangskjöt, hálsæðar og hjörtu voru lögð saman í lengjur og görnunum síðan vafið utan um þar til bagginn þótti hæfilega stór. Þar sem garnirnar voru alveg fitulausar var smávegis af mör sett inn á milli kjötsins, en þess þurfti ekki þegar ristlanir voru notaðir. Þeir voru nógu feitir. Engin smáræðis vinna var lögð í þetta allt. Engu var hent, en allt notað til hins ítrasta. Úr þessu varð sem sagt skóli. Ég var þarna í þrjá daga, nokkra tíma á dag, og lærði allt sem að sláturgerð laut. Guðrún mín gaf mér greið svör við öllu sem ég þurfti að vita, svo góð að þau hafa dugað mér til þessa. Ég tek slátur á hverju hauti og endurlifi þá dagana þegar við Guðrún sátum saman, hvor á sínum kassanum, og ég var að búa mig undir mína fyrstu sláturgerð.

Við vorum öllu og öllum ókunnug þegar við komum til Grundarfjarðar, þekktum ekki fólkið og það ekki okkur. Við komum úr Reykjavík sem var stórborg í augum þess. Margt af því hafði aldrei komið út fyrir sveitina sína, hvað þá til Reykjavíkur.

Sá sem ráðinn var plássbóndi eins og það var kallað átti að líta eftir því fyrir eigandann að vel væri um gengið. Eitt af því sem hann átti að gera var að mæla út mógrafir handa þeim sem þarna bjuggu. Þó að mórinn þarna væri allur góður var hann samt dálítið misjafn og því oft talsverður vandi að gera alla ánægða. Þetta var því vanþakklátt verk eins og svo margt í þessu plássbóndastarfi. Kom það sér því vel að vera verkséður og laginn að stjórna mönnum og málefnum, svo sem kom fram síðar á lífsleiðinni, því Ásgeir tók fljótlega við vegagerð í Eyrarsveit og var verkstjóri hjá Vegagerð ríkisins um meira en 20 ára skeið.

Maðurinn minn var fæddur í Þjóðólfstungu við Bolungarvík og fluttist þaðan með foreldrum sínum til Reykjavíkur árið eftir ferminguna. Fór hann strax að vinna fyrir sér og var við ýmis störf hjá Clausensbræðrum í Reykjavík.

Höfðu þeir stórverslun þar sem nóg var að gera. Fyrst í stað var Ásgeir í sendiferðum, en síðar við önnur verslunarstörf. Hjá Clausensbræðrum starfaði hann í versluninni þar til við giftum okkur og fluttumst til Grundarfjarðar.

Ásgeir mótaðist mikið hjá þessum bræðum og bar það með sér alla ævi. Hann var frjálsgalur í allri framgöngu, hispurslaus og kurteis, en sagði hiklaust það sem honum fannst, hvort sem það líkaði betur eða verr. Var hann því nokkuð opinskár ef honum mislíkaði.

Er mér í fersku minni eitt atvik í þessu sambandi. Það gerðist að vori til á sunnudegi, en ég fór vanalega á fætur fyrst á sunnudagsmorgnum og færði manni mínum kaffi í rúmið. Varð þetta að venju í gegnum árin. Hann fór fyrstur allra á fætur allan veturinn, tók upp eldinn og setti ketilinn yfir. Kom hann svo er hann var búinn að gefa á í fjárhúsunum og drakk kaffið með mér í rólegheitum. Þá var ég komin í eldhúsið sem var orðið hlýtt og notalegt. En eins og fyrr segir var það mitt á sunnudögum að hita kaffið, opna húsið og hleypa deginum inn eins og sagt var að sá gerði sem opnaði fyrstur á morgnana.

Þennan sunnudagsmorgun er við vorum að drekka kaffið og maðurinn minn var enn í rúminu, en ég sat á stökknum, heyrdum við að eldhúsdyrnar voru opnaðar. Gengið var áfram inn í svefnherbergið og í dyrunum stóð maður sem Sigurður hét og var kallaður hómópati. Gárungarnir styttu það í Siggi pati. Hann var þarna kominn að vitja um líðan mína. Ég hafði verið eitthvað lasin og hann frétt það og lækjurinn komið upp í honum. Ásgeir varð fyrir svörum og sagði honum að um líðan mína fengi hann að vita þegar hann væri farinn út aftur og búinn að berja og bíða þar til honum yrði boðið inn. „Svona vil ég ekki að neinn vaði inn í mín hús og inn á mig í rúminu, Sigurður minn.“ Sigurður hlustaði á þessa áminningu eins og skóladrengur, fór þegjandi fram og eftir litla stund heyrdum við barið á útihurð. Ég fór fram og heilsaði Sigurði eins og ég hefði ekki séð hann fyrr þennan morgun. Bauð ég honum inn upp á kaffi og fékk hann greið svör um líðan mína.

Já, svona var maðurinn minn og einn mektarbóndi sagði um hann: „Hann er kannski fullhreinskilinn stundum, en ég kann vel við hann því maður veit hvar maður hefur hann.“

Ásgeir byrjaði með litla verslun í Grundarfirði eftir að við vorum búin að setja okkur niður og laga í kringum okkur til bráðabirgða. Fyrsta veturinn höfðum við fjögur lömb í skúr við húsið og voru það einu skepnurnar sem við

áttum það árið, en svo fór að fjölga því Ásgeir byrjaði strax að rækta og girða. Hann hafði mjög gaman af skepnum og þessi verslun sem var í smáum stíl dugði okkur ekki til þess að framfleyta okkur á henni svo eitthvað varð að gera. Ásgeir var ekki sjómaður í eðli sínu og fannst honum ekki koma til greina að stunda sjóinn. Við vorum bæði hraust og vinnufús og vinnuglöð, enda gekk allt vel hjá okkur. Við smájum búið og eftir fjögur ár áttum við eina kú, 30–40 kindur og tvo hesta.

Eitt var það sem Ásgeir leið fyrir, sértaklega fyrstu árin okkar. Það var myrkfælni. Hann tók út fyrir að fara í húsin til kindanna eftir að dimmdi. Hann hafði þann sið að gefa á í rökkurbyrjun meðan kindur voru úti milli mála og átti þá aðeins eftir að hleypa þeim inn eftir að orðið var dimmt. Í fjósið fórum við bæði, ég mjólkaði og hann gaf um leið og vatnaði.

Ég veit að þetta háði honum mikið fyrstu árin og fylgdi honum bæði á ferðalögum eftir að við eignuðumst fleiri hesta og eins úti við. Einn hest áttum við sem var svo skyggn að hreinustu vandræði voru að koma honum áfram á nokkrum stöðum þar sem við urðum oft að fara um og man ég eftir einni slíkri ferð til Ólafsvíkur.

Við riðum um hlaðið á Fróðá í Fróðárhreppi. Ég var á undan á gráum hesti, þægilega viljugum, og gekk greitt. Ásgeir var á eftir og var þetta í rökkurbyrjun og sá til bæjarhúsa þegar ég fór hjá. Er ég kom spölkorn frá bænum leit ég við til að vita hvað Ásgeiri liði, en sá hann ekki. Hann var með tvo til reiðar, dökkjarpan hest sem hann teymdi og brúnan sem hann sat. Ég sneri við til að vita hvað þessu ylli og er ég kom til Ásgeirs var hann kominn af baki og hélt í hestana. Strauk hann Brún og kjassaði, en blessuð skepnan skalf öll og nötraði. Sagði Ásgeir mér að hesturinn væri alltaf tregur að fara þarna framhjá, en svona hefði hann aldrei látið, það væri ekki viðlit að koma honum úr sporunum.

Ég hafði aldrei verið myrkfælin og fannst mér hegðan hestsins furðuleg. Ásgeir sagðist vera viss um að hann sæi eitthvað og reyndum við með öllu móti að koma honum af stað, en hann lét sig ekki, spyrnti við fótum og frýsaði. Ég stakk upp á því að Ásgeir legði hnakkinn á Jarp og svo skyldum við hafa Brún á milli okkar og ríða þétt upp við hann. Með þessu móti mjökuðumst við áfram þar til við vorum komin út fyrir bæinn Fróðá, en þá tók Brúnn undir stig stökk og var lítt viðráðanlegur það sem við áttum eftir til Ólafsvíkur. Þessi hestur var vitur, viljugur og góður ferðahestur, en Ásgeir sagði mér að hann sæi svo

margt á ferðum þeirra að það væru vandræði fyrir sig að vera einn á ferð með hann því þeir væru báðir jafn myrkfælnir.

Eftir að við fluttumst í Grafarnes og Kvíabryggjuhælið var stofnsett það forstjóri á hælínu, Ragnar Guðjónsson, Ásgeir að aðstoða við að slá upp fyrir hlöðu. Þetta var um vor og Ásgeir fór af stað út eftir klukkan 6 um morguninn því hann ætlaði að byrjað yrði á verkinu um klukkan 7.

Þegar út eftir kom og Ásgeir gekk inn um túnhliðið sá hann mann ganga frá íbúðarhúsinu niður túnið og hverfa inn í fjósið sem þar var nokkru neðar og áfast við gripahús og hlöðu. Fannst Ásgeiri Ragnar vera árrisull því honum sýndist maðurinn vera hann. Hélt hann niður túnið og að fjósdyrnum sem hann kom að lokuðum. Tók hann lokuna úr kengnum, en áttaði sig á því er hann stóð með hana í hendinni að maðurinn sem hann hélt vera Ragnar hafði ekki þurft að opna til að komast inn. Sneri hann nú heim að íbúðarhúsinu, en tók þá eftir því að hæsnahópur sem var á túninu hafði ekki hreyft sig er maðurinn gekk þar um, en flögraði í allar áttir er hann fór hjá. Nú fór hann að gruna margt og datt í hug að vita hvort Ragnar væri vaknaður. Svo var ekki því Ásgeir varð að berja að dyrum nokkrum sinnum þar til Ragnar kom fram á náttklæðunum. Eftir þetta fór myrkfælnin mikið af Ásgeiri.

Skammt er oft milli skers og báru og milli lífs og dauða. Oft hef ég orðið þess vör á lífsleiðinni eins og nú skal greina.

Ég var orðin veik og þurfti að sækja til mín yfirsetukonu. Það var annað barn mitt sem var á leiðinni, en það fæddist 2. febrúar 1931.

Frosthörkur höfðu verið um hríð, veður kalt, en ekki vont, úrkomulaust og fremur bjart í lofti. Maðurinn minn hafði eldishausta á skaflajárnum í hesthúsi vegna þess að ég vænti mín á þessum tíma.

Leiðin sem hann þurfti að fara lá yfir svokallaðan Hálsvaðal sem var harður sandur að sumri og vori til og þá áskjósanlegasti reiðvegur á góðum hestum. En í frosthörkunum á vetrum lagði þessa sanda fljótlega og var þá hættulegt að fara þá nema alveg væri fallið undan ísnum. Enginn áræddi að fara þetta um flæði þótt freistandi væri að stytta sér þannig leið og auk þess var þarna kargapýfi og mjög seinfarið kringum vaðalinn. Sögusögn var um það að maður hefði ríðið út á ísinn og horfið með hesti og öllu saman.

Við áttum úrvalshesta og hét Ásgeir því að vera fljótur, enda alltaf snar í snúningum og ekki síst þegar svona stóð á. Kvaddi hann heimafólk og reið svo

beint af augum upp Hálsvaðalinn, stystu leið. Eins og ég sagði var hann með tvo úrvalshesta og held ég að þeir hafi bjargað lífi hans því aðeins var byrjað að breyta eða falla út eins og gamla fólk sagði fyrir vestan þegar það sá mun á fjöruborðinu og útfallið var að byrja. Ásgeir hleypti hestunum eftir ísnum, var fljótur að vekja nærkonuna og leggja af stað heim aftur. En þegar þau komu í fjöruna og hann ætlaði sömu leið til baka sá þau hvers kyns var. Ísinn var farin að síga og sjór var í hófförunum sem myndast höfðu hálf tíma áður. Ljósmodir sagði mér ferðasöguna vikuna sem hún var hjá mér og bætti svo við: „Þú mátt þakka Guði að þú skyldir fá manninn þinn heim aftur. Þar hafa hestarnir verið notaðir til bjargar því þeir hafa bókstaflega farið í loftinu eftir ísnum. „Mér þótti nóg um ferðina til baka. Oft hef ég nú farið hratt yfir þessi ár sem ég hef verið hér í starfi, en hvílík yfirferð! Drottinn minn! Þið eigið alveg afbragðs hesta,“ sagði hún að lokum.

Annað atvik líður mér seint úr minni eða þeim sem áttu hlut að máli.

Elsti sonur okkar var fljótt dugmikill og hræddist ekkert, held ég. Þeir voru þrír, vinirnir, sem alltaf voru saman og tóku upp á ýmsu eins og strákum er títt. Ekki var það allt leyfilegt.

Eitt sinn að vori til hurfu þessir þrír ungu menn. Tveir munu hafa verið tólf ára, en sonur okkar árinu yngri. Af því að þeir léku sér svo oft við sjóinn vorum við búin að senda hann til Reykjavíkur á sundnámskeið og gat hann vel bjargað sér og var oft að busla í sjónum.

Á þessum tímum, fyrir 40 árum, var svo vel fylgst með börnunum að ef þau komu ekki heim í mat á réttum tíma var farið að huga að því hvar þau héldu sig. Var því ekki undarlegt þótt hafin væri leit að þessum þrem þegar enginn þeirra hafði sést frá hádegi og fram yfir miðjan dag.

Þegar búíð var að spyrjast fyrir í öllum húsum í þorpinu sem ekki voru mörg var farið í símann, en enginn hafði orðið var við þessa litlu ferðamenn. Nú urðum við alvarlega hrædd.

Presturinn okkar var á Setbergi, austan megin við fjörðinn, á móti Bryggjuplássinu. Hafði hann sem hlunnindi með Setbergi eyju sem Melrakkaey heitir og er nokkuð langt úti í mynni fjarðarins. Var heyjað þar að sumrinu og fékk sá sem leigði eyna hverju sinni tvö til þrjú kýrfóður af henni, en flutti til prestsins nokkuð af heyi upp í leiguna. Einnig var þarna varp og nokkur dúntekja.

Presturinn var athugull maður og fylgdist með ferðum til sjós og lands.

Átti hann forlata kík til að fylgjast með heyflutningunum og annarri umferð á sjónum. Hann hafði frétt af hvarfi drengjanna og símaði nú til okkar. Sagðist hann vera búinn að sjá lítinn bát úti undir eyju og færi hann afar hægt yfir. Brugðið var við og farið á vélbát á móti þessum farkosti sem rétt hreyfðist á sjónum. Og þegar þeir mættust, arabáturinn og vélbáturinn, kom í ljós að þarna voru vinirnir komnir, heldur framlágir, á litla bátnum sem auðvitað hafði verið tekinn traustataki.

Sonur okkar var alveg holdvotur og var sú skýring á því að strákarnir höfðu misst bátinn frá sér við eyna og hafði hann þá hent sér í sjóinn og synt eftir honum. En þetta var ekki kapp með forsjá því litlu munaði að illa færi. Drengur rétt náði bátnum og var lengi að jafna sig áður en hann gat damlað að eygni þar sem félagarnir biðu dauðskelkaðir.

Sæfararnir voru ekki hressilegir þegar heim kom, en það er eins og máltækið segir: „Ekki verður feigum forðað né ófeigum í hel komið“.

Skemmtanir voru ekki fjölskrúðugar á þessum árum í fámennu byggðarlagi úti á landi.

Á sumrin var helsta skemmtunin að fara á hestbak. Það var dásamlegt því það eru orð að sönnu, að „milli manns og hests og hunds hangir leyniþráður“. Hestamennska er mér í blóð borin. Ég er dóttir hins kunna hestamanns, Helga Jónssonar, sem kenndur var við Tungu við Reykjavík. Áttum við hjónin alltaf góða hesta, suma afgang góða, og var maðurinn minn sérlega laginn við þá eins og allar aðrar skepnur. Hann hafði yndi af þeim og fór vel með þær.

Ég átti reiðhest, ættaðan af Rangárvöllum. Hann var af svokölluðu Kollukyni, brúnn, mjög fallegur og mikill töltari. Hann fór alveg meðal-hestaferð á töltinu og var þá yndislegt að sitja hann. Einu sinni að sumri til héldum við útiskemmtun þar sem kappreiðar voru meðal skemmtiatriða. Var hún haldin til að efla kirkjubyggingarsjóðinn. Voru hestarnir sex og sat ég á Brún mínum og varð langfyrst í öllum hlaupunum. Fyrst hlupu tveir saman, síðan þrír og eftir það kom að úrslitunum.

Fyrstu árin okkar var fátt til skemmtunar að vetrinum. Helst var það eitthvað ef fólk kom hvað til annars og spilaði á spil. Dansleikir voru tvisvar til þrisvar að vetri. Kringum jólahátíðina var hjónaball sem kvenfélagið hélt og einnig jólatrésskemmtun fyrir börnin. Þótti það mikil og góð skemmtun.

Þangað fór allt gamalt fólk sem á annað borð gat hreyft sig út úr bæ því þessi jólaskemmtun var haldin miðsvæðis í sveitinni og áttu sumir nokkuð langt að fara. En fólkíð var vant að ganga á milli bæja og taldi það ekki eftir sér ef heilsa og veður leyfðu.

Þetta átti nú eftir að breytast. Þegar ég var búin að vera á Bryggju í 5–6 ár gaf maðurinn minn mér stórt, hljómsterkt og mjög gott orgel. Þetta hljóðfæri var flutt út í samkomuhúsið á Bryggju í þrjá eða fjóra vetur og spilaði ég á það á böllunum.

Maður einn í þorpinu átti einfalda harmóniku og hvíldi hann mig. Bæði spiluðum við eftir eyranu og þurftum því ekki nótur. Ég bjó mig alltaf undir þessa spilamennsku með því að læra þau lög sem ég komst yfir, bæði gömul og ný, og svo skrifaði ég textann og hafði hjá mér á orgelinu. Þannig minnti ég mig á lögin.

Ég man að ég spilaði einu sinni í þrjá klukkutíma, en aldrei sama lagið. Ég hafði mjög gaman af því að spila undir dansi og söng þá oft með þegar ég hafði lært textana. Í tvo vetur spilaði ég fyrir skólabornin seinnipartinn á laugardögum og kenndi þeim gömlu dansana og tíu árum seinna þótti mér ánægjulegt að sjá að það var einmitt þetta fólk sem best dansaði í sveitinni.

Kvenfélagskonurnar í Eyrarsveit voru og eru einhverjar duglegustu og ósérhlífustu konur sem ég get hugsað mér. Eftir að vegasamband batnaði og fólk átti hægara með að komast á milli fór félags- og skemmtanalíf að blómgastr.

Smáleikþættir voru settir á svið og var það vel þegið. Haldin voru hjónaböll og þorrablót og svo komu kvenfélagskonurnar á mjög ánægjulegum skemmtikvöldum fyrsta laugardag í góu. Buðu þær þá gestum og man ég vel fyrstu góuskemmtunina. Hún var svo skemmtileg og vel heppnuð að margar nýjar konur gengu í félagið eftir það kvöld. Ég ætla að lýsa þessari skemmtun í fáum orðum.

Konurnar bökuðu eina köku hver, þá tegund sem hver taldi sér takast best upp með. Kom svo hver þeirra með það sem til þurfti fyrir sig og sína gesti, svo sem bollarör, dúka á borð og kertaljós. Drukkið var við lítið borð, en langborð var á miðju gólfi í salnum þar sem allar fínu kökurnar voru ásamt kertaljósum, flöggum og blómum. Síðan voru á dagskrá skemmtiatriði sem konurnar höfðu samið og flutt voru af þeim.

Formaður bauð gesti velkomna. Síðan var leikþáttur eftir eina konuna og

Þrjár léku. Þar næst kom frumsamin ferðasaga því prestfrúin okkar hafði farið til útlanda á árinu og sagði frá því ferðalagi. Og svo vel var sagt frá að við förum öll með henni í ferðalagið þarna í veislusalnum. Þá komu gamanvísur eftir eina ungu konuna, sungnar af annarri við undirspil þeirrar þriðju og auðvitað voru vísurnar um kvenfélagskonurnar. Á ég þessar vísur ennþá því þær gerðu mikla lukku. Næst kváðust tvær fullorðnar konur á og var gerður að því góður rómur. Að endingu var stiginn dans. En það var engin hljómsveit. Nei, ónei! Tvær ungar konur léku til skiptis á harmóníku af miklu fjöri. Þetta var nú kvenfólkið í þá góðu, gömlu daga. Hvað segja rauðsokkurnar nú?

Við hjónin förum frá Grundarfirði til Hólmavíkur sumarið 1965 þar sem maðurinn minn var við vegaverkstjórn og héldum við til í bústað vegavinnu-manna sem er á staðnum. Heimili áttum við áfram í Grundarfirði þar sem húsið okkar var og fluttum við þangað aftur að haustinu þegar verki var lokið

Svona gekk þetta til, að við vorum á sumrin á Hólmavík, en á veturna í Grundarfirðinum, þar til í maí 1968 er við fluttum búferlum til Hólmavíkur.

Þegar við vorum flutt þangað byrjuðum við á því að koma okkur fyrir í leiguhúsnaði sem við fengum á skemmtilegum stað í þorpínu og mjög þægilegum því við vorum alveg miðsvæðis. Verslunin var öðrum megin við okkur, en bensínafgreiðsla og þvottaplan á hinn veginn. Kom það sér vel þar sem sonur okkar var þá flokksstjóri hjá föður sínum og þeir félagar voru með þrjá bíla sem þurfti oft að þvo. Þegar ég stóð við annan stofugluggann minn blasti þetta þvottaplan við mér, en það var alveg á sjávarbakkanum.

Eina nótt dreymir mig að ég stend við þennan glugga og sé að þvottaplanið er fullt af íshröngli. Sé ég hvar sjórinn flytur þetta á land svo að smáfyllist upp að glugganum sem ég stend við. Af þessu fannst mér leggja mikinn kulda. Í miðju þessu íshröngli sé ég höfuð á manni sem rétt stendur upp úr. Ég þykist þekkja þarna höfuðið á manninum mínum og snýr hann því við með erfiðsmunum og brosir upp í gluggann til mín. Síðan leysist hann upp og hverfur.

Ég sagði Ásgeiri þennan draum og hann sagði: „Já, það smástyttast árin þrjú og þá gufa ég upp eins og í draumnum.“

Það var síðsumars árið 1966, meðan við vorum í Hólmavík, að Ásgeir þurfti til Reykjavíkur. Hann kom þar í hús kunningja síns og sat í stofu við kaffidrykkju þegar hurðinni var hrundið upp og inn kom sonur gestgjafans, staðnæmdist í dyrunum, starði á þá féлага og sagði:

„Ásgeir, á ég að segja þér hve þú átt eftir að lifa lengi?“

„Já, blessaður gerðu það,“ segir Ásgeir.

„Það eru þrjú ár,“ segir pilturinn.

Stendur þá faðir hans upp og segir: Blessaður, Ásgeir, taktu ekki mark á honum! Hann segir svo margt.“ Ekki varð meira úr þessu þarna á staðnum, en Ásgeir tók svo sannarlega mark á orðum pilsins og minntist þeirra oft á næstu árum.

Annað atvik er mér minnisstætt sem gerðist síðasta veturinn sem við áttum heima í Grundarfirði, veturinn 1967–1968. Þá dreymdi Ásgeir að inn til hans kom maður þar sem hann lá í rúmi sínu. Maðurinn hélt á hvítu spjaldi, nokkuð stóru, og var á því talan 23. Maðurinn hélt spjaldinu kyrru dágóða stund án þess að mæla orð og fór síðan.

Sama vetur gerðist það einnig að ég færði manninum mínum kaffi í rúmið einhvern morguninn. Þegar hann hafði lokið við kaffið tók ég bollann og setti hann fram í eldhúsið. Eitthvað hefur tafið mig við uppþvottinn því nokkru síðar, þegar maðurinn minn kemur fram í eldhúsið, grípur hann bollann af borðinu og segir: „Hver drakk úr þessum bolla?“

„Það er þinn bolli,“ svaraði ég.

„Er ég þá bráðfeigur?“ varð honum að orði um leið og hann skoðaði bollann vandlega.

Ég vil skjóta því hér inn í frásögnina að Ásgeir hvolfdi oft bolla og hafði mjög gaman af þeim myndum sem komu eftir kaffið, en ég var því aftur á móti frábitin að vilja líta í bolla hjá honum og fannst það fáránlegt af fullorðnum manni að hafa gaman af þessu.

En þegar hann rak bollann upp að mér í þetta sinn varð ég að horfa. Já, og starði lengi því í bollanum var mynd af höfuðkúpu eins og hún hefði verið máluð á botninn. Ekkert vantaði, þarna voru augnatóftir, nefbein, ennisbein hvítara að framan og allir skuggar eins og málaðir á rétta staði. Mér brá. Bollanum hafði ekki verið hvolft heldur hafði hann þornað á borðinu. Hann er til enn, óuppþveginn, og er myndin jafn skýr og þá. Mynd hefur verið tekin af honum og er hvort tveggja vel geymt sem eitt af þeim dularfullu fyrirbrigðum sem erfitt er að fá skýringu á.

Aldrei höfðum við hjónin verið í burtu hvort frá öðru um áramót þó að árin væru orðin 40 sem við höfðum búið saman. Ég man vel síðasta gamlárskvöldið

sem Ásgeir lifði. Við sátum eins og svo oft áður í stofunni okkar og talan 1968 var að hverfa af sjónvarpsskerminum og talan 1969 að birtast.

Þá var mér að orði: „Ósköp líður tíminn, næst verður komið árið 1970.“

„Já, vina mín,“ sagði Ásgeir, „en þá verð ég ekki hér því þetta er mitt síðasta gamlárskvöld.“

„Hvað heldur þú að við vitum um það hver lifir næstu áramót?“ segi ég.

„Taktu eftir, ég veit vel hvað ég er að segja,“ segir hann um leið og hann stendur upp, gengur til mín og óskar mér gleðilegs árs og þakkar öll þau liðnu.

Um mánaðamótin janúr og febrúar 1969 fer Ásgeir að verða lasinn. Í marsmánuði var gerður á honum holskurður sem leiddi í ljós að mánuðirnir yrðu ekki margir sem hann ætti ólifaða í þessum heimi. Hann komst þó á fætur og heim og var við sæmilega heilsu og ekki rúmfastur, en ég vissi vel að hann var oft þreyttur og lasinn.

Í júní dreymdi mig draum. Þannig hagaði til í húsi því á Hólmavík er við leigðum í að stigi var í innri gangi upp á loftið. Í draumnum er ég stödd í stiganum og mér finnst eins og allar hurðir niðri – sem voru fjórar – opnast samtímis með hávaða miklum og kuldagust leggi upp til mín. Þegar ég lít niður sé ég að opið er út á tröppur og við stigann stendur Helgi faðir minn sem látinn var fyrir mörgum árum. Mér fannst hann gustmikill, með úfið hárið, eins og hann kæmi inn úr vondu veðri. Ég spyr hann af hverju hann sé kominn.

„Kem ég of snemma?“ segir hann.

„Já, áreiðanlega ef þú ætlar að hitta mig,“ svaraði ég.

Þá snýr hann til útgöngu, en kallar til mín um leið og hann gengur út:

„Ég kem þá aftur í ágúst.“

Ásgeir dó 23. ágúst 1969.

Þórunn Kristinsdóttir

Verkalýðsfélagið Stjarnan

Miðvikudaginn 16. september 1942 komu nokkrir menn saman í Þinghúsinu á Grund að undirlagi Jóhanns Ásmundsonar á Kverná til að undirbúa stofnun verkalýðsfélags í Eyrarsveit.

Á fundinum voru kosnir í undirbúningsnefnd þeir Þorsteinn Ásmundsson frá Kverná, Pétur Kr, Sigurjónsson á Sigurhæðum, Björn Lárusson í Gröf og Jón Þorvaldsson frá Skerðingsstöðum ásamt Jóhanni Ásmundssyni og skildu þeir semja drög að lögum fyrir væntanlegt félag. Í gögnum félagsins frá þessum tíma má sjá að tekið var fram á fundinum að nefndin skyldi hraða störfum sem kostur væri.

Sem hún svo sannarlega gerði því að aðeins fjórum dögum síðar þann 20. september 1942 var verkalýðsfélagið stofnað og nefnt Stjarnan.

Í fyrstu stjórn félagsins voru kosnir:

Jóhann Ásmundsson Kverná, formaður,
Pétur Sigurðsson, ritari,
Hrólfur Árnason, gjaldkeri.

Gestur fundarins var Þorleifur Jóhannesson ritari Verkalýðsfélags Stykkishólms. Á þennan fyrsta fund mættu 21 stofnfélagi og greiddu þeir allir félagsgjald sem var ákveðið 3 krónur.

Fyrstu lög félagsins voru samþykkt á þessum fundi, en í 2. grein þeirra stendur m.a.: Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag og menningu alþýðunnar með því að semja um kaup og vinnutíma við atvinnurekendur, einnig

að vinna í samvinnu við önnur verkalyðsfélög og Alþýðusamband Íslands að framgangi allra þeirra mála er verða megi til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara fyrir alþýðu landsins. Frá stofnun félagsins og til loka þessa fyrsta árs voru haldnir sex fundir og 19 menn til viðbótar gengu í félagið.

Þessa fyrstu mánuði átti félagið í samningaviðræðum við atvinnurekendur, en kröfurnar voru þær helstar að dagvinnukaup karla yrði krónur 2.10 á tímann, vinnudagurinn 8 stundir, útborgunardagur vikulega, að laun væru greidd ef menn veiktust eða slösuðust við vinnu og að félagsmenn fengju sumarleyfi, þó töldu félagsmenn að hægt væri að fallast á 10 stunda vinnudag hjá Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar.


Tilboð atvinnurekendanna hljóðaði upp á krónur 1,60 á tímann. Í fundargerðabók kemur fram að fallist var á krónur 1,90 fyrir karlmenn og hlutfallslega minna fyrir konur og unglunga en ekki kemur fram hver sú krónutala var.

Á árinu 1944 þegar félagið á í samningaviðræðum við atvinnurekendur þá hóf ritari félagsins Hrólfur Árnason umræður um að of mikið millibil væri milli kaups karlmannna og kvenfólks og unglunga og þetta þyrfti að lagfæra þegar gengið yrði til komandi samninga.

En það þótti hæfilegt að kaup kvenna væri u.þ.b. 40% lægra en karla, að sama skapi greiddu konur lægra félagsgjald en karlar og kvenmannsfæði var ódýrara en karla.

Þá hefst þessi þrautarganga að kvenfólk fái sömu laun og karlmenn fyrir sömu vinnu sem tókst í þrepum og tók nær tvo áratugi. Annars virðist kvenfólk ekki hafa tekið virkan þátt í starfi Verkalýðsfélagsins fyrr en eftir 1970.

Starfsemi félagsins einkenndist aðallega af því að semja um kaup og kjör í byrjun hvers árs og síðar á hverju ári hófst barátta fyrir því að verkafólk og sjómenn fengju launin greidd sem samið hafði verið um en á því vildu verða



Jóhann Ásmundsson.

þær tafir að margsinnis samþykkti félagið vinnustöðvun til að krefjast úrbóta á því.

Á vegum Verkalýðsfélagsins Stjórnunnar voru gerðir kjarasamningar fyrir landverkafólk í fiskvinnslu, verkafólk við sláturstörf, útskipun og undirmenn á fiskiskipum o.fl.

Á þeim tíma var aðeins samið til eins árs í einu og giltu samningar þá aðeins fyrir félagssvæði Stjórnunnar, en slíkt fyrirkomulag var eins hjá öðrum verkalýðsfélögum á landinu þótt þau hafi haft samráð sín í milli. En samvinna milli verkalýðsfélaganna á Snæfellsnesi og annars staðar var alltaf mjög góð.

Til að léttu lundina

Verkalýðsfélagið stóð einnig fyrir skemmtifundum öðru hvoru og á þeim fyrsta árið 1943 eru kosin til að sjá um efni fyrir væntanlegan skemmtifund þau Jón Þorvaldsson til að hafa framsögu, Ása Finnsdóttir og Guðmundur Bergsson til að lesa upp.

Auk þess hefur verkalýðsfélagið alla tíð ýmist eitt sér eða í samvinnu við önnur félög lagt góðum máefnum í byggðarlaginu lið með fjárstyrkjum o.fl. sem of langt er að telja upp hér. En t.d. árið 1951 hafði borist beiðni frá formanni ungmennafélagsins og skólanum um fjárstyrk vegna kaupa á bíóvél sem það gerði og lagði 500 krónur í vélakaupin og var þá orðið meðeigandi og fékk þar með mann í bíóráð.

Orðrétt segir í fundargerðarbók 8. fundar 1952:

Gjaldkeri kom með beiðni frá kvenfélagskonum þar sem þær fóru fram á það að verkalýðsfélagið legði á móti öðrum félögum peninga til að kaupa bollapör svo það væri hægt að selja kaffi á skemmtunum.

Þetta var samþykkt, að eignast bolla með hinum félögum.

Árið 1983 var svo ákveðið að taka þátt í sjálfseignarstofnun um byggingu dvalarheimilis í Grundarfirði. Studdi félagið við það bæði með fjárframlögum og tækjakaupum. Og átti mann í fulltrúaráði heimilisins

Frá 1952 hefur verkalýðsfélagið staðið fyrir skemmtunum á 1. maí. Og voru þá kosnar skemmtinefndir til að sjá um þær, en í þá fyrstu voru kosnir:

Kaffiveitingar 1. maí 1993. Ásdís Gardarsdóttir stendur fyrir miðri mynd.



Haraldur Magnússon, Gísli Magnússon, Árni Hallgrímsson, Þórður Pálsson og Gísli Árnason.

Skemmtanirnar þann 1. maí þróuðust síðar í þá átt að fengnir voru góðir ræðumenn, oft þingmenn eða einhverjir úr verkalyðsbaráttunni. Fyrsta konan sem hélt ræðu á 1. maí var Birna Þórðardóttir. Síðan voru aðkeyptir skemmtikraftar, t.d. söngvarar, en um árabíl var Ómar Ragnarsson skemmtikraftur á 1. maí. Þessir skemmtikraftar voru yfirleitt samnýttir með verkalyðsfélaginu Jökli í Ólafsvík sem hélt þá sína skemmtun síðar um daginn. Dansleikur var svo haldinn ýmist 30. apríl eða að kveldi 1. maí eftir hvernig stóð á vikudegi. Allt frá 1993 hefur félagið verið með kaffiveitingar fyrir félagsmenn og gesti á 1. maí, fyrst í húsi félagsins og síðar í Samkomuhúsinu.

Sjómannadeild var stofnuð þann 2. mars 1976, tilgangur með stofnun deildarinnar var að gæta sérhagsmuna undirmanna á fiskiskipum þ.e. háseta og matsveina. Deildin beitti sér m.a. fyrir sameiginlegum sérsamningum sjómanna á Snæfellsnesi árið 1976. Og félagar deildarinnar voru alltaf mjög virkir og beittu sér fyrir mörgum góðum málum meðal sjómanna og tóku þátt í að móta kröfur sjómanna fyrir kjarasamninga. Í heimabyggð beittu félagarnir sér m.a. fyrir kaupum á kappróðrabátum ásamt öðrum góðum málum. Aðal hvatamaður að stofnum deildarinnar og fyrsti formaður hennar var Ívar Árnason.



Ívar Árnason.


Árið 1943 gerðist félagið aðili að Alþýðusambandi Íslands. Síðar að Verkamannasambandi Íslands frá stofnun þess meðan það var og hét. Frá árinu 1970 að Sjómannasambandi Íslands og Starfsgreinasambandi Íslands frá upphafi. Það tók einnig þátt í stofnun Alþýðusambands Vesturlands. Verkalýðsfélagið Stjarnan vann alltaf vel með öðrum félögum og heildarsamtökum launafólks.

Fyrstu fundir félagsins voru haldnir í Þinghúsinu á Grund, síðan í Samkomuhúsinu þar til 1980 að félagið eignaðist eigið húsnæði að Borgarbraut 2. Í fyrstu var það húsnæði notað að hluta fyrir starfsemi félagsins, en hluti leigður út sem íbúð.

Þegar félagið var 50 ára þann 20. september 1992 var allt húsnæðið tekið undir starfsemi félagsins og hefur það nýst vel til funda- og námskeiðahalds síðan. Auk þess hafa bæði einstaklingar og félagasamtök fengið þar inni fyrir hina fjölbreyttustu starfsemi sína.



*Siggi Lár og Óli Lalla
að passa kjörkassann
við atkvæðagreiðslu
uppi í Samkomuhúsinu
í kring um 1966.*



Þinghúsið á Grund.

Árið 1977 keypti félagið á mótum Verkalýðsfélaginu Jökli í Ólafsvík orlofshús í Svignaskarði til afnota fyrir félagsmenn sína, síðar keyptu þessi félög í sameiningu annað orlofshús í Ölfusborgum. En á milli þessara félaga var alltaf góð samvinna.

Árið 1997 keypti svo Verkalýðsfélagið Stjarnan íbúð í Reykjavík til afnota fyrir félagsmenn sína.

Félagið var alltaf meðvitað um nauðsyn menntunar og fræðslu, það stóð fyrir ýmsum námskeiðum fyrir félagsmenn sína, m.a. félagsmálanámskeiðum, tungumála- og tólmstundanámskeiðum, þá í samvinnu við Menningar- og fræðslusamband alþýðu eða aðra. Verkalýðsfélagið Stjarnan stóð fyrir fyrsta tölvunámskeiðinu fyrir félagsmenn sína árið 1999 og var það haldið í Grunnskólanum þar sem kennari var Pétur Guðráð Pétursson.

Verkalýðsfélagið Stjarnan var eitt af fyrstu verkalýðsfélögum á landinu til að koma til móts við félaga sína sem vildu afla sér þekkingar og fræðslu til að efla sig á vinnumarkaði og löngu fyrir stofnun starfsmenntasjóðanna greiddi félagið niður nám og námskeið til félagsmanna sem vildu auka þekkingu sína og atvinnumöguleika.

Starfsemi verkalýðsfélaga eins og Stjórnunnar hefur tekið miklum breytingum og eru þau nú orðin meiri þjónustustofnanir fyrir félagsmenn sína og standa ekki í beinum kjarasamningum á sínu félagssvæði eins og var, heldur er kjarasamningsgerð á höndum heildarsamtaka launafólks með tillögum sem mótaðar eru inni í félögunum.

Eins og áður er getið var Jóhann Ásmundsson fyrsti formaður félagsins frá stofnun þess til 1953.

Aðrir eru:

Páll Cecilsson frá árinu 1953 til ársins 1955

Stefán Helgason frá árinu 1955 til ársins 1956

Guðmundur Jóhannesson frá árinu 1956 til ársins 1957

Jóhann Ásmundsson frá árinu 1957 til ársins 1958 í annað sinn

Þórólfur Guðjónsson frá árinu 1957 til ársins 1961

Þann 15. júní 1961 var Sigurður Lárusson kosinn formaður Verkalýðsfélagsins Stjórnunnar og gegndi formennsku til 12. september 1991 eða í rúm 30 ár.

Þórunn Kristinsdóttir var formaður frá september 1991 til 22. október 2008. En þá voru öll verkalýðsfélögin á Snæfellsnesi lögð niður og eitt félag stofnað, Verkalýðsfélag Snæfellinga.

Verkalýðsfélagið Stjarnan var stofnað af hugsjónamönnum og frumbýlingum þéttbýlis í Grundarfirði sem lögðu hönd á plóginn til að efla það og bæta lífskjör þess fólks sem það byggði. Þessi grein er aðeins ágrip af sögu þess. En þar sem allar fundargerðarbækur félagsins hafa varðveist og hafa verið færðar í tölvutækt form geta þeir sem hafa áhuga fengið þær hjá Verkalýðsfélagi Snæfellinga í Grundarfirði.

Hreinn Ragnarsson

Síldveiðar og síldarvinnsla Grundfirðinga

Inngangur

Halldór Páll Halldórsson er maður sem fær stundum einkennilegar hugdettur. Nú tók hann upp á því að biðja mig um að skrifa um snertifleti Grundfirðinga og síldarinnar. Þetta er á þeim forsendum að ég veit ýmislegt um sögu síldveiða og síldarverkunar en hitt er verra að ég þekki of fáa Grundfirðinga og er ekki nógu staðkunnugur. Hér verður því treyst á heimamenn til yfirlestrar og að þeir berji í brestina og kippi vitleysum í liðinn.

Ágrip af síldveiðisögu

„Norðurlandssíldin er aðalborin skepna, bæði að fegurð og vitsmunum, kanski það dásamlegasta sem guð hefur skapað.“ Halldór Laxness leggur þessi orð í munn Íslandsbersa í skáldsögu sinni, Guðsgjafapulu. Nú er fegurð auðvitað smekksatriði en mikið held ég að frændsystkinin blágóma, steinbítur og hlýri myndu skora lágt í fegurðarsamkeppni fiska að ég tali nú ekki um skötusel. Eini fiskurinn sem veitir síldinni hugsanlega samkeppni í þessu viðfangi er sjóneminn nýi, makríll. (Hér er óhugsandi að segja landnemi.)

Svo koma vitsmunirnir. Enginn fiskur kemst með tálknin þar sem síldin hefur sporðinn í því að plata sjómenn upp úr bússunum með því að halda sig þar sem þeir telja hennar síst von. Hún er vaðandi vestur á Sporðagrunni einn daginn og heldur sig austan Langaness hinn næsta. Mörg sumur fiskuðu þeir



Runólfur og Páll Þorleifsson koma heim af síld.

einir sem kunnu að nota kafbátaleitartæki eins og Eggert Gíslason eða dreymdi fyrir afla eins og Soffanías og Guðmundur Jörundsson.

Síldin er fleiri gáfum gædd en fegurð og viti. Litafar hennar, blágrænt bak og silfurhvítur kviður gerir óvinum hennar næsta óhægt að greina hana hvort sem þeir nálgast hana að ofan eða neðan úr djúpunum. Hún er torfufiskur og eru lítil takmörk fyrir því hversu stórar torfur hún getur myndað ef hún er í þannig stuði. Þá synda þær allar á sama hátt í sömu stefnu og engin haldbær skýring er á því hvað gerist þegar allar víkja af leið samtímis. Hún er afar góður sundfiskur og getur synt 20–30 mílur á dag, dag eftir dag, og þá er ótalið undratækið sem hún býr yfir. Hún er með opinn sundmaga og getur stungið sér á augabragði niður í undirdjúpin og komið upp aftur án þess að fá kafaraveiki eins og allir þekkja hjá þorski og ufsa, ég tala nú ekki um karfann.



Strákarnir úr Grundarfirði, Hinrik Eldbergsson og Helgi Lárusson að kíkja á síldarstelpurnar á Henningsplaninu á Siglufirði

Síldarstofnar við Ísland hafa jafnan verið taldir þrír. Einn þeirra, íslenski vorgotssíldarstofninn, fór sýnu verst út úr ofveiðinni á sjöunda áratug síðustu aldar og hefur hans varla orðið vart síðan. Norsk-íslenska vorgotssíldin, sem bar uppi veiðina úti fyrir Norðurlandi og Austfjörðum, var hætt komin en hefur rétt úr kútnum. Til hægri verka kalla ég hana Norðurlandssíld. Þessi stofn var á árum áður talinn hinn stærsti í heimi, jafnframt því sem einstaklingarnir voru stærri og bústnari en síld af öðrum stofnum. Í hundrað kílóa tunnu voru jafnan 325–375 stykki af hausskorinni og slógdreginni síld. Stærsta síld sem veiðst hefur af þessum stofni var 46 cm löng og vó 760 grömm. Þetta heimsmet var sett á Skjálfaflóa sumarið 1955. Þriðji stofninn er svo íslenska sumargotssíldin sem er einkum veidd við Suðurland og Suðvesturland og kalla má Suðurlandssíld.

Síldveiðar hafa verið stundaðar frá ómunatíð við Norður-Evrópu. Svíar, Danir og Norðmenn, auk Breta og Hollendinga veiddu síld löngu áður en Ísland byggðist og ef eitthvað er að marka Egils sögu stunduðu Kveldúlfsýnir

síldveiðar í Noregi. Þórólfur féll ungur og Skallagrímur tók Borgarfjarðarlaxinn fram yfir síldina. Litlar sögur fara svo af síldveiðum við Ísland fram eftir öldum en örfá örnefni benda til einhverra veiða og í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru síldveiðar nefndar í tengslum við tvær jarðir við innanverðan Eyjafjörð. Það er allt og sumt. Árið 1867 hófu Norðmenn veiðar í litlum mæli í Eyjafirði og á Austfjörðum en gáfu svo í 1878 og höfðu mikið umleikis fram til 1884 en þá lögðust veiðar þeirra nánast af. Þegar þeir voru magnaðastir í þessari lotu, 1883, voru hér um 1800 sjómenn á 56 síldarstöðvum. Þeir veiddu í landnætur og lagnet. Afli var umtalsverður, 168 þúsund tonn árið 1881, á því mikla harðindaári.

Rétt fyrir aldamótin 1900 komu þeir á nýjan leik og veiddu í reknet og árið 1903 reyndu þeir snurpunót í fyrsta skipti á Íslandsmiðum. Nú voru þeir lausir við landið og nýju veiðarfærin gáfu þeim mjög aukinn afla og nýjar höfuðstöðvar sem voru Siglufjörður og að nokkru Raufarhöfn.

Íslendingar reyndu að fylgja Norðmönnum eftir eins og skipakostur leyfði. Fyrsta íslenska reketaskipið sem var gert út á Norðurlandssíld með söltun í huga var „Vega“ frá Raufarhöfn sem hóf veiðar 1901. Íslendingar sóttu síðan stöðugt á í afla og skipafjölda og í fyrri heimsstyrjöldinni sigu þeir fram úr Norðmönnum. Afliinn var saltaður en fyrstu bræðslurnar tóku til starfa árið 1911.

Landnótaveiðar lögðust að mestu af en reknet og snurpunót urðu aðalveiðarfærin og voru veiðarnar stundaðar á skipum, allt frá 10 til 20 tonna bátum upp í stærstu togara. Minnstu bátarnir voru gjarnan tveir saman um nót eða jafnvel þrír. Þeir voru þá tvílembingar eða þrílembingar. Hringnót var tekin í gagnið um 1940 og á næsta áratug skiptu hefðbundnir vertíðarbátar, 40–80 tonna skip, yfir á hringnót en stærstu og minnstu skipin notuðu snurpunót nokkuð lengur. Reyndar fækkaði minnstu bátunum ört og voru þeir með öllu úr sögunni fyrir 1960. Loks varð tæknibylting um 1960 þegar nælonnætur, asdiktæki og kraftblakkir komu til sögunnar. Eftir seinni heimsstyrjöldina voru yfirleitt 200–250 skip í íslenska síldveiðiflotanum.

Frá lokum fyrri heimsstyrjaldar til loka hinnar síðari var afli yfirleitt góður með einni undantekningu, sumarið 1935 brást afli svo gersamlega að flytja þurfti síldarfolk frá Siglufirði suður á kostnað ríkisins þar sem það hafði ekki náð að vinna fyrir farinu. Útvegsmenn brugðu þá á það ráð að senda bátana



Söltunarstöðin Framnes í Grundarfirði.

á reket í Faxaflóa og söltuðu síldina í sjávarplássum sunnanlands og vestan. Þetta var í fyrsta sinn sem Suðurlandssíld var söltuð svo nokkru næmi. Árið 1945 hófst aflaleysistímabil fyrir norðan og næsta áratug var hvert árið öðru lélegra en árið 1956 tók landið heldur að rísa og eftir 1960 fóru í hönd síldarárin miklu uns yfir lauk 1968.

Pátttaka Grundfirðinga

Samkvæmt aflaskýrslum sendu Grundfirðingar fyrst skip til veiða fyrir Norðurlandi sumarið 1946. Þetta var línuveiðarinn „Sigríður“, 149 lestir, smíðuð í Þýskalandi árið 1919. „Sigríður“ var gerð út á síld næstu sumur, síðast 1951. Afli var mjósleginn öll þessi ár. Árið 1947 bættist „Runólfur“ við og „Grundfirðingur“ 1950. „Sigríður“ var með snurpunót en „Runólfur“ og „Grundfirðingur“ með hringnót. Á snurpunótaskipum var yfirleitt 18 manna áhöfn en sjö menn þurfti í hvorn nótabát þegar kastað var. Hringnótabátar voru hins vegar yfirleitt með 10–11 manna áhöfn. Á þessum hallærisárum gátu hringnótabátarnir því komist af með minni afla en snurpunótaskipin og skilað áhöfn viðunandi hlut.



Lánuveiðarinn Sigríður. Ljóm.: Jón Hansson.

Vorið 1956 bættist „Grundfirðingur II“, nýsmíðaður 54 tonna eikarbátur, í flotann, smíðaður í Danmörku. Ári síðar bættust „Páll Þorleifsson“ og „Sæfari“ við og enn stækkaði síldarfloti Grundfirðinga 1958 þegar „Blíðfari“, „Ingjaldur“ og „Sigurfari“ bættust í hópinn. Loks komu „Runólfur“ og „Gnýfari“ árið 1960. Þá voru bátarnir flestir samkvæmt aflaskýrslum eða sjö talsins. „Runólfur“ var stærstur þessara báta, 115 tonn, byggður úr stáli í Noregi 1960. Þegar leið á sjöunda áratuginn fór þessum bátum fækkandi enda stóðust þeir engan veginn samkeppni við stærri skip sem gátu flutt stærri farma og sótt lengra frá landi og 1965 voru aðeins þrjú bátar frá Grundarfirði á aflaskýrslu.

Allur veiðiskapur er jafnframt keppni og er það hvort tveggja, heiður og afkoma sem er sett að veði. Hvergi var kappið meira en í síldinni. Aflasælir skipstjórar urðu þjóðkunnir og á hvers manns vörum. Nú var erfitt að fylgjast með afla vegna þess að þetta er flökkuúttvegur, landað á Siglufirði einn daginn, á Raufarhöfn hinn næsta o.s.frv. Til að ráða bót á þessu tók Fiskifélagið saman



Frá Grundarfjarðarhöfn 1950.

afla hvernar viku og um helgi var skýrslan lesin í útvarpið þar sem afli hvers skips var nákvæmlega greindur, talinn í málum og tunnum, bræðslusíldin í málum, eitt mál er 150 lítrar, og síld í söltun og frystingu mæld í tunnum en ein tunna er 120 lítrar. Í hverju einasta sjávarplássi sat fólk límt við útvarpstækin, hver maður að fylgjast með sínu skipi. Skýrslan birtist svo á prenti í öllum dagblöðum næsta þriðjudag og þá var hægt að kryfja málin enn betur til mergjar. Af tillitsemi við áhafnir og aðstandendur var skipa, sem höfðu lítinn eða engan afla fengið, í engu getið í skýrslunni.

Grundarfjarðarbatum gekk fremur treglega framan af en þegar kom fram undir 1960 hresstust þeir til muna. Nú er það alkunna að það er í tregfiski sem aflamennirnir skera sig úr. Soffanías og áhöfn hans á „Grundfirðingi II“ voru í miklu stuði, sérstaklega 1957 og 1958. Fyrra árið var „Grundfirðingur II“ í 6. sæti með rúmlega 7.000 mál og tunnur og síðara árið í 2. sæti með 7.500 mál og tunnur. Reyndar má skjóta því hér inn að orðtakið „að vera í stuði“ er líklega



Hringnótaveiðar fyrir Norðurlandi.



Grundfirðingur fer til síldveiða.



Grundfirðingur II leggur af stað til síldveiða.



Síldin háfuð í Grundfirðing II 1957. Árni Emilsson, 14 ára, við vantinn.



Grundfirðingur II kemur í land með fullfermi.

komið úr máli síldveiðimanna. Þegar Norðmenn leituðu síldar með handlóði kölluðu þeir það stuð þegar síld rakst á stálþráðinn. Þá voru þeir í stuði. En Soffi var ekki bara í stuði úti á miðunum. Þegar hann landaði á Raufarhöfn var síldin söltuð á söltunarstöðinni Óðni. Norðan við hana var Óskarsstöð, þar var Hulda.

Aflaskýrsla Grundarfjarðarbáta 15. ágúst 1961:

„Grundfirðingur II“	6.792 mál og tonnur
„Gnýfari“	7.275
„Ingjaldur“ og „Orri“	3.859
„Blíðfari“	3.647
„Runólfur“	7.124



Farsæll á reknetum. Ljós m.: Jón Hansson.

Spyrðan „Ingjaldur“ og „Orri“ vaktisþurningarennú vartími tvílembinganna löngu liðinn. Eftir nokkra eftirgrennsan fannst skýring. „Ingjaldur“ laskaðist af eldi og var „Orri“ BA frá Patreksfirði tekinn á leigu í hans stað.

Reknetasíld

Á þeim árum sem hér hafa verið til umfjöllunar var hefðbundið útgerðarmunstur 50 – 80 tonna báta nokkurn veginn þannig að árið hófst með vetrarvertíð skömmu eftir áramót og var verið að til lokadags 11. maí. Fyrri hluta vertíðar var venjulega róið með línu en síðan skipt yfir á net. Hér voru ekki aðeins á ferðinni heimabátar í verstöðvum á Suðvesturlandi heldur þyrptust bátar að norðan, austan og vestan og settust að í höfnum syðra. Þessi floti þurfti óhemju mikið af síld í beitu. Margir brugðu því á það ráð að reyna að veiða Suðurlandssíld í beitu á haustdögum.



Farsæll að koma að landi úr reknetatúr. Ljós.: Jón Hansson.

Þessi veiðiskapur var svolítið öðru vísi en sumarsíldveiðin. Nú lönduðu bátarnir í heimahöfn og aflinn fór nánast allur í frystingu. Síldin var oftast dreifð yfir stórt svæði við Suðurland og Suðvesturland. Menn fengu síld allt austur undir Hornafjörð og vestur á Breiðafjörð. Oft var góður afli við Snæfellsnes. Þess var áður getið að menn reyndu að bjarga sér hallærissumarið 1935 með því að salta reknetasíld á Suðurlandi. Sú tilraun gaf ekki góða raun og framleiðslan þótti standa Norðurlandssíldinni langt að baki. Á aflaleysisárunum eftir seinni heimsstyrjöldina fannst mönnum þó rétt að reyna söltun syðra á nýjan leik og innan fárra ára var söltun þar árviss og umtalsverð. Venjulega var mest saltað í Keflavík og á Akranesi enda var stærstur floti reknetabáta gerður út frá þessum stöðum.

Árið 1952 var síldarafli einstaklega mjósleginn fyrir norðan og mikil nauðsyn að bæta úr syðra. Þegar komið var fram í ágúst var einsýnt að Norðurlandssíldin hafði brugðist sem aldrei fyrr. Hinn 19. ágúst birtist lítil frétt í

Morgunblaðinu um ráðagerðir um síldarsöltun í Grundarfirði. Hér var á ferðinni Sveinn Benediktsson sem um þetta leyti hafði blásið til söltunar á Raufarhöfn og átti síðar eftir að verða einn af risunum í greininni á Raufarhöfn og Seyðisfirði. Sveinn stofnaði með heimamönnum í Grundarfirði fyrirtækið Framnes s/f og saltaði um haustið 1.848 tonn. Þessi söltunarstöð var starfrækt næstu ár, síðast var saltað þar 1958. Mest var söltunin 1954, 2.350 tonn en minnst 1957, 92 tonn.

Tæpir sex áratugir eru frá stofnun Framness og ekki óeðlilegt að erfitt sé að finna heimildir um fyrirtækið. Eftir nokkra leit fundust þó tvö tryggingarbréf hjá sýslumannsembættinu í Stykkishólmi vegna lántöku Framness í Útvegsbankanum, Litra L nr. 255 og Litra N nr. 238. Bréfin eru dagsett 2. október 1952 og 3. maí 1954. Fyrri bréfið er á þessa leið:

Tryggingarbréf

Vér undirritaðir Söltunarstöðin Framnes S/E, búandi Grundarfirði, gjörum kunnugt:

Til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu á víxilskuld er vér skuldum eða kunnum að skulda Útvegsbanka Íslands h.f. hvort sem það er höfuðstóll, vextir, kostnaður, þar með allur innheimtukostnaður, réttargjöld, málfærslumannskaup o.fl., váttryggingargjald, er bankinn greiðir, eða annað að engu undanskildu, eftir reikningi bankans, samkvæmt eigin víxli, sem bankinn hefir diskonterað í dag, útgefnum 2/10. 1952 af oss, bankanum til handa, að upphæð 100.500,00 skrifa –eitt hundrad þúsund og fimm hundruð krónur með gjalddaga 15. desember 1952 veðsetjum vér Útvegsbanka Íslands h.f. hérmeð með 1. – fyrsta veðrétti að sjálfsvörsluveði: 670 tonn af stórri Faxasaltsíld, sem vér eigum geymdar hjá oss sjálfum í Grundarfirði.

Bréfið er þrisvar sinnum lengra en hér er skráð og að lokum undirritað af Haraldi Ágústssyni og sér þá til sólar í málum Framness sf.

Eins og kemur fram í fyrri bindum þessarar ritraðar, einkum því fjórða, var Sigurður Ágústsson „primus motor“ á flestum sviðum í uppbyggingu atvinnulífs í Grundarfirði. Varla var byggður eða keyptur bátur án þess að hann ætti þar hlut. Sigurður var um þetta leyti langöflugasti atvinnurekandi í Stykkishólmi og hafði margt á járnum í verslun, útgerð og fiskvinnslu jafnframt því sem hann sat á alþingi. Það lá því beint við að Sveinn leitaði eftir samstarfi við Sigurð um söltun í Grundarfirði og pólitísk tengsl spilltu

ekki fyrir. Illa gekk að finna þennan Harald. Einn heimildamaður benti á að í Grundarfirði hétu menn ekki sjaldgæfum nöfnum eins og Haraldur en miklu fremur algengum nöfnum eins og Bæring, Cecil og Soffanías. Annar áttaði sig strax á því að hér væri um að ræða Harald, bróður Sigurðar Ágústssonar, og þarf þá ekki frekar vitnanna við.

Sveinn fór vestur ásamt Benedikt syni sínum sem þá var um fermingu og líklega hefur frændi þeirra, Kristinn Baldursson, sem jafnan var hægri hönd Sveins, verið með í för. Sveinn gerði sér grein fyrir því að síldarsöltun var nýmæli á staðnum og hafði því með sér nokkrar vanar síldarstúlkur til að kenna grundfirskum blómarósum handtök og vinnulag. Þessi nýbreytni í atvinnulífinu hefur án efa lífgað upp á mannlífið þessa haustdaga og til eru þeir Grundfirðingar sem miða aldur sinn við þessa fyrstu söltun.

Sveinn hefur líklega dregið sig út úr rekstrinum eftir tvö eða þrjú ár en hann þurfti nú á öllu sínu að halda við uppbyggingu Hafsilfurs á Rauфарhöfn og síðar Haföldunnar á Seyðisfirði Í síðara tryggingarbréfinu eru veðsettar 1900 tómtunnur, geymdar hjá Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar h/f. Bréfið er undirritað af Karli B. Stefánssyni sem var framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins. Framnes sf. virðist því hafa runnið undir hatt þess fyrirtækis.

Soffanías saltaði 583 tonnur 1963, 1.237 tonnur 1964 og 867 tonnur 1967. Hraðfrystihús Grundarfjarðar saltaði 120 tonnur 1967 og þá er sagan öll í söltun.

Reknetaveiðarnar voru engin himnaríkissæla, tíðarfar var oft leiðinlegt á haustdögum og fyrri hluta vetrar og nýr vágestur truflaði veiðarnar æ oftar. Þótt atburðarásin væri grafalvarleg á sínum tíma er hún næsta spaugileg þegar horft er til baka mörgum áratugum síðar.

Á reknetavertíðinni haustið 1953 birtust skyndilega háhyrningavöður á miðunum. Þær eirðu engu, spilltu afla og rifu netatrossurnar í hengla. Lítið var um varnir gegn þessum harðsnúna andstæðingi. Til að reyna þó eitthvað hélt Benóný Friðriksson, Binni í Gröf, út á miðin á vélbátnum „Andvara“ vel vopnaður og skaut nokkra tugi háhyrninga. Þetta hafði áhrif um skeið en síðan sótti í sama horf.

Næsta haust var ástandið enn verra og háhyrningarnir voru nú svo ágengir að skipstjórar gáfust upp og stærsti hluti flotans sigldi í land. Nú minntust menn þess að á Miðnesheiði var her sem nú gat sannað ágæti sitt. Vopnaðir dátar af Vellinum voru nú settir um borð í nokkra báta sem héldu út á miðin


til að þjarma að óvininum. Þetta bar lítinn árangur, m.a. vegna þess að vaskir hermennirnir fengu ekki svigrúm til að sjóast og voru því misfengir í skotum sínum.

Enn kom sami vandi upp haustið 1955. Nú leituðu menn á ný til hersins sem beitti nýjum aðferðum. Þotur bandaríska hersins gerðu nú loftárásir á háhyrningavöðurnar en árangur var lítill sem fyrr. Engu að síður bar miklu minna á ágangi háhyrninga næstu ár og margir eru eflaust á þeirri skoðun að þarna hafi hinn erlendi her komist einna næst því að gera gagn á Íslandi. Þá eru björgunarpyrlurnar auðvitað undanskildar. Viðhorf Íslendinga til háhyrninga breyttust líka í áranna rás. Þegar háhyrningar gerðu hliðstæða árás 1974 fór reknetaflotinn einfaldlega í land og beið af sér ófögnuðinn og þegar Keikó kom til landsins var almenningur jákvæður í hans garð en þá vorum við löngu hættir að veiða í reknet.

Síldin fyllir Grundarfjörð

Þegar sumargotssíldin er í stuði á hún það til að ganga inn á einstaka firði til vetursetu. Hún þjappar sér þá saman í torfur eða flekki sem geta verið ótrúlega stórir og þéttir. Eitt árið myndaði verulegur hluti síldarstofnsins tvo kekki, annan fram undan Ölfusárósi en hinn fram undan Þjorsárósi. Þetta var undantekning og var miklu algengara að hún gengi inn á firði. Einstaka sinnum var það Ísafjarðardjúp eða Eyjafjörður en langalgengast var að torfurnar þjöppuðu sér inn á Austfirði. Sú varð raunin fimm ár í röð, 1929–1933, Hvalfjörður varð svo fyrir valinu 1947–8 en þá var síld veidd þar með ósköpum sem ekki eiga sér samjöfnuð.

Haustið 1953 var komið að Grundarfirði. Vélbáturinn „Arnfinnur“ frá Stykkishólmi fékk 863 mál 3. nóvember og eftir það héldu bátar frá Faxaflóahöfnum vestur til veiða. Þarna fékkst prýðisgóður afli um skeið og var honum landað að mestu í Stykkishólmi og Hafnarfirði. Löndun í Stykkishólmi var þó erfiðleikum háð í fyrstu vegna þess að þar skorti löndunarbúnað. Um miðjan mánuðinn var þarna hörkuveiði og mikið kapp í mönnum. Hinn þekkti síldarskipstjóri Ingvar Pálmason var þá skipstjóri á tveimur bátum, „Marz“ og „Nönnu“. Hann veiddi þá í annan bátinn meðan hinn fór inn til löndunar. Þetta er líklega einsdæmi.



Runólfur með fullfermi af síld úr Grundarfirði árið 1963.

Þessari aflahrotu lauk með hörmulegum hætti. Um miðjan nóvember gerði aftakaveður í Grundarfirði. Vélskipið „Edda“ frá Hafnarfirði lá við festar ásamt fleiri skipum um 300 metra frá bryggjunni aðfaranótt 16. nóvember. Um klukkan fjögur um nóttina skall ægileg vindkviða á skipinu og skipti engum togum að því hvolfði og sökk það eftir skamma stund. Ellefu af sautján manna áhöfn komust í annan nótabátinn sem hrakti út eftir firði og bar loks að landi í morgunsárið fram undan Suður-Bár. Í þessum hrakningum létust þrír menn

af vossbúð. Alls fórust því níu menn í þessu slysi en átta komust af. Fleiri skip lágu á svipuðum slóðum og „Edda“ í þessu voðaveðri og voru mörg þeirra hætt komin. Þau drógu akkerin í veðurofsanum og þurftu sífellt að keyra upp á legufærin, mörg þeirra misstu nætur eða nótabáta. „Edda“ var eitt myndarlegasta skip síldveiðiflotans, 183 tonn að stærð, byggð í Hafnarfirði 1944.

Eftir þetta óveður var síldveiði að mestu úr sögunni en síldar varð lítillega vart við Stykkishólm um miðjan desember. Alls er talið að um 40 skip hafi farið til veiða í Grundarfirði í þessu skoti en aflaskýrslur bárust frá 35 skipum sem fengu alls 33.713 mál. Næstu ár og áratugi gekk síld stundum inn í Grundarfjörð en ekki neitt í líkingu við það sem var 1953.


Haustin 1963 og 1964 var dálítið saltað hjá Soffaníasí og vitað er að a.m.k.



Björn Ásgeirsson



Guðmundur Runólfsson




Hinrik Elbergsson

síðara árið gekk umtalsverð síld í fjörðinn. En nú höfðu menn fundið Rauða torgið fyrir austan og þangað stefndi stærsti hluti síldarflotans. Jafnframt yfirgnæfðu stórkostlegar aflaréttir að austan allar fregnir af minni afla á öðrum miðum. Þetta ár áttu Grundfirðingar fjóra báta á síld en lítið er vitað hvar þeir fengu afla sinn. Þó bárust fregnir af því að „Runólfur“ fékk 1500–1600 tonnur inni á Grundarfirði 13. október. Í skýrslu Síldarútvegsnefndar fyrir þetta ár segir: „Svo til öll síldin, sem veiddist við Suðvesturland, fékkst á miðunum út af Snæfellsnesi á tímabilinu frá því í októberbyrjun og fram undir miðjan nóvember, en þá héldu svo til öll skipin á miðin austur af landinu.“



Hjálmar Gunnarsson



Sigurjón Halldórsson



Soffanías Cecilsson

Þetta haust fylltist Grundarfjörður af síld og var þrýðilegur afli um nokkurt skeið en hér var um millisíld að ræða sem var langt frá því að vera söltunarhæf. Henni var því landað í bræðslu í Stykkishólmi og Ólafsvík.

Næstu ár brugðust veiðar við Suðvesturland að verulegu leyti en haustið 1967 var ofurlítið kropp út af Snæfellsnesi og þá var svolítið saltað í Grundarfirði. Þá var reyndar sagan öll í þá veru. Síldveiðiflotinn helgaði sig því verkefni að útrýma norsk-íslensku síldinni og minnstu munaði að Suðurlandssíldin færi sömu leið.

Eftir veiðibann og aflatakmarkanir tók stofninn að rétta við aftur þegar leið á áttunda áratuginn. En nú tók sú eðla skepna, síldin, upp á því að velja sér vetursetu á Austfjörðum og þannig var staðan að mestu það sem eftir lifði aldarinnar. Fyrri hluta þessa endurreisnartímabils var síldin einkum veidd í reknet og tóku Snæfellingar verulegan þátt í veiðunum og söltuðu á Hornafirði. Veiðin var kvótasett og ekki er auðvelt að finna aflaskýrslur en vitað er að Ólsarar voru þarna í fararbroddi. Nú voru aðstæður nokkuð breyttar frá því sem verið hafði. Söltun færðist á miklu færri hendur en áður var, mestur hluti síldarinnar var flakaður og saltaður í plasttunnur. Vélvæðing var mikil við söltunina og hinar stóru söltunarverksmiðjur á Hornafirði og í Neskaupstað áttu næsta fátt sameiginlegt með söltunarstöðvum fyrri ára. Mörg haust fór meira en helmingur söltunar fram á þessum tveimur stöðum og var aðeins ein eða tvær söltunarstöðvar á hvorum stað.

21. öldin

Rétt eins og árin líða í aldanna skaut rennur öldin sitt skeið á enda og ný tekur við og enn kemur síldin við sögu Grundfirðinga. Á fyrstu árum aldarinnar tók verulegur hluti síldarstofnsins upp á því að hafa vetursetu í Breiðafirði, út af Stykkishólmi, í Kolgrafarfirði og í Grundarfirði þar sem hún undi sér hvað best. Haustið 2007 fylltist fjörðurinn af síld og síldarflotinn mætti til leiks og veiddi nú uppi í harða landi. Aðstæður við veiðarnar minntu helst á haustið 1953. En skipakostur var nú allur annar, skipin margfalt stærri og búin tækjakosti og veiðarfærum sem ekki verða borin saman við búnað fyrri tíðar. Nú er söltun að mestu aflögð en teknir upp nýir framleiðsluhættir. Síldin er flökuð og fryst og flutt þannig til markaðslandanna þar sem fiskasalar þíða hana og salta eftir

hendinni það magn sem þarf hverju sinni. Hluti hins glæsilega síldarflota er búinn tækjum til flökunar og frystingar þannig að vinnslan hefur færst út á sjó. Á Grundarfirði voru því nokkur fljótandi frystihús. Í öðrum skipum er aflinn ísaður um borð og siglt með hann til heimahafnar til vinnslu.

Nú eru skipin tölvuvædd og mörg þeirra hafa sett upp heimasíðu þar sem fást gagnlegar upplýsingar. Ásgrímur Halldórsson SF-250, 4. nóvember 2008: „... video frá því í fyrra þegar síldveiðar voru í hávegum hafðar í Grundarfirðinum.“ 1. nóvember 2008: „Smekktullt skip í 3 köstum við Stykkishólm.“

En öll sælutíð tekur enda. Haustið 2008 réðst nýr óvinur öðrum skæðari á síldina. Hér voru það ekki tæknivæddir síldarkarlar og ekki heldur bandóðir háhyrningar heldur var hér á ferðinni mun smávaxnara kvikindi, sýkillinn ichthyophonus sem leggst á hjarta síldarinnar og drepur hana. Sýktu síldina er ekki hægt að vinna til mannelis svo að nú verður hlé á veiðum uns þessi pest gengur yfir. Könnun, sem gerð var í febrúar 2011, leiddi í ljós að um 80% síldarinnar í Grundarfirði voru sýkt. Hún er því ekki vinnsluhæf en ýmis smáhveli hafa haldið til í firðinum og gætt sér á þessum veislukosti. Á vordögum, þegar kanna átti ástand stofnsins var hún öll horfin á braut. Nú verða menn að vona að Eyjólfur hressist og síldin gangi enn á ný hress og heilbrigð í fjörðinn. Þá verður henni væntanlega tekið fagnandi af heimamönnum.

Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru um samskipti Grundfirðinga og síldarinnar. Því fer auðvitað víðs fjarri að hér sé kollheimt af fjalli. Til þess þarf stórum meiri heimildaleit og lengra lesmál en unnt er að koma við í stuttri grein. Þess er til dæmis alls ekki að vænta að hér hafi fundist allar stórgöngur síldarinnar inn á Grundarfjörð. Í þúsund ára gömlu kvæði segir: „Tíminn er eins og fugl sem flýgur hratt.“ Þessi orð eru jafn sönn á okkar dögum og minni okkar nær svo ótrúlega skammt. Sumir segja kannski sem betur fer en sem sagt, ég bið lesendur að taka viljann fyrir verkið.

Heimildir

Halldór Laxness: Guðsgjafabula, Reykjavík 1972

Hreinn Ragnarsson (ritstj) : Silfur Hafsins, gull Íslands I–III, Reykjavík 2007

Jón Björnsson: Íslensk skip 1–4, Reykjavík 1990

Morgunblaðið, Reykjavík 1913–

Starfsemi Síldarútvegsnefndar 1960–1998, Reykjavík 2001

Ægir. Rit Fiskifélags Íslands um fiskveiðar og farmennsku, Reykjavík 1905–

Óprentaðar heimildir:

Afsals- og veðmálabók Snæfellsnessýslu, varðveitt á skrifstofu sýslumanns.

Hreinn Ragnarsson: Þættir úr síldarsögu Íslands, kandiðatsritgerð í sagnfræði H.Í. 1980

Vefur: Ásgrímur Halldórsson SF–250, heimasíða

Heimildarmenn:

Elís Gíslason, Grundarfirði

Ingi Hans Jónsson, Grundarfirði

Runólfur Guðmundsson, Grundarfirði

Hreinn Ragnarsson er fæddur á Skagaströnd 31. desember 1940. Hann ólst upp í Ólafsfirði 1945–1956. Stúdentspróf frá M.A. 1959, kennarapróf K.Í. 1962, BA próf H.Í. 1976, sagnfræði, íslenska, uppeldisfræði. Próf í uppeldis- og kennslufræði 1977, cand. mag. í sagnfræði H.Í. 1980. BA ritgerð í sagnfræði fjallaði um þætti úr sögu Raufarhafnar og cand. mag. ritgerðin um sögu síldveiða og síldarverkunar 1900–1935.

Hreinn var kennari á Raufarhöfn 1959–1960 og 1962–1966, við Héraðsskólann í Skógum 1960–1961, skólastjóri í Skúlagarði 1966–1970 og kennari við Héraðsskólann og síðan Menntaskólann að Laugarvatni 1970–2008.

Hreinn vann við sjómennsku, síldveiðar og síldarvinnslu á sumrum 1956–1968. Hann var ritstjóri og aðalhöfundur verksins *Silfur hafsins, gull Íslands I–III* sem kom út 2007.

Hreinn er kvæntur Guðrúnu Einarsdóttur frá Raufarhöfn og eiga þau fjögur börn.



Árni M. Emilsson

Þar rauður loginn brann

Það var ógnvænleg kreppa sem gekk yfir Ísland árin 1967 til 1969 og var sú stærsta, sem gengið hafði yfir þjóðina allar götur frá kreppunni miklu um og eftir 1930. Þetta var íslensk kreppa og skall á í kjölfar aflabrests, þegar síldin hvarf og þriðjungs lækkun varð á verði sjávarafurða á heimsmarkaði. Hún kom afar illa við Íslendinga, sem ekki höfðu þá aðrar gjaldeyrstekjur en af andvirði þess, sem dregið var úr sjó. Nærri má geta að víða var þröngt í búi og ekki síst hjá ungu barnafólki. Þá eins og nú flúði unga fólkið í hrönnum til annarra landa, til þess að afla sér lífsviðurværis og var Svíþjóð einkum fyrir valinu sem fyrirheitna landið. En einnig Danmörk og enn fjarlægari lönd eins og Ástralía urðu ný heimkynni fjölda Íslendinga.

Það var í drungalegu haustveðri árið 1969 að Grundfirðingar gerðu sér glaðan dag og héldu veglegt hjónaball í Samkomuhúsinu eins og endra nær, þegar haustið gekk í garð með sínum hefðbundnu sunnan rigningum. Stóri-sunnan sem engu eirði gat þó ekki spillt gleðinni, sem í vændum var. Ef til vill var þetta næstum það eina allt heila árið, sem íbúarnir drógu eitthvað ljóst í lífsbaráttunni og því var ekki að undra, þótt fólk hefði væntingar til þess, sem í vændum var. Allir mættu þrúðbúnir í sínu fínasta pússi og voru hátíðlegir og elskulegir í senn á meðan vinafólkið raðaði sér við borðin, sem undirbúningsnefndin hafði komið svo haganlega fyrir meðfram veggjunum í salnum og uppi á stórusenu, sem var nýlunda. Nú drukku menn ekki lengur af stút eins og tíðkaðist á árum áður, heldur helltu í glös og sátu undir borðum eins og siðmenntað fólk á betri stöðum var búið að tileinka sér fyrir margt löngu. Ekki fyrir það að synja, að stöku sinnum áttu menn erindi út undir vegg til



*Ragnar og Rósa á
ferðalagi með Jónu
dóttur sína árið
1962.*

að sinna kalli náttúrunnar og þá var ósjaldan dreginn upp fleygur og vinum og kunningjum boðin auka hressing á meðan aflabrogð og heimsmálin voru krufin til mergjar.

Það var hátíðarbragur yfir öllu og konurnar gerðu sig heiðarlegar í framan á meðan þær seildust í veskin sín og drógu upp flöskur með ýmsum tegundum áfengis, allt eftir venjum og smekk og komu þeim haganlega fyrir á borðunum. Heita mátti að það væri eins og þær hafi einlægt staðið þarna, svo smekklega fóru þær innan um annað gler, sem var fyrir á borðunum. Eins og jafnan áður leið ekki ýkja langur tími þar til allt fas fólks gerðist frjálsslegra og mönnum þóttu jakkafötin og bindin ekki eins fjandi óþægileg og í upphafi og það fór vaxandi kliður um salinn.

Grundfirðingar voru í þann tíð jafnan sjálfbærir með skemmtiefni og blönduðu saman á smekklegan hátt gamanefni um sig sjálfa við ýmislegt annað, sem var menningarlegt eins og skáldskap, söng, leiklist og fleira. Þetta var gert til þess að efla andrikið og lyfta samkomunni á hærra plan, sem var í fullu samræmi við alla umgjörð hennar. Annáll ársins hafði unnið sér hefð í gegnum tíðina og þótti ómissandi, enda óspart reynt að skemmta sér á kostnað



Óhöppin gera ekki boð á undan sér.

annarra. En samt þótti dugandi mönnum og konum heldur skárra að leggja til efni í annálinn, þrátt fyrir skensið, heldur en að verða að engu getið.

Þegar komið var vel niður fyrir axlir í flöskunum góðu var eins og allir hefðu tileinkað sér sönglistina, einnig þeir laglausu og byrjaði nú hver að syngja með sínu nefi. Vel mátti greina þegar menn hnykktu á textanum hér og þar, til þess að leggja rétta áherslu á efnið, þegar það átti við og þar með var samkoman komin í eðlilegan farveg og fólk virkilega farið að njóta stundarinnar.

En að þessu sinni kom það mönnum í opna skjöldu, þegar ofan af stórusenu bárust hljóð úr barka eins gestanna eins og þar væri skyndilega mættur sjálfur Caruso, ellegar Benjamino Gigli, eða Jussi Björling til þess að flytja Grundfirðingum nokkra valda kafla úr helstu aríum þeirra ópera, sem þeir voru vanir að syngja suður á Ítalíu. En þegar grannt var skoðað var sá sem söng ekki brúneygur og svartur á hár eins og þeir kumpánar, heldur eins og sannur íslenskur víkingur, vaskur maður, rauðhærður, rauðbirkinn og vel farinn í andliti. Hér var mættur á vettvang gleðimaður kominn norðan af Hólmavík,



Snjórinn var oft þrándur í götu.

sem löngum lét til sín taka á gleðifundum æ síðan, svo um munaði, enda maðurinn raddsterkari en aðrir menn og hlífði sér hvergi. Þessi söngelski maður var Ragnar Haraldsson, sem átti eftir að setja mark sitt á staðinn með þróttmiklu starfi og efla þar atvinnulíf og lét muna um sig með þátttöku sinni í allskonar félags- og menningarlífi

Ragnar Ingi Haraldsson og Rósa Björg Sveinsdóttir kona hans fluttu þetta haust ásamt þremur ungum börnum sínum í Grundarfjörð úr Mosfellssveit, hann 33ja ára en Rósa 26 ára. Ragnari var athafnasemin í blóð borin og undi engu öðru en að vera sinn eigin húsbóndi og þurfa ekki að lúta vilja annarra. Þetta átti hann sameiginlegt með Bjarti í Sumarhúsum, mat sjálfstæðið ofar öllu öðru. Ragnar hafði lengi alið þann draum, allt frá barnsaldri, að verða sjómaður og helst formaður á eigin skipi. Hann er ekki þekktur af því að sitja við orðin tóm heldur réðst í það að kaupa sér lítinn vélbát með kunningja sínum Ásgeiri Valdimarssyni, sem var sonur þess merka bókaútgefanda Valdimars Jóhannssonar í Bókaförlaginu Iðunni. Þetta var gamall síldarnótarbátur úr áli og var breytt í fiskibát og bar heitið m/b Margrét Helgadóttir AK. Þeir félagar hófu útgerðina frá Hólmavík, enda Ragnar ættaður þaðan, hagvanur og þekkti marga. Afkoman var í heldur daprara lagi og ekki efni til að fara með í fréttir í aðrar sóknir. Ekkert húsnæði var í boði á Hólmavík svo fjölskyldan flutti aldrei þangað.

*Ragnar, Auður,
Sveinn og Rósa
á siglingu um
Kaldbaksvík.*



Soffanías Cecilsson sá öflugri athafnamaður í Grundarfirði auglýsti eftir bátum til þess að veiða fyrir sig rækju. Ragnar og Ásgeir sáu auglýsinguna og er ekki að orðlengja það, að samkomulag var gert og fjölskyldur þeirra beggja fluttu til Grundarfjarðar haustið 1969, eins og áður er getið. Það var að sjálfsögðu mikil og góð trygging fyrir unga barnafjölskyldu að semja, þar sem Soffanías var annars vegar, enda var hann maður orða sinna og því ekki þörf fyrir mikla skriffinnsku, sem báðum hefur fallið vel. Reyndar höfðu þeir félagar lítið heyrt af þessum stað og gerðu sér engar stórar væntingar um hann, þegar þeir slógu til og héldu þangað með eiginkonur sínar, til þess að kynna sér það, sem mestu skipti fyrir þau. Það var hins vegar vel tekið á móti þeim, fólkið var hlýlegt og þau fengu leigt íbúðarhúsnæði og kröfur þeirra aðrar innan þeirra marka, sem unnt var að uppfylla.

Öndvert við æskuvonir Ragnars var hann ekki sjómaður að upplagi, heldur þvert á móti átti þetta heldur illa við hann og ofan á allt annað var hann alltaf sjóveikur og naut sín engan veginn. Útgerðin var heldur ekki burðug og gekk flest miður vel. Ásgeir félagi Ragnars var óvenju hár maður og voru þeir kallaðir Geiri Long og Raggi rauði í daglegu tali og var sú nafngift mjög í samræmi við helstu útlitseinkenni þeirra og báru þeir þessi viðurnefni með rentu. Ragnar var jafnan því fegnastur þegar þeir sigldu inn fjörðinn og bryggjurnar skammt undan. Gárungarnir sögðu að heyra mætti að nú væri Maggan að koma inn,



*Nú kemur sér
vel að eiga langa
vagninn.*

Því það heyrðist alla leið frá Melrakkey, þegar Ragnar tók „Hamraborgina“ og söng um hvað hún væri há og fögur. Ragnar var staðráðinn í að nýta fyrsta tækifæri, sem gæfist og söðla um og fara að fást við það, sem hann var betur náttúraður fyrir. Hann seldi sinn hlut í útgerðinni og keypti vöruflutningana til Grundarfjarðar árið 1970 þar sem fylgdi í pakkanum Bedford flutningabíll árgærð 1965. Nú var Ragnar kominn á þann vettvang þar sem hann lyfti Grettistaki og varð snemma þjóðsagnarpersóna þegar í lifenda lífi.

Ragnar fæddist við nyrsta haf, þar sem heitir á Hólmavík við Steingrímsfjörð þann 21. desember 1936, en hafði þar skamma viðdvöl. Faðir Ragnars, Haraldur Guðjónsson athafnamaður var m.a. sérfræðingur í að aftengja tundurtufl, sem voru út um allt eftir tvær heimsstyrjaldir og öllum stórhættuleg, bæði skipum og mönnum, sem áttu leið um fjörunnar. Þetta var hættulegt nákvæmisstarf, sem hentar þeim sem óhræddir eru og fumlausir. Af sjálfu leiðir að strákunum sonum Haraldar, sem voru í senn áhugasamir um allar vélar og tól, þótti ekki verra að fá að fylgjast með, þegar svo bar undir. Haraldur og kona hans Marta Gunnlaug Guðmundsdóttir tóku sig upp frá Hólmavík sumarið 1947 og fluttu með alla fjölskylduna til Reykjavíkur og leigðu til ferðarinnar cadalinuflugbát rétt eins og um leigubíl væri að ræða. Þau lentu heilu og höldnu á Skerjafirðinum og var þessi ferð í huga Ragnars, sem var orðinn 11 ára, mikil ævintýraferð, þótt hann hafi misst af framsætinu, sem hann vissulega hafði augastað á.

Haraldur keypti stórt hús við Sörlaskjól 18 og bjó fjölskyldan þar í 3 ár, en



Nokkur hús flutt í einni lest.

Þá fluttu þau í Mosfellssveitina, þar sem heitir í Markholti og bjuggu þar í mörg góð ár. Marta vildi ekki hafa alla þessa stráka á götunni, enda vön öðru umhverfi og betra á Ströndum norður.

Ragnar var þriðji í röðinni í tíu barna systkinahópi, og því mikið um að vera á heimilinu við að fæða og klæða hópinn, sjö fyrirferðarmikla stráka og systurnar þrjár. Það var verulegur búhnykkur fyrir Markholtsheimilið að þar var rekið hæsnaþú, sem sá heimilinu fyrir öllum eggjum. Hæurnar voru hýstar í tveimur kofum, þar sem örfáar hænur héldu hönunum paról og sáu um að viðhalda stofninum, en hinum var haldið í ákveðinni fjarlægð. Ragnari og Guðjóni bróður hans þótti annar haninn á búinu heldur góður með sig svo þeir ákváðu að láta á það reyna hvers hann væri megnugur, ef hann yrði lokaður inni með öllum hinum hænunum í nokkra sólarhringa. Haninn lét drýgindalega og reigði sig innan um hæurnar, en þær gerðu sig allar til og voru tindilfættar. Að tveimur dögum liðnum komu þeir bræður að vitja hanans. Það var eins og við manninn mælt, að þarna lá hann að niðurlotum kominn og varð því fegnastur að honum var bjargað út úr búrinu. Þetta þótti þeim bræðrum vera óræk



Glæsileg hjón í siglingu 1993 þegar Rósa var fimmtug.

sönnun þess, að sumir flysjungar færðust of mikið í fang og stæðu ekki undir þeim hugmyndum, sem þeir hefðu um sjálfa sig.

Haraldur faðir Ragnars var dugnaðarforkur og vildi láta nútíma vélar og tæki léttu störfín og auka afköstin margfalt á við það, sem þekkt var á þeim tíma. Hann pantaði jarðýtu frá Ameríku af stærstu gerð og tækni-lega vel búna. Þessa vél ætlaði hann að nota við vegagerð og önnur stór verkefni, sem biðu hvarvetna. Örlög ýtunnar urðu þau sömu og forseta- bíls Sveins Björnssonar, fyrsta forseta lýðveldisins, að lenda á hafsbotni þegar Goðafoss var skotinn niður við Reykjanes haustið 1944. Haraldur lét ekki deigan síga og fékk aðra ýtu ári síðar, þegar stríðinu lauk.

Ragnar og Rósa kynntust, þegar hún var 16 ára og hafa þau æ síðan farið í genum súrt og sætt á meðan bæði lifðu. Rósa hafði gaman af að segja frá því, þegar hún var eitt sinn stödd úti á Skálatúni, þegar hún verður vör við mikinn hávaða frá húsi þeirra bræðra, sem var í um tveggja kílómetra fjarlægð frá henni. Hún óttaðist að eitthvað hefði komið fyrir og spurðist fyrir um þessa miklu háreysti. Ragnar kannaðist ekki við neitt sérstakt, sem hefði komið fyrir um daginn, en hins vegar neitaði hann því ekki, að þeir bræður hefðu aðeins verið að ræða málin.

Haraldur átti um þessar mundir ágætan Peugeot sendibíl, sem þeir bræður fengu stundum lánaðan, þegar þeir efndu til fundar við hið fagra kyn, enda hafði slíkt tæki mikið aðdráttarafl til viðbótar því, sem þeir ungu sveinar höfðu þegið frá almættinu. Eitt sinn þegar þeir voru á rúntinum tókst svo illa til að þeir ráku annan stuðarann utan í og smá beygla og rispa myndaðist. Nú voru



Bílaflotinn í höfn á 30 ára afmæli fyrirtækisins 1999.

góð ráð dýr svo þeir tóku til þess bragðs að skvetta úr skinnsokknum á rispuna svo það myndaðist ryð um leið. Þannig létu þessir prakkarar það líta svo út, að gamli maðurinn hefði sjálfur rekið bílinn utan í, en ekki tekið eftir því, enda var ryðið órækt merki þess, að langt var um liðið.

Bræðurnir ólust upp í mikilli framkvæmdagleði og byrjuðu snemma að taka til hendinni með föður sínum og voru með alls konar vélar og tæki á milli handanna alla daga. Snemma kom að því, eða árið 1960, að þeir stofnuðu sitt eigið verktakafyrirtæki og tóku að bjóða í allskonar jarðvinnu, enda ágætlega tækjum búinir, þegar þeir höfðu keypt sér ýtur, gröfur og bíla. Gekk allt snurðulaust framan af, en síðan fór róðurinn að þyngjast og tók eðlilega mið af því, sem átti sér stað í þjóðfélaginu á þessum árum. Meðal þeirra verka, sem þeir buðu í var grunnur Norræna hússins, sem var eitt fárra verka sem skilaði þeim bræðrum góðum ábata. En þetta gekk ekki eftir með ýmis önnur verk og þó einkum þar sem þeir voru undirverktakar og fengu litlar eða engar greiðslur. Um þessar mundir fór hvert fyrirtækið á eftir öðru á hausinn og menn vissu aldrei hvar þessa óáran bæri niður næst. Hið opinbera tók aðeins



Leikskólabörnin fá hlýjar móttökur hjá Ragnari og hans fólki árið 2003.

tilboðum, sem voru langt undir kostnaðaráætlun og eitt leiddi af öðru og fæstir gátu staðið slíkan hrunadans af sér. Ragnar og Rósa brugðust við þessu með því að axla sín skinn. Þau seldu eignir sínar, þar á meðal nýbyggt hús við Markholt, gerðu upp skuldir og héldu á önnur mið, eins og áður er getið, með aðeins dagnaðinn og bjartsýnina að vopni.

Friðgeir Hjaltalín og Tryggvi Gunnarsson, sem ráku flutningabíl í Grundarfirði, ákváðu í byrjun júlí 1970 að ganga til samninga við Ragnar um að hann keypti útgerðina, sem var Bedford-bíll árgerð 1965 og reyndist hið ágætasta tæki. Til að ljúka málinu þurftu bæði fjármálafyrirtækin á staðnum, Sparisjóðurinn og Samvinnubankinn, að leggja málinu lið og lánuðu hvort sínar 100 þúsund krónur. Slíkt samráð var ekki litið hornauga á þessum tíma, heldur þótti þvert á móti í senn nauðsynlegt og eðlilegt.

Rekstur flutningabílsins gekk vel, enda vel á haldið og heldur tekið að hýrg-



Oft var efnt til gleðifundar á Fagurhólnum af litlu tilefni.

ast í landinu á ný og bjartsýnin farin að ráða för. Hins vegar var vegakerfið ólíkt því sem nú er, því slitlagið náði aðeins upp í Kollafjörð og engin brú yfir Borgarfjörð, hvað þá heldur göng undir Hvalfjörð. Sannast sagna var vegakerfið nær ónýtt og á hverju vori voru sett þungamörk, sem stóðu mismunandi lengi og Ragnar man eftir því að þau stóðu yfir í 29 daga eitt vorið. Þetta vegakerfi fór illa með bíla, dekk og bílstjóra og má með sanni fullyrða að þetta hafi verið þrælavinna, en skemmtileg og passaði ákveðnum mönnum, sem höfðu slíkt lundarfar, að bjóða öllu birginn.

Ragnar og Rósa keyptu Fagurhólstún 2 af Mjólkursamsölunni árið 1974 og stækkuðu bílskúrinn þannig að hann hentaði vel fyrir pakkageymslu o.fl. sem nauðsynlegt er þessum rekstri. Það má segja að húsið þeirra hafi legið um þjóðbraut þvera og komu margir við og fengu kaffisopa hjá Rósu um leið og þeir sóttu pakkann sinn. Rósa sá um bókhaldið og innheimti reikningana og gekk það eins og í sögu, enda reglusemi á öllum hlutum í hávegum höfð. Marga ferðina hljóp hún niður í bílskúrinn til að finna pakka og afhenda hann réttum



*Ragnar, Rósa, Jóna
og Guðmundur
Smári njóta lífsins
við Miðjarðarhafið.*

eiganda. Vel var passað upp á það að menn væru búnir að greiða kröfuna áður en varan var afhent, enda oft mikið í húfi. Ragnar var með eftirminnilegar athugasemdir, ef menn ætluðu að freista þess að ná vörinni án þess að hafa greitt kröfuna enda orðhvaturlaus, ef svo bar undir.

Ragnar hélt uppi tveimur ferðum á milli Grundarfjarðar og Reykjavíkur í hverri viku. Farið var suður á sunnudagsmorgnum og til baka síðdegis á mánudögum og svo aftur suður á miðvikudagsmorgnum og heim á fimmtudagskvöldum. Ærið voru ferðirnar misjafnar og fór það jafnan eftir veðri og færð eða aurbleytu á vorin þegar klaki var að fara úr jörðu. Að jafnaði tók ferðin aðra leiðina 7 til 8 klukkustundir og stundum miklu lengri tíma, þegar allir vegir voru meira og minna á kafi í snjó og fyrir það fyrsta gat verið ansi strembið að átta sig á hvar vegurinn lá. Ragnar rifjar það upp, að í einni ferðinni sprakk hjá honum sjö sinnum og hefði þetta ekki verið heilög tala, hefði hann tekið þetta sem vísbendingu frá almættinu um að hann ætti að fara snúa sér að einhverju öðru áður en þetta dræpi hann alveg.

En stundum gerði Ragnar góðan bisniss eins og þegar hann tók að sér að flytja 19 metra langa bita úr strengjasteypu, sem voru notaðir í nýbyggingu hjá Fiskverkun Soffaníasar og Hraðfrystihússins. Enn stærri bitar voru fluttir með sömu aðferð í Stykkishólmi. Allir gerðu sér grein fyrir að það mundi kosta morð fjár að flytja þessa bita sjóleiðis og nánast óframkvæmanlegt. Ragnar sá


Rósa og Rósa á
jólunum.



tækifærið í þessu og lét sérsníða fyrir sig 17 metra langan vagn fyrir verkið. Þessi búnaður var því samtals 28 metra langur með bílnum og má nærri geta hvort þetta hentaði því frumstæða vegakerfi, sem þá var á Vesturlandi. Það voru einungis sentimetrar, ef ekki millimetrar, sem réðu úrslitum um hvort unnt var að komast yfir gömlu brúna á Hvítá og ekki á færi annarra en ofurbílstjóra að ljúka þessu verki. Ragnar varð að beygja á hárréttu augnabliki til þess að forða því að bitarnir snertu brúarhandriðið eða bílinn færi í bergið. Ef eitthvað hefði farið úrskeiðis hefði ekki þurft að spyrja að leikslokum en Ragnar var ódeigur og kunní á þessu lagið. Í fystu ferðinni varð Ragnar að fá aðstoð Vegagerðarinnar til þess að komast yfir brúna á Gríshólsá svo hann næði beygjunní. Vegagerðin átti öfluga tjakka til að lyfta vagninum að aftan um nokkra sentimetra í senn þar til afturendinn var kominn í rétta stöðu. Vegagerðin lét síðan breikka veginn við ána og þetta gekk eins og í sögu eftir það.

Ragnar sagði að þennan flutning hefði hann verðlagt rýmílega og með góðri samvisku, enda allir grætt vel og verið ánægðir að verki loknu.

Einhverju sinni var Ragnar með drekkhlaðinn bíl á leið vestur seint á mánu-degi í 27 stiga frosti og því fór hann varlegar en nokkru sinni, því miklu skipti að þurfa ekki að stoppa í þessum mikla kulda. Þegar hann var kominn vestur á Hvítárvelli hafði þegar sprungið tvisvar og voru varadekkin ekki fleiri.



*Ragnar með
Runólf Guð-
mundsson og
Svein Inga á
jólunum 1980.*

Sjoppan var lokuð eins og bakarí á jólunum, en hann komst í loftdæluna og var ekki annað í boði en setjast niður við að bæta, líma, dæla lofti í dekkið og setja það undir aftur. Þá gat Ragnar loks sest undir stýri og yljað sér eftir volkið og dólaði síðan alla nótina vestur og tókst að skila vörunum til eiganda sinna um morguninn.

Ragnar keyrði einnig um tíma fyrir Kaupfélag Stykkishólms og því nýttist bíllinn vel. Oftar en ekki voru einhverjir farþegar með, enda bílstjórinn léttur í lund og hjálpsamur og vildi hvers manns vanda leysa. Jóna dóttir hans rifjaði upp að í einni ferðinni, af mörgum, með pabba sínum var fannfergið slíkt að hvergi sá í veginn. Þá kom það í hlut farþegans að ganga á undan til þess að vísa leiðina því stikur voru þá ýmist lélegar eða engar. Þegar þau komu í efri sneiðina á Kerlingarskarði varð Jóna að ganga á undan alla leiðina upp á Fjallið, en þá tók að glitta í veginn og úr því gekk ferðin greiðlega, enda Ragnar sérlega flinkur bílstjóri og þekkti leiðina eins og vasana sína. Jóna rifjar upp frásögu föður síns frá snjóavetrinum 1983, þegar Guðni heitinn Jónsson framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins var farþegi vestur í mikilli ófærð. Fjöldinn allur af bílum, ýmist fastir í skafli eða komnir út af, töfðu fyrir umferðinni. Mest voru þetta svo kallaðir slyddujeppar og Ragnar lét þá óspart finna fyrir því með alls konar athugasemdum eins og hvaða kaupleigufyrirtæki ættu gripina og annað

*Feðgarnir Ásgeir
og Ragnar
fylgjast með
boltanum.*



í þeim dúr. Þegar þeir félagar voru búnir að baksa þetta í hálfan sólarhring með aðstoð snjómoksturstækja og eigin snjóskóflur að vopni voru þeir komnir að Kolgröfum og ákváðu að sækja heim Gunnar bónda og hressa sig með heitu og sterku kaffi. En vegna ófærðarinnar hafði Gunnar ekki komist í kaupfélagið í marga daga og var kaffið upp urið og aðeins einn tepoki til, sem þeir Guðni og Ragnar skiptu bróðurlega á milli sín. En hlýlegar móttökur og meðlæti bættu það sem upp á vantaði og aðeins loka áfanginn eftir, sem gat þó tekið langan tíma, þótt vegalengdin væri lítil.

Þessar ferðir voru oft slarksamar og erfiðar áður en vegabæturnar fóru að skila sér og oft kom Ragnar úr þessum ferðum með hálf tveggja klukkustundir utan á bílnum. Þetta reyndi á bílstjóran og því kom sér vel að vera léttur í lund og taka því sem að höndum bar. Ragnar hlustaði mikið á útvarpið á leiðinni, eða setti disk með Pavarotti í tækið og ef hann var einn í bílnum tók hann undir með stórsöngvaranum, svo undir tók í fjöllunum. Nú er öldin önnur þar sem hver lófastór blettur er lagður slitlagi og bílarnir eins og nýir eftir ferðina, sem tekur rúmar tvær klukkustundir. Ragnar setur upp óræðinn svip og segir að ekkert sé verðmætara fyrir sérhvert kjördæmi en að fá samgönguráðherra, sem hafi ekki allt of mikið samviskubít af því að færa sér í nyt þau tækifæri, sem gefast í slíku embætti, enda sýna verkin merkin á Snæfellsnesi.

Upp úr 1980 byrjuðu fiskflutningar með bílum og brást Ragnar við með því



Bílaflotinn orðinn stór og stækkar enn.

að kaupa nýjan bíl vel útbúinn árið 1983, enda kom það á daginn að mikil þörf var fyrir tvo bíla. Ásgeir sonur Ragnars varð snemma liðtækur bílstjóri og tók meiraprófið strax og hann mátti í ágúst 1984 og á tvítugs afmælisdegi sínum settist hann undir stýri á flutningabílnum og ók vestur eins og leið lá yfir Kerlingarskarð. Þar steig hann út og öskraði svo undir tók í nálægum fjöllum og hermt er að Kerlingin hafi hrokkið í kút og hljóðin hafi borist alla leið í Grundarfjörð. Það sannast á Ásgeiri hið fornkveðna að „skjaldan kemur dúfa úr hrafnsleggi“, enda er Ásgeir engu minni hávaðamaskína en karl faðir hans og bílstjóri eins og þeir gerast bestir.

19. ágúst 1998 var tekið í notkun fullkomið verkstæðishús að Sólvöllum 7 og þar með var öll starfsemi fyrirtækisins komin á einn stað. Þetta gerbreytti allri aðstöðu bílstjóranna til að gera við bílana og halda þeim við á alla lund eins og að smyrja, skipta um dekk og halda þeim hreinum og bónuðum. Ragnar og Rósa gátu með miklu stolti litið yfir þetta glæsilega og vel rekna fyrirtæki og borið það saman við það sem þau byrjuðu með, satt best að segja með nær tvær hendur tómar. Um aldamótin var haldið upp á 30 ára afmæli fyrirtækisins með veglegri veislu þar sem um 300 manns komu og samfögnuðu. Verkstæðishúsinu

var breytt í veislusal og veitt á báðar hendur af rausn. Og enn var haldið upp á 40 ára afmælið 2010 með sama hugarfari og myndarskap.

Rétt fyrir aldamótin síðustu gengu í garð uppgangstímar með stórbættu vegakerfi og þeir feðgar stofna fyrirtækið Ragnar og Ásgeir ehf. og sinna öllu Snæfellsnesi frá árinu 2001 með fleiri bílum og bílstjórum. Fyrirtækið hefur vakið athygli fyrir góða þjónustu og vel hirta bíla, sem gleðja augu höfuðborgarbúa og annarra alla daga ársins. Ekki færri en 18 bílar eru í stöðugum ferðum milli Höfuðborgarsvæðisins og Snæfellsness um þessar mundir og allir sérbúnir til þeirra flutninga sem þeim eru ætlaðir. Ásgeir er tekinn við framkvæmdastjórninni og eins og áður er þessi samhenta fjölskylda starfandi við fyrirtækið eins og þörf krefur og endurnýjast eftir náttúrulegum leiðum. En allir verða fyrr eða síðar fyrir áföllum í lífinu, líka þessi fjölskylda. Rósa lést 27. sept. 2007 langt um aldur fram eftir langa og hetjulega baráttu við illvígan sjúkdóm. Hún var akkerið í þessum rekstri og því var vandfyllt hennar skarð, en fjölskyldan býr yfir mannváli og leysir öll verkefni, þegar að þeim kemur.

Ragnar Haraldsson ekur nú áfram veginn á sínum Volvo á milli landshluta til að sinna áhugamálum sínum og spilar bridge í hverri viku þar syðra af gleði og mikilli hugmyndaauði. Hann á það til að stilla upp í skák við einstaka vini sína og teflir þá djarft eins og hans er von og vísa, enda sinnir hann sókninni gjarnan á kostnað varnarinnar rétt eins og Barcelona spilar sinn fótbolta. Kannski hefur Ragnar alltaf séð um sóknarleikinn í lífinu, en Rósa konan hans sá um hlutverk varnarinnar, sem fólst í því að halda öllu í horfinu, því annars hefði sigurinn verið býsna fjarlægur. Sumt er svo sjálfsagt og eðlilegt að maður tekur ekki eftir því.

Ágústa Rós Árnadóttir, sagnfræðingur

Skákþing Íslands í Grundarfirði árið 1986

Heimamenn í Grundarfirði fögnuðu 200 ára afmæli kaupstaðarréttinda árið 1986 með ýmsum viðburðum. Einn þeirra varð til þess að litla sjávarplássíð á norðanverðu Snæfellsnesi fékk athygli í helstu fréttamiðlum landsins. Atburður þessi var Skákþing Íslands sem haldið var í Grundarfirði þar sem landsliðs-flokkur skákmanna á öllum aldri atti kappi saman um Íslandsmeistaratitillinn. Mótið átti eftir að reynast eitt það sterkasta sem haldið hafði verið til þess tíma en jafnframt markaði það tímamót í sögu Skáksambands Íslands og varð afdrifaríkt fyrir íslenska skáksögu þess utan hafði mót þetta mikil áhrif á bæjarlífið vegna þess hve mjög það lífgaði upp á tilveru ungra sem aldinna Grundfirðinga.

Aðdragandi móts

Þegar Skáksamband Íslands var stofnað árið 1925 var eitt af meginmarkmiðum þess að halda Skákþing Íslands reglulega út á landi en árið 1986 hafði það aðeins sjö sinnum farið fram utan höfuðborgarsvæðisins og síðast hafði það verið árið 1957. Mikil átök höfðu verið um skákstaði innan raða Skáksambandsins í upphafi sem ollu nær klofningi innan félagsins. Þegar leið á myndaðist sátt meðal flestra um að Reykjavík hentaði best til mótshalda meðal annars vegna þess að þar bjuggu flestir skákmenn og þangað voru samgöngur greiðastar. Auk þess voru flestir skákmenn í vinnu eða námi og áttu erfitt um vik að vera fjar-

verandi frá skyldum sínum á meðan á mótum stóð. Skáksambandið hafði því að þessu leyti fjarlægst upphaflegt markmið sitt sem var að kynna skákina um land allt.

Árið 1986 stóð yfir undirbúningur afmælisfagnaðar í Grundarfirði vegna þess að 200 ár voru liðin frá því að bærinn fékk kaupstaðarréttindi. Árni M. Emilsson, sem þá var útibússtjóri Búnaðarbankans í Grundarfirði og mikill áhugamaður um skák, beitti sér fyrir því að haldið yrði skákmót í Grundarfirði af þessu tilefni. Sveitarstjórn kaus þriggja manna nefnd til þess að undirbúa viðburðinn. Í nefndina voru kosnir Ragnar Elbergsson, Gunnar Kristjánsson og Árni Emilsson, sem var formaður nefndarinnar. Árni hafði þá staðið fyrir tveimur helgarskákmótum í Grundarfirði sem Jóhann Þórir Jónsson, ritstjóri Skákar, var höfundur að en hann var helsta driffjöðurin í íslensku skáklífi á þessum árum. Þeir Jóhann, Árni og Þráinn Guðmundsson, sem þá var forseti Skáksambandsins, hittust í Grundarfirði til þess að ræða þá hugmynd að halda þar sjálfa landsliðskeppni Skákpingsins, sem var æðsta keppni íslenskra skákmanna. Hugmyndin féll í grýttan jarðveg innan Skáksambandsins til að byrja með og sáu menn fyrir sér ýmsar hindranir. Landsliðskeppnin hafði ekki verið haldin utan höfuðborgarsvæðisins í áratugi og menn óttuðust að keppendur fengjust ekki til þess að samþykka lítið þorp sem umgjörð um æðstu keppni íslenskra skákmanna. Skáksambandið átti hins vegar við fjárhagserfiðleika að stríða sem gerði þeim erfitt um vik að halda mót sem þetta en með frumkvæði Grundfirðinga yrði það mögulegt. Gallinn var hins vegar sá að Grundarfjörður var jú eftir allt saman aðeins lítið þorp á norðanverðu Snæfellsnesi þar sem ekki var einu sinni hótél. Árni Emilsson sagði mönnum að það gæti ekki orðið vandamál þar sem að hótél væri í hverju húsi í Grundarfirði og var það tekið gilt. Á meðan félagarnir þrír funduðu tók Árni upp tólið og hringdi nokkur símtöl og eftir að hafa verið í símanum í aðeins stundarfjórðung var búið að útvega öllum keppendum auk fylgdarmanna gistingu í heimahúsum og þar með var málið leyst. Mikill velvilji var því meðal Grundfirðinga til að halda keppnina og gera hana að lið í hátíðarhöldum sínum. Segja má að áhugi og greiðasemi íbúa hafi átt einn stærstan þátt í því að unnt var að halda mótið. Ekki einungis bauðst sveitafélagið til þess að greiða 150 þúsund króna verðlaun heldur buðust íbúar einnig til þess að hýsa keppendum. Guðni Jónsson, sem þá var framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins, greiddi mjög götuna og bauð öllum

skákmönnunum upp á hádegis- og kvöldmat í mótuneyti frystihússins. Á daginn kom að fiskurinn sem skákmönnum var boðið upp á í hádeginu þótti svo með eindæmum góður að það er enn í minnum haft. Sveitafélagið réð auk þess nokkrar konur til þess að hugsa um keppendur á mótsstað, baka ofan í þá bakkelsi og sjá til þess að þeir fengju nóg af kaffi og öðrum drykkjarvörum eins og öl og mjólk enda keppendur á ólíkum aldri. Því var ákveðið að halda keppnina í Grundarfirði sem átti eftir að léttu róður Skáksambandsins næstu ár á eftir bæði í fjárhagslegu tilliti og vali á mótsstað.

En af hverju þessi áhugi Grundfirðinga á að halda slíka keppni? Jú, með þessu vildu heimamenn sýna fram á að í litlum sjávarplássum væri lífið ekki bara saltfiskur og að þar gæti þrífist litríkt mannlíf. Þess utan vildu menn leggja sitt af mörkum til þess að efla skákáhuga Grundfirðinga og hvetja þá til dáða í íþróttinni og kynna þá fyrir eftirvæntingunni og því sérstaka andrúmslofti sem verður til á skákstað. Grundfirðingar voru ekki með öllu ókunnugir mótshaldi eftir helgarskákamótin sem tókust þrýðisvel í alla staði. Helgarmót þessi kveiktu skákáhuga hjá heimamönnum sem að mati margra hefði þó þurft að fylgja betur eftir. Á helgarmótum voru tefldar tvær til þrjár skákir á dag í kapp við klukkuna sem var ólíkt fyrirkomulaginu á Skákþingi Íslands sem stóð yfir í tvær vikur. Þar fengu keppendur staðlaðan umhugsunartíma eftir alþjóðlegum reglum sem hljóðaði upp á tvær og hálf klukkustund á fyrstu 40 leikina en þá fór skákin í bið og fengu keppendur klukkustund á hverja 16 leiki eftir það. Yfirbragðið varð því eðlilega allt annað og alvarlegra og taflmennskan vandaði.

Keppendur lögðu af stað með rútu til Grundarfjarðar þann 14. september en keppnin fór fram í Grunnskóla Eyrarsveitar dagana 15.–27. september. Vel var tekið á móti keppendum á einkaheimilum heimamanna þar sem áttu eftir að myndast vináttutengsl sem sum hver hafa haldið til dagsins í dag. Keppendur voru ánægðir með það fyrirkomulag að mótið væri haldið í Grundarfirði. Þannig komust þeir út úr sínu daglega amstri og voru lausir frá vinnu sem þeir hefðu að öðrum kosti þurft að mæta í og gátu því að fullu einbeitt sér að keppninni.

Keppendur voru allt frá unglíngum til alþjóðlegra meistara en það þótti merkilegt að tveir 14 ára piltar voru á meðal keppenda. Þátttakendur voru þessir: Björgvin Jónsson (f. 1964), Dan Hanson (f. 1952), Davíð Ólafsson (f. 1968), Guðmundur Sigurjónsson (f. 1947), Hannes H. Stefánsson (f. 1972), Jóhann

Hjartarson (f. 1963), Jón L. Árnason (f. 1960), Karl Þorsteins (f. 1964), Margeir Pétursson (f. 1960), Sævar Bjarnason (f. 1954), Þröstur Árnason (f. 1972) og Þröstur Þórhallsson (f. 1969). Auk þess var með í för Ólafur Ásgrímsson skákstjóri. Meðal þátttakenda voru fimm af sex keppendum í Ólympíusveit Íslands sem fara átti til Dubai í nóvember sama ár. Vegna þess hve sterkur hópurinn var bjuggust menn við því að mótið gæti orðið eitt það sterkasta sem haldið hafði verið.

Óhætt er að segja að keppnin hafi verið stærsti viðburðurinn í hátíðarhöldum Grundfirðinga og hann vakti athygli hvarvetna um landið. Grundfirðingar voru sem von var spenntir yfir komu skákmannanna og mótinu. Á þessum tíma fengu landsliðsmennirnir í skák töluverða umfjöllun fjölmiðla og voru þjóðþekktir og dáðir íþróttamenn. Síðar þegar íslenska Ólympíusveitin kom heim frá Dubai voru liðsmenn hennar valdir menn ársins af lesendum Dagblaðsins Vísis. Almennt hlaut skákíþróttin á þessum tíma mikla umfjöllun bæði á landsvísu og heimsvísu. Eftirvæntingin að hitta skákmennina var því mikil í Grundarfirði bæði meðal fullorðinna og ekki síst meðal krakkanna í plássinu.

Skákþing Íslands

Mótið var það sterkasta sem til þessa hafði verið haldið og var lengi í minnum haft sem eitt hið besta sinnar tegundar enda voru meðalstig keppenda rétt innan við 2.400 stig. Áhorfendur fengu sitthvað fyrir sinn snúð og þurftu ekki að kvarta yfir leiðigjörnum skákum en í fyrstu fjórum umferðunum voru tefldar fleiri spennandi skákir en gert var á heilum mótum. Þarna voru bæði stórmeistarar og svo enn fleiri sem síðar öðluðust þann titil. Mótið einkenndist af óvæntum úrslitum og var hver stórmeistarinn af öðrum tekinn í karphúsið og ollu yngstu keppendurnir strax þó nokkrum usla á meðal þeirra eldri svo sumum þótti jafnvel nóg um. Sérstaklega þóttu skákmennirnir ungu þeir Hannes Hlífar Stefánsson og Þröstur Þórhallsson veita þeim bestu snarpa keppni. Talað var um það að Hannes Hlífar tefldi eins og Rambó en hann notaði kvöldin til þess að leigja sér myndbandsspólur og varð Rambó oftast en ekki fyrir valinu sem mönnum þótti skila sér í taflmennskuna daginn eftir. Óvænt úrslit einkenndu mótið og lítið var um jafnteflisskákir og því tefldu menn



Árni Emilsson setti mótið með því að leika fyrsta leikinn í skák Guðmundar og Karls.

til sigurs í flestum skákum. Mótið þótti brúa bil milli sterkustu skákmanna landsins og yngri manna sem sóttu í sig veðrið. Enda fengu þeir yngri einstakt tækifæri til þess keppa við reyndari menn og þótti það óvenjulegt að tveir 14 ára piltar gátu stokkið beint inn í efsta flokk á meistaramóti sinnar þjóðar. Á mótinu mátti því merkja nýja sveiflu í íslensku skáklífi þar sem yngri menn fóru að raða sér í efstu sætin en á þessum tíma höfðu eldri og reyndari meistarar dregið úr þátttöku sinni á skákmótum. Það sem einkenndi marga þá yngri var að þeir sökkту sér niður í skákfræðin og þræddu langar „teóríur“ sem fæstir andstæðingar þeirra kunnu.

Keppendur tefldu frá klukkan 18 til 23 virka daga en frá klukkan 14 til 19 um helgar. Teflt var á hverjum degi en keppendur fengu þó frí tvo föstudaga. Ólafur Ásgrímsson var skákstjóri en hann var alþjóðlegur skákdómari og stýrði mótinu áreynslulaust af miklum skörungsskap. Hann var afskaplega ljúfur maður en honum fylgdi agi og virðing sem setti sérstakan blæ á mótið.

Þótt hart væri barist í stofum Grunnskóla Eyrarsveitar var það þó gert í



Skákmennirnir einbeita sér yfir taflinu og ungur heimamaður sér um að sýningarborðin sýni rétta stöðu eftir hvern leik.



Hannes Hlífur og Karl Þorsteins í upphafi skákar og þreifa fyrir sér. Í bakgrunni sjást þeir Þröstur Þórhallsson og Margeir og þeir Jón L. og Þröstur Arnason.



Próstur Þórhallsson og Jón L. leiða saman hesta sína.

miklu bróðerni. Vel fór um skákmenn og góður andi var í hópnum. Á milli skáka gæddu menn sér á kökum og öðrum góðgerðum frá grundfirkum húsmæðrum sem hugsuðu um skákmennina eins og börnin sín og létu þeir vel að þessu atlæti og þótti viðurgjörningurinn hinn besti. Þetta heimilislega andrúmsloft þótti mun notalegra en þegar teflt var á hótelum eða samkomuhúsum. Heimamenn nýttu tækifærið þegar skákmenn voru lausir til þess að taka við þá eina og eina bröndóttu og var það einatt mat heimamanna að þá vantaði ekki nema rétt herslumuninn á sigri. Sumir vildu ræða skákirnar við keppendur en aðrir fylgdust með úr fjarlægð. Áhorfendur voru á öllum aldri og jókst fjöldi þeirra og áhugi eftir því sem leið á mótið. Það lék enginn vafi á því að menn höfðu gaman af því að fylgjast með þessum afreksmönnum og fólk kom víða að til þess að horfa á mótið. Einhverjir komu frá Reykjavík og voru í einn til tvo daga en áhugi var sérstaklega mikill meðal Ólafsvíkinga enda hafði skáklíf þar lengi staðið í miklum blóma.



Björgvin Jónsson þjarmar að Davíð Ólafssyni og upp kemur Sikileyjarvörn.



Guðmundur Sigurjónsson, reyndasti skákmaðurinn, teflir til jafnteflis við Dan Hanson.



Skákmenn við allsnægtarborðið á skákstað.

Skákirnar tóku langan tíma eða um fimm til sjö klukkustundir á dag og mikill tími fór í undirbúning keppenda fyrir næstu skák og þá héldu skákmennirnir sig heima fyrir í rólegheitum. Á milli skáka gerðu keppendur sér oft glaðan dag og hittust. Á kvöldin var spilaður fótbolti og farnar voru ófár gönguferðir enda voru keppendur heppnir með veður. Sumir gengu á Kirkjufellið og aðrir fóru út á sjó en einnig var farið í bíltúra. Sumir af þeim yngstu kynntust jafnöldrum sínum í Grundarfirði og kíktu eitthvað á stelpurnar. Skákmönnum var boðið á helstu vinnustaði bæjarins og fengu þeir að kynna undirstöðuatvinnuvegum landsins, útgerð og fiskvinnslu. Farið var með hópinn í ferð um Snæfellsnesið. Þeir fóru hringinn í kringum jökulinn og komu meðal annars við í Dritvík þar sem þeir reyndu sig við Hálfsterkan, Hálfdrætting og Amlóða en lítið fór fyrir afrekum skákmanna á þeim vettvangi.

Bæring Cecilsson, sem þá var fréttaritari sjónvarpsins, var óþreytandi við að stytta keppendum stundir. Hann sýndi þeim bæinn og sagði þeim frá mark-



Spekingar spjalla. Frá vinstri: Sævar Bjarnason, Ólafur Ásgrímsson skákstjóri, Davíð Ólafsson og Pröstur Þórhallsson.

verðum atburðum sem gerst höfðu í nágrenninu en margir þeirra voru yfirskilvitlegir. Eins og hans var von og vísa tók hann gríðarlega mikið af myndum af mótinu. Myndatökur á keppnisstað voru að vísu bannaðar nema rétt fyrstu mínúturnar en hljóðið þegar smellið var af hafði truflandi áhrif á keppendur. En Bæring var ávallt með vélina á lofti og laumaðist til þess að taka myndir. Menn voru niðursokknir í skákina og farnir að hugsa nokkra leiki fram í tímann, þegar heyrðist smelli í myndavél sem gat truflað einbeitinguna og því þurftu skákmennirnir stundum að sussa á Bæring. En Bæring sá við því og keypti sér neðansjávarmyndavél og hélt því fram að hún væri algjörlega hljóðlaus. Hún var það þó ekki alveg en skákmenn létu sér það í léttu rúmi liggja. Þökk sé fyrirhyggju Bærings er mótið því rækilega skjalfest með ljósmyndum. Hann sýndi skákmönnum fjöldann allan af myndum og sérstaka kátínu vöktu neðansjávarmyndir hans og sögurnar af þeim hjá keppendum en hann sá víst eitthvað á þeim sem aðrir sáu ekki. Skákmönnum þótti Bæring einstakt náttúrubarn sem sá hlutina öðrum augum en þeir og er hann einn þeirra bæjarbúa



Magnea Guðmundsdóttir og Emilía Karlsdóttir voru meðal þeirra kvenna sem sáu um kaffi og meðlæti.

sem þeim er hvað eftirminnilegastur. Einn keppenda, Jón L. Árnason, náði að líkja vel eftir sérstæðri og skemmtilegri framkomu Bærings og hafði í mörg ár eftir mótið eftir ýmis orðatiltæki hans. Lengi vel var því eins og Bæring væri aukamaður í landsliðinu.


Sigurvegari mótsins var Margeir Pétursson sem þótti tefla eins og herforingi og var hann vel að sigrinum kominn. Hann hlaut 8 vinninga af 11 mögulegum. Í öðru til þriðja sæti urðu þeir Jóhann Hjartarson og Guðmundur Sigurjónsson með 7 vinninga. Í fjórða til sjötta sæti höfnuðu þeir Jón L. Árnason, Karl Þorsteins og Þröstur Þórhallsson og voru þeir allir með 6 ½ vinning. Í sjöunda sæti varð hinn 14 ára gamli Hannes Hlífar Stefánsson með 6 vinninga. Allt voru þetta sterkir skákmenn en úrslitin þóttu ánægjuleg því þarna varð Margeir Íslandsmeistari í fyrsta sinn.



Þeir fara yfir stöðuna á mótinu og njóta veitinga. Frá vinstri: Orri Árnason, Guðni Jónsson og Óskar Ásgeirsson.

Með stjórnur í augum

Krakkarnir í þorpínu voru með stjórnur í augum yfir öllum þessum skákmeisturum sem spókuðu sig á götum Grundarfjarðar. Í þeirra augum voru hér á ferð stórstjórnur og um annað var varla talað. Krakkarnir fóru á milli húsa þar sem skákmennirnir bjuggu í þeirri von að fá að berja þá augum. Skákmennirnir tóku vel í þessa athygli og sýndu krökkunum spilagaldra og fleira skemmtilegt. Krakkarnir flyktust einnig á mótið þótt lítið hefði farið fyrir skákáhuga hjá mörgum þeirra fram að þeim tíma en áhuginn jókst við komu þessara manna. Að vísu höfðu helgaskákmótin í Grundarfirði vakið skákáhuga sumra krakka og þeir lært mannganginn í kjölfarið. En að horfa á meistarana sitja í þungum þönkum og hugsa næsta leik var merkileg upplifun fyrir börnin í plássinu og þótti sumum svo hátíðlegt að þeir þorðu vart að anda. Ungum Grundfirðingum var falið það verkefni að færa skákirnar upp á sýningartöflur og ýmis fleiri verkefni við mótið sjálft. Krakkarnir stilltu upp borðum fyrir



Áhorfendur í sal. Aftast stendur Þorvaldur Elbergsson. Í öftustu röð sitja Ási Clausen, Guðmundur Jóhannesson og stórmeistararnir Guðmundur Sigurjónsson, Jóhann Hjartarson og Margeir Pétursson. Fremstir eru Ásgeir Óskarsson, Óskar Ásgeirsson og Sturla Böðvarsson bæjarstjóri í Stykkishólmi.

skákir, færðu keppendum mat og hressingu og sinntu öðru snatti. Í lok mótsins fengu nokkrir krakkar að tefla fjöltefli við einn stórmeistarann en í þessu öllu þótti gifurleg upphefð. Sigurvegari mótsins, Margeir Pétursson, kom oftar til Grundarfjarðar eftir þetta mót og tók þá þátt í fjölteflum í Grunnskólanum og voru krakkarnir áhugasamir og þátttakan mjög góð.

Húsfreyjum í Grundarfirði þótti ekkert tiltökumál að hýsa keppendum í þrettán daga og leist vel á þetta fyrirkomulag. Á kvöldin var sest inn í stofu og spjallað og stundum dattu aðrir skákmenn inn í heimsókn. Að öðru leyti gekk heimilislífið sinn hefðbundna vanangang. Að vísu var ekki laust við að sumir hinna fullorðnu hafi haft einhvern stjörnuhlampa í augum yfir skákmönnum. Eitt sinn þegar Ólympíufararnir voru saman komnir í heimahúsi varð húsfreyjan svo feimin að hún þorði ekki einu sinni að biðja þá um að skrifa



Ungir Grundfirðingar tefla.



Þröstur Þ. og Margeir fara yfir stórmeistarajafteflið og Sveinn Ragnarsson rýnir í stöðuna.



Björgvin Jónsson teflir við Margræti Óskarsdóttur, heimasætu á Eyrarvegi 17.


í gestabókina. Sambúð skákmanna og heimamanna gekk vel en sérviska og hjátrú gátu sett strik í reikninginn. Hannes Hlífar stóð í þeirri meiningu að ekki borgaði sig að baða sig fyrir en að móti loknu en sú ráðstöfun féll ekki í góðan jarðveg hjá heimilisfólki. Var hann því á endanum rekinn í það en óvíst er hvaða afleiðingar það hafði á skákirnar sem tefldar voru eftir þvottinn. Einhverjir skákmenn fengu ættingja í heimsókn þótt ekki væri það algengt enda var fimm tíma keyrsla frá Reykjavík til Grundarfjarðar á þessum árum og víða slæmir vegir. Björgvin Jónsson fékk nafna sinn og afa í heimsókn en þeir gistu báðir hjá Sigrúnu Davíðsdóttur og Óskari Ásgeirssyni sem þá bjuggu á Eyrarvegi 17. Hann var áhugasamur um skákina og studdi vel við bakið á stráknum. Sigrún og Óskar höfðu mjög gaman að því að hýsa þá enda spiluðu þeir við börnin á heimilinu og voru hinir almennilegustu. Þau hjónin töluðu um það hversu mikil tilbreyting það hefði verið að fá skákmótið og keppendur í bæinn en skemmtanalíf á þeim árum þótti heldur fábreytt.

Lokahófið – Soffanías stelur senunni

Mótslokum var fagnað með lokahófi í samkomuhúsi Grundfirðinga þar sem verðlaun voru veitt og sveitarfélagið bauð upp á mat og vín af miklum rausnarskap. Mótsnefndin hafði fengið listakonuna Kristjönu Samper til þess að gera sérstakan minjagrip um mótið sem var brenndur í leir. Gripurinn var píramídi þar sem ein hliðin sýndi merki Grundarfjarðar, önnur riddara og á þriðju hliðinni var stutt yfirlit um sögu staðarins. Í þakklætisskyni fengu skákmennirnir þennan grip og allir þeir sem hýstu þá auk annarra velunnara mótsins.

Óhætt er að segja að gleðin hafi verið við völd þetta kvöld. Haldnar voru ræður þar sem þeir Margeir Pétursson og Jóhann Hjartarson tóku meðal annars til máls og fóru á kostum enda grínóttir með meiru. Það er til vitnis um það hversu vel menn skemmtu sér að frá Reykjavík kom með rútu stjórn Skáksambandsins til þess að taka þátt í hófinu. Með rúttunni áttu skákmennirnir allir að fara suður til Reykjavíkur að veisluhöldum loknum. En eitthvað dróst fjörukt skemmtanahald á langinn eftir að formlegu borðhaldi lauk og því fóru leikar svo að aðeins þrír skákmenn fóru með rúttunni suður en nú urðu eftir. Sett voru upp mörg einkalokahóf hér og þar í þorpinu þar sem haldið var uppi eftirhermum og skemmtilegheitum sem skákmennirnir reiddu fram langt fram eftir nóttu.

Að öðrum ólöstuðum var það þó einn maður sem stóð upp úr á lokahófinu og kom öllum að óvörum. Þegar leið á hófið stendur Soffanías Cecilsson útgerðarmaður upp og kveður sér hljóðs. Hann spyr hópinn sem fara átti á Ólympíuleikana í Dubai: „Myndi það ekki hvetja ykkur til dáða, ef þið fengjuð eins og fimm hundruð þúsund fyrir að verða Ólympíumeistarar?“ Það héldu menn



Bæring Cecilsson setti svip sinn á skákmótið með myndavélarnar að vopni.



Sigríður Anna Þórðardóttir oddviti veitir Presti Þ., Jóni L. og Karli Þorsteins verðlaun.

nú aldeilis og skáluðu fyrir þessum rausnarskap. En þegar leið á kvöldið og menn voru búnir að skála dálítið oftar stendur Soffanías upp á ný og segist vera búinn að hugsa málið betur. Hann heitir á Ólympíuliðið og lofar þeim tveimur milljónum króna sem renna muni í þeirra vasa nái þeir að verða Ólympíumeistarar. Þetta muni hann greiða ásamt þeim útgerðarmönnum og fiskverkendum í Grundarfirði sem hann fái í lið með sér. Upphæðin muni svo lækka um tvö hundruð þúsund krónur fyrir hvert sæti neðar á mótinu. Svo bætti Soffanías því við, að færi svo að þeir fengju ekki krónu skyldi hann sjálfur bjóða þeim á gömlu dansana í Breiðfirðingabúð. Uppskar hann vitaskuld mikil fagnaðarlæti því þetta var það rausnarlegasta áheit sem um gat í íslenskri skáksögu og virkaði sem vítamínsprautu á Ólympíufarana en þeir gerðu sér vonir um að lenda ofarlega á mótinu sem framundan var. Þetta var í fyrsta sinn sem skákmenn eygðu möguleika á því að afla sér tekna á Ólympíumóti sem fram að þessu hafði kostað keppendur bæði heilmikinn tíma og peninga sem



Árnir Emilsson veislustjóri sýnir listaverk úr leir eftir Kristjönu Samper sem skákmennirnir og gestgjafar þeirra fengu að gjöf ásamt öðrum velgjörðarmönnum Skákþingsins.



Margeir Pétursson Íslandsmeistari í skák 1986 flytur ræður í hófinu og slær á léttu strengi.



Þráinn Guðmundsson forseti Skáksambandsins var skemmtilegur að vanda og þakkaði heimamönnum góð kynni.

tekinn var úr eigin vasa. Fyrir utan augljósan fjárhagslegan ávinning af svo rausnarlegum styrk þá varð hann einnig til þess að stappa stálinu í menn því með þessu fundu þeir fyrir einlægum stuðningi og viðurkenningu á allri þeirri vinnu sem þeir höfðu lagt í skákina. Keppendurnir í Grundarfirði voru því afar þakklátir gestrisni heimamanna. Þeir sáu að nú væri raunhæfur möguleiki að ná einhverju af efstu tíu sætunum. Þetta olli því að menn tóku undirbúning Ólympíumótsins svo alvarlega að strax á heimleiðinni frá Grundarfirði byrjuðu menn að leggja á ráðin.

Svo fór að íslenska sveitin náði fimmta sæti á Ólympíuleikunum í Dubai litlu síðar sem er besti árangur sem íslensk sveit hefur nokkurn tímann náð. Soffanías sendi íslensku sveitinni heillaskeyti og hélt þeim móttöku á Hótel Sögu þar sem grundfirskir útgerðarmenn og fiskverkendur stóðu við áheit sitt og veittu skákmönnum tólf hundruð þúsund króna verðlaunafé sem skiptist jafnt á milli keppenda. Ekki er ólíklegt að mörgum Grundfirðingum



Rúsinan í pylsuendanum. Soffaníás Cecilsson heitir á Ólympíufarana til Dubai tveimur milljónum fyrir að vinna Ólympíuskákmótið. Þetta sagðist hann gera fyrir sína hönd og ammarra sjávarútvegsfyrirtækja í Grundarfirði. En ef þeir töpuðu öllum viðureignunum þá myndi hann samt bjóða þeim á gömlu dansana í Breiðfirðingabúð.

hafi fundist þeir eiga heilmikið í landsliðinu eftir styrkinn góða og árangurinn á Ólympíumótinu. Segja má að grunnurinn að sjálfstrausti hópsins hafi verið lagður þarna. Næstu árin unnu Íslendingar sín mestu skákafrek og ber þar hæst þegar Jóhann Hjartarson lagði Kortsnoj í einvígi árið 1988.

Skáþing Íslands 1986 verður lengi í minnum haft og vottur þess að vilji er allt sem þarf, þegar lítið samfélag þarf að lyfta Grettistaki.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Tölvupóstur

Tölvupóstur Þorsteins Sigurlaugssonar (f. 1975) til höfundar, dags. 17. maí 2011.
Tölvupóstur Sólrúnar B. Kristinsdóttur (f. 1954) til höfundar, dags. 20. maí 2011.
Tölvupóstur Margeirs Péturssonar (f. 1960) til höfundar, dags. 17. júní 2011.

Viðtöl

Viðtal við Árna M. Emilsson (f. 1943) 26. maí 2011.
Viðtal við Inga Hans Jónsson (f. 1955) 18. júlí 2011.
Viðtal við Óskar Ásgeirsson (f. 1941) og Sigrúnu Davíðsdóttur (f. 1945) 12. janúar 2012.
Viðtal við Jón L. Árnason (f. 1960) 6. mars 2012.

Prentaðar heimildir

„Bjóst ekki við að átta vinningar myndu nægja – segir Margeir Pétursson nýbakaður skákmeistari Íslands“, *Morgunblaðið*, 30. september 1986.
Bragi Kristjánsson: „Margeir efstur á Íslandsþingi“, *Morgunblaðið*, 21. september 1986.
Hraðskák 12–23. Rvk. 1986.
„Innrás skákmanna í Grundarfjörð“, *Morgunblaðið*, 20. september 1986.
Jón L. Árnason og dr. Kristján Guðmundsson: *Skákstríð við Persaflóa. Ólympíuskákmótið í Dubai 1986 í máli og myndum*, Rvk. 1987.
Jón L. Árnason: „Skákþing Íslands í Grundarfirði: Margeir Íslandsmeistari“, *Morgunblaðið*, 27. september 1986.
Jón L. Árnason: „Ungliðar berjast á Haustmóti TR“, *Morgunblaðið*, 18. október 1986.
„Skákþing Íslands hefst á morgun“, *Morgunblaðið*, 14. september 1986.
„Skákþinginu lokið: Margeir varð Íslandsmeistari“, *Dagblaðið Vísir*, 29. september 1986.
Práinn Guðmundsson: *Skáksamband Íslands í 70 ár. 1925–1995. I*. Rvk. 1996.
Práinn Guðmundsson: *Skáksamband Íslands í 70 ár. 1925–1995. II*. Rvk. 1999.

Myndaskrá

Mynd á bls 134 er fengin úr *Hraðskák* 16, Rvk. 1986, bls. 44.
Mynd á bls. 144 er fengin úr einkasafni Óskars Ásgeirssonar og Sigrúnar Davíðsdóttur.
Mynd á bls. 145 er fengin úr *Hraðskák* 23, Rvk. 1986, bls. 104.
Aðrar myndir eru fengnar úr safni Skáksambands Íslands.

Árni Emilsson

Vitinn

Þeirri hugmynd skaut upp kollinum í stjórn Eyrbyggja, Hollvinasamtaka Grundarfjarðar á öndverðu ári 2009, að vert væri að vekja athygli á þeim einstaklingum, sem hafa vísað veginn með framtaki sínu til þess að auðga mannlífið í Grundarfirði. Þar kom niður tali stjórnarmanna að rétt væri að gera þetta með því að veita þessu fólki verðuga viðurkenningu. Vísast er þetta ekki vandalaust, því margur einn hefur verið góður liðsmaður í gegnum tíðina.

Stjórnin leitaði til listakonunnar Brynhildar Þorgeirsdóttur myndhöggvara sem er margverðlaunaður listamaður heima og erlendis. Brynhildi fannst það sérlega góð hugmynd að hafa vitann sem viðfangsefni í þessum tilgangi og ekki síst með vísan í Krossnesvita sem hún fór og skoðaði.

Vitinn hefur lengi vísað sjómönnum Grundarfjarðar leiðina og eins er með þá sem fá hann sem viðurkenningu, að þeir fara fyrir öðrum og vísa leiðina til betra og auðugra mannlífs.

Ingi Hans Jónsson

Ingi Hans Jónsson er borinn og barnfæddur Grundfirðingur og leit fyrst dagsins ljós 24. febrúar 1955. Hann hefur ekki farið yfir lækinn til þess að sækja sér viðfangsefnin, enda hefur hann fundið sér næg verkefni að móða úr heima í föðurtúnum sínum. Ingi Hans hefur víða komið við í sinni heimabyggð og lagt gjörva hönd á ýmislegt til þess að bæta samfélagið sitt. Segja má að hann sé „þúsund þjala smiður.“

Ingi Hans fékk fyrstur manna Vitann fyrir einstakt starf og framlag til menningar í Grundarfirði, þó sérstaklega með því er hann hefur verið Sögu-



Ární Emilsson afhendir Inga Hans viðurkenninguna árið 2009.

miðstöðinni, sem hann hefur helgað krafta sína mörg undanfarin ár, svo fátt verður við jafnað.

Ingi Hans er einkar vel að þessum heiðri kominn.

Dögg Mósesdóttir

Dögg Mósesdóttir er fædd 19. mars 1979 og ólst upp í Grundarfirði hjá foreldrum sínum allar götur þar til hún fór í framhaldskóla 16 ára eftir að hafa lokið námi í Grunnskóla Eyrarsveitar. Leiðin lá næst í Verslunarskóla Íslands og síðan í Menntaskólann við Hamrahlíð þar sem hún lauk stúdentsprófi.

Dögg gerði hlé á náminu þegar hún var 21 vetra og kom heim til þess að vinna fyrir ferð til Suður-Ameríku. Dögg lærði kvikmyndagerð í Barcelona, kom svo heim til Íslands í desember 2007 með eiginmanni sínum, Daniel Schreiber og hélt fyrstu Northern Wave kvikmyndahátíðina í Grundarfirði í lok febrúar 2008.



Dögg Mósesdóttir við móttöku Vitans árið 2010.

Dögg hefur komið Grundarfirði á kortið sem menningarbæ með því að standa fyrir fimm kvikmyndahátíðum, sem hafa hvarvetna vakið athygli. Hátíðin er fjármögnuð með styrkjum úr Menningarsjóði Vesturlands, auk fyrirtækja í héraði og Grundarfjarðarbæ.

Dögg Mósesdóttir býr sig nú undir móðurhlutverkið, sem hún telur það merkilegasta og stærsta til þessa. Hún hlaut Vitann árið 2010 fyrir framtak sitt og óvenjulegt framlag til menningarmála í Grundarfirði.

Hildur Sæmundsdóttir

Hildur Sæmundsdóttir ljósmóðir fæddist 22. júní árið 1948 að Krossi á Barðaströnd, en ólst upp í Kópavogi. Hún flutti til Grundarfjarðar árið 1970 og hefur búið þar síðan með manni sínum Sigurjóni Halldórssyni skipstjóra.

Vitann árið 2011 hlaut Hildur fyrir forystu í félagsmálum, en auk þess að hafa sinnt hjúkrunarstörfum og starfað sem ljósmóðir í Grundarfirði í 35 ár hefur hún látið félagsstörf og forvarnir ungmenna staðarins sig miklu varða.



Hildur Sæmundsdóttir hlaut Vitann árið 2011.

Hún stóð meðal annars fyrir stofnun og veitti forstöðu félaginu Tilveru, sem er félagsskapur um foreldrasamstarf og forvarnir ungmenna. Þá var hún aðaldrifkrafturinn að því að starf forvarnarfulltrúa við Fjölbrautarskóla Snæfellsness varð til

Hildur starfaði um árabíl í stjórn Rauða Krossins í Grundarfirði og átti m.a. þátt í því að komið var á fót leikskóla á sínum tíma og félagsstarfi aldra.

Hildur var frumkvöðull að endurstofnun Krabbameinsfélags Snæfellsness 2005 og setti á stofn stuðningshóp fyrir krabbameinssjúklinga í Grundarfirði.

Nú síðast stóð hún að stofnun Vinahússins sem er athvarf fyrir öryrkja og atvinnulausa í Grundarfirði.


Fermingarbörn 1942–2012

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 2012 Prestur séra Aðalsteinn Þorvaldsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Anna Halldóra Kjartansdóttir	130198	Fagurhólstúni 10
Björg Björgvinsdóttir	190198	Sæbóli 36
Daníel Husgaard Þorsteinsson	180998	Fellasneið 2
Harpa Lilja Knarran Ólafsdóttir	210998	Grundargötu 62
Hrönn Þorsteinsdóttir	020698	Grundargötu 37
Karen Líf Gunnarsdóttir	210998	Fellasneið 14
Svanlaugur Atli Jónsson	150298	Sæbóli 5

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 2002 Prestur séra Gunnar Eiríkur Hauksson, sóknarprestur í Stykkishólmi

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Agnes Sif Eypórsdóttir	190688	Grundargötu 74
Ásgeir Þór Ásgeirsson	260588	Sæbóli 20
Áslaug Karen Jóhannsdóttir	290688	Fagurhól 4
Birna Kristmundsdóttir	191288	Hrannarstíg 14
Eva Kristín Kristjánsdóttir	070188	Grundargötu 45
Gísli Valur Arnarson	190988	Sæbóli 38
Gústav Alex Gústavsson	110288	Fagurhólstúni 15



Halla Bryndís Ólafsdóttir	300988	Smiðjustíg 1
Ingibjörg Sölvadóttir	120488	Reykjavík
Jóna Lind Bjarnadóttir	100188	Grundargötu 98
Karitas Eiðsdóttir	210188	Eyrarvegi 22
Kjartan Fannar Kjartansson	150988	Setbergi
Kristrún Kristófersdóttir	040788	Fagurhólstúni 9
Lýður Valgeir Jóhannesson	081188	Sæból 46
Ólafur Kristinn Skarphéðinsson	280888	Hlíðarveg 10
Rakel Birgisdóttir	210688	Eyrarvegi 21
Sædís Alda Karlsdóttir	170388	Hamrahlíð 5
Vilborg Hrefna Sæmundardóttir	140688	Grundargata 45

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1992
Prestur séra Sigurður K Sigurðsson


<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Aðalsteinn Jósefsson	121278	Grundargötu 15
Ásdís Lilja Pétursdóttir	300378	Grundargötu 72



Eiríka Benný Magnúsdóttir	040178	Sæbóli 37
Elvar Þór Alfreðsson	100978	Hrannarstíg 14
Guðmundur Pálsson	300678	Sæbóli 18
Heiða Ólafsdóttir	041078	Borgarbraut 3
Helga Soffía Gunnarsdóttir	020278	Grundargötu 51
Ingibjörg Híðkvist Ingadóttir	150578	Grundargötu 58
Jóhanna Þorvarðardóttir	230278	Sæbóli 46
Jón Hans Ingason	140578	Hlíðarvegi 11
Róbert Antonsson	090678	Búlandshöfða
Steinunn Jenný Skúladóttir	130978	Eyrarvegi 7

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1982
Prestur séra Jón Þorsteinsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Árni Bjarki Kristjánsson	090968	Skallabúðum
Björg Ágústsdóttir	240368	Fossahlíð 3
Eyrún Guðnadóttir	150368	Fagurhólstúni 6



Fermingardrengir úr Setbergskirkju 1982.

Garðar Svansson	171168	Sæbóli 41
Guðmundur Áskelsson	010268	Stykkishólmi
Harpa Grímsdóttir	011068	Fagurhóli 2
Hákon Arnar Sigurbergsson	111168	Fagurhólstúni 5
Herdís Ström	010768	Fossahlíð 5
Kristinn Þorbergur Sigurjónsson	190168	Grundargötu 43
Linda Sólveig Magnúsdóttir	070868	Eyraryegi 23
Oddur Hlynur Kristjánsson	090968	Skallabúðum
Sigríður Elísabet Elísdóttir	241268	Grundargötu 29
Sigurdís Gísladóttir	240168	Grundargötu 60
Sigurður Arnar Þórarinsson	250168	Fagurhóli 5
Örn Þór Alfreðsson	061268	Hrannarstíg 14



Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1972
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Dagný Jeremíasdóttir	221258	Grundargötu 44
Elín Katla Elíasdóttir	280458	Grundargötu 12
Erna Njálisdóttir	171058	Suður Bár
Guðjón Árni Þórólfsson	060258	Borgarbraut 9
Guðjón Elísson	030258	Grundargötu 29
Guðmunda Inga Forberg	040458	Eyrarvegi 25
Hjálmtýr Sæmundur Halldórsson	021258	Hlíðarvegi 13
Hjörtur Rósmann Jónsson	080658	Mýrum
Ingibjörg Torfhildur Pálsdóttir	150858	Naustum

Lilja Jósefsdóttir	211058	Nýjubúð
Lína Björk Sigmundsdóttir	091058	Eyrarvegi 14
Sigríður Herdís Ólafsdóttir	240958	Grundargötu 44
Sigríður Högnadóttir	090358	Borgarbraut 9
Sigrún Edda Hringsdóttir	150258	Grundargötu 16
Stefán Gunnar Tómasson	090758	Borgarbraut 3
Valdimar Þorvarðarson	150458	Hlíðarvegi 21
Valgerður Gísladóttir	151058	Hlíðarvegi 15

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1962
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Ágústa Hrund Emilsdóttir	050148	Nesvegi 5
Ásmundur Karlsson	191248	Eyrarvegi 17
Bjarni Eyjólfsson	151148	Grundargötu 28



Gunnar Halldór Ingvarsson	010948	Kolgröfum
Halla Halldórsdóttir	250348	Grundargötu 27
Manfreð Jóhannes Körner	170948	Þórdísarstöðum
Runólfur Guðmundsson	120548	Hamrahlíð 5
Salbjörg Nóadóttir	260148	Vindási
Steinbjörg Elíasdóttir	150148	Grundargötu 12
Víðir Jóhannsson	011048	Kverná
Þórdís Jeremíasdóttir	301248	Sigurhæðum

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1952

Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Berta Guðmundsdóttir	160338	Hallbjarnareyri
Kristján Pétursson	190838	Grafarnesi
Kristín Lilja Nóadóttir	230638	Vindási
Lárus Lárberg Guðmundsson	071038	Grafarnesi
Vilhjálmur Pétursson	090738	Naustum

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1942

Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Ása Gunnarsdóttir	210128	Setbergi
Elsa Magnúsdóttir	201128	Kirkjufelli
Gísli Kristjánsson	210128	Móabúðum
Guðmundur Kristjánsson	050128	Eiði
Guðný Ingibjörg Hjartardóttir	250228	Mýrum
Guðný Margrét Árnadóttir	260428	Hellnafelli
Högni Guðjónsson	010928	Skallabúðum
Hörður Pálsson	041128	Hömrum
Jón Lárus Guðnason	130928	Berserkseyri
Kristinn F. Ásmundsson	080628	Kverná
Kristinn Hlíðar	141128	Krossnesi

Magnús Jóhannesson	130728	Hallbjarnareyri
Páll Torfason	270928	Garðsenda
Páll Þorkelsson	100428	Fagurhól
Valgerður Þ. Kristjánsdóttir	221027	Reykjavík

Fermingarbörn í Setbergssókn 1935–2012

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1935 Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Haraldur V.H. Egilsson	150621	Vatnabúðum
Jón Kristjánsson	241220	Móabúðum
Kristín Cecildóttir	200621	Búðum
Þorsteinn Zoffanías H. Ólafsson	290421	Kvíabryggju

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1936 Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Dagfríður Pétursdóttir	180622	Hjarðarbrekku
Freyja Finnsdóttir	110722	Spjör
Guðrún Guðmundsdóttir	050222	Sæbóli
Gunnar Skarphéðinn Magnússon	140922	Kirkjufelli
Halldór Guðnason	260822	Berserkseyri
Hermann Kristberg Sigurjónsson	270822	Norður Bár
Oliver Bárðarson	210722	Gröf
Sigríður Hallgrímsdóttir	060322	Látravík

Pórarinn Stefán Sigurðsson	310122	Suður Bár
Þorleifur Halldór Ásgeirsson	070222	Fornu Grund

Fermingarborn í Setbergskirkju 1937**Prestur séra Jósef Jónsson**

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Bæring Cecilsson	240323	Búðum
Dagbjört Ragnhildur Bjarnadóttir	220823	Berserkseyri
Hallfríður Ásmundsdóttir	040423	Kverná
Ingibjörg Halldóra Árnadóttir	050923	Hellnafelli
Runólfur Þorkelsson	310723	Fagurhóli

Fermingarborn í Setbergskirkju 1938**Prestur séra Jósef Jónsson**

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Áslaug Kristensa Georgsdóttir	171024	
Dagmar Árnadóttir	301224	Hjarðarbóli
Guðmundur Bergsson	090124	Krossnesi
Halldór Finnsson	020524	Spjör
Hallgrímur Pétursson	230724	Hjarðarbrekku
Helga Gróa Lárusdóttir	220424	Gröf
Jarprúður Soffía Ásgeirsdóttir	030424	Fornu Grund
Kristólína Guðmundsdóttir	260824	Nýjubúð
Ragnhildur Guðrún Hallgrímsdóttir	230224	Látravík
Soffanías Cecilsson	030524	Búðum
Una Jóhannesdóttir	030124	Hallbjarnareyri
Þorkell Gunnarsson	080824	Akurtröðum

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1939
Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Ágúst Sigurjónsson	070725	Norður Bár
Gísli Guðberg Magnússon	070625	Kirkjufelli
Guðbjörg Árnadóttir	130325	Hellnafelli
Guðbjörg Fjöla Þorkelsdóttir	270525	Fagurhóli
Helgi Kristjánsson	020325	Naustum
Jón Bjarni Hjartarson	141224	Mýrum
Jón Jósefsson	050825	Setbergi
Kristján Kristjánsson	080525	Móabúðum
Sigríður Breiðfjörð Pálsdóttir	140825	Hömrum

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1940
Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Ása Finnsdóttir	070826	Spjör
Björn Kristján Ásgeirsson	505026	Grund
Elís Guðnason	290726	Berserkseyri
Gísli Þorkelsson	230526	Fagurhóli
Guðmundur V. Lárússon	120726	Krossnesi
Anton Gunnlaugur Finnsson	090426	Þórdísarstöðum
Halldór Sigurjónsson	150826	Norður Bár
Sveinbjörn Árnason	200826	Hellnafelli
Vilhjálmur Ásmundsson	200526	Kverná

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1941
Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Árni Jóhannes Hallgrímsson	161226	Látravík
Ásdís Ásgeirsdóttir	040727	Grund

Einar Skarphéðinsson	240827	Hjarðarbóli
Friðjón Hjartarson	121226	Bryggju
Garðar Haukur Georgsson	080227	Bryggju
Guðbjartur Cecilsson	070327	Búðum
Guðmundur Hinrik Elbergsson	010227	Bryggju
Haraldur Ellert Magnússon	190527	Kirkjufelli
Hólmfríður Guðmundsdóttir	260827	Akurtröðum
Jens Pétursson	300327	Hjarðarbrekku
Kristján Torfason	020627	Garðsenda
Lára Lárusdóttir	120727	Krossnesi
Leifur Pálsson	130627	Hömrum
Petrea Guðný Pálsdóttir	140127	Grafarnesi
Sigurður Lárusson	310127	Gröf
Skúli Kristjánsson	141027	Búðum
Vilborg Guðrún Gísladóttir	160727	Grund

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1942

Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Ása Gunnarsdóttir	210128	Setbergi
Elsa Magnúsdóttir	201128	Kirkjufelli
Gísli Kristjánsson	210128	Móabúðum
Guðmundur Kristjánsson	050128	Eiði
Guðný Ingibjörg Hjartardóttir	250228	Mýrum
Guðný Margrét Árnadóttir	260428	Hellnafelli
Högni Guðjónsson	010928	Skallabúðum
Hörður Pálsson	041128	Hömrum
Jón Lárus Guðnason	130928	Berserkseyri
Kristinn F. Ásmundsson	080628	Kverná
Kristinn Hlíðar	141128	Krossnesi
Magnús Jóhannesson	130728	Hallbjarnareyri
Páll Torfason	270928	Garðsenda
Páll Þorkelsson	100428	Fagurhól
Valgerður Þ. Kristjánsdóttir	221027	Reykjavík

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1943
Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Bernharð Guðnason	101129	Berserkseyri
Elís Gunnarsson	250229	Eiði
Gísli Guðmundsson	270929	Nýjubúð
Inga Hrefna Lárusdóttir	220629	Gröf
Jón Ingjaldur Júlíusson	070729	Kvíabryggju
Jón Júlíus Kristjánsson	240329	Eiði
Kristólína Guðrún Gunnarsdóttir	040429	Akurtröðum
Lilja Ingibjörg Þorkelsdóttir	030529	Fagurhól
María Ragnheiður Elbergsdóttir	040729	Kvíabryggju
Pálína Gísladóttir	270129	Grund
Ragnar Kristjánsson	170629	Móabúðum
Valdimar Ásgeirsson	261128	Kvíabryggju

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1944
Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Alfreð Ragnar Magnússon	070630	Kirkjufelli
Arnór Björgvin Jóhannesson	100530	Forna-Krossnesi
Friðrik Heiðar Ásmundsson	200330	Kverná
Gísli Árnason	030530	Hellnafelli
Guðbjörg Kristjánsdóttir	211130	Móabúðum
Jóna Lárusdóttir	160730	Krossnesi
Ragnheiður Ásgeirsdóttir	140330	Grund
Sigríður I. Jónasdóttir	100130	Grafarnesi
Unnur Torfadóttir	230430	Garðsenda
Þórólfur Beck Guðjónsson	240330	Skallabúðum

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1945
Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Elís Guðjónsson	090831	Skallabúðum
Guðmundur Jóhannesson	181231	Forna-Krossnesi
Guðni K. Lárusson	300731	Krossnesi
Friðrika Margrét Ásgeirsdóttir	020231	Kvíabryggju
Hjálmar Gunnarsson	050331	Eiði
Ingibjörg Þórðardóttir	260231	Grafarnesi
Jarprúður G. Pálsdóttir	261031	Hömrum
Kristín Sigurbjörg Árnadóttir	280631	Hellnafelli
Ragnheiður I. Skarphéðinsdóttir	160331	Grund
Ragnheiður Salbjörg Jónasdóttir	080131	Grafarnesi
Sverrir Lárusson	140131	Grafarholti

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1946
Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Aðalheiður Magnúsdóttir	290132	Kirkjufelli
Dagfríður Finnsdóttir	201032	Grafarnesi
Elís Gíslason	261132	Grafarnesi
Guðmunda Hansína Hjartardóttir	071131	Grafarnesi
Helga Sigríður Elimarsdóttir	010532	Grafarnesi
Hreinn Bjarnasson	250932	Berserkseyri
Jakob Cecil Júlíusson	050732	Grafarnesi
Jens Jakob Hallgrímsson	090532	Látravík
Karl Torfason	310732	Garðsenda
Kristín Pálsdóttir	240732	Hjarðarbóli
Magnþóra Kristín Þórðardóttir	040432	Grafarnesi
Páll Brekkmann Ásgeirsson	040332	Grafarnesi
Páll Cecilsson	200132	Grafarnesi
Sigurður Hallgrímsson	180832	Grafarnesi
Sveinn Garðar Gunnarsson	170732	Eiði

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1947
Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Aðalsteinn Pétursson	070933	Grafarnesi
Anna Ásgeirsdóttir	050733	Grafarnesi
Elínborg Kristjánsdóttir	130733	Eiði
Esther Árnadóttir	020733	Hellnafelli
Gróa Herdís Guðjónsdóttir	180933	Skallabúðum
Guðrún Kristín Jóhannsedóttir	070633	Krossnesi
Jón Beck Elbergsson	150533	Grafarnesi
Kristín Karólína Þórðardóttir	040633	Skerðingstöðum
Sigurbjörg Hulda Þorkelsdóttir	030933	Fagurhól

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1948
Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Guðmundína Jóhanna Júlíusdóttir	040234	Kvíabryggju
Ólafur Björn Jónasson	010434	Grafarnesi
Rúrik Kristjánsson	260834	Eiði
Sigrún Gunnarsdóttir	030234	Eiði
Sveinbjörn Finnsson	080834	Grafarnesi
Þorvaldur Jóhannes Elbergsson	111234	Grafarnesi

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1949
Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Arndís Árnadóttir	240235	Hellnafelli
Arnór Páll Kristjánsson	091035	Eiði
Bára Bergmann Pétursdóttir	021235	Grafarnesi
Björk Guðlaugsdóttir	251235	Grafarnesi
Emil Jónasson	210235	Berserkseyri

Guðrún Geirmundsdóttir	130935	Berserkseyri
Halldóra Guðrún Ólafsdóttir	110835	Grafarnesi
Hjörðís Bjarney Guðmundsdóttir	120735	Grafarnesi
Hólmfríður Gísladóttir	060935	Grafarnesi
Jóhanna Jóhannesdóttir	120935	Vindási
Jóhannes Páll Pétursson	240235	Naustum
Ólafur Garðar Þórðarson	271235	Grafarnesi
Sigurður Sigurðsson	160835	Grafarnesi
Þorbjörg Stefanía Jónasdóttir	241135	Grafarnesi

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1950
Prestur séra Józef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Björn Jóhannes Guðmundsson	130936	Grafarnesi
Helga Ásgeirsdóttir	261136	Grafarnesi
Helgi Lárusson	260636	Krossnesi
Jóhanna B. Guðmundsdóttir	081236	Gröf
Kristján Ólafsson	241036	Grafarnesi
Sigurlín Gunnarsdóttir	170536	Eiði
Stella Magnúsdóttir	090136	Kirkjufelli

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1951
Prestur séra Józef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Arndís Kristjánsdóttir	240337	Grafarnesi
Elsa Fanney Pétursdóttir	230737	Grafarnesi
Helga Soffía Gunnarsdóttir	081137	Eiði
Ingibjörg Pétursdóttir	190837	Grafarnesi
Jónína Guðrún Kristjánsdóttir	190537	Eiði
Kristín Salbjörg Jóhannsedóttir	070837	Krossnesi
Marta Elín Jóhannsdóttir	101237	Suður Bár
Pétur Jósefsson	130737	Setbergi

Rafn Ólafsson	070537	Grund
Svavar Símonarsson	140837	Gröf
Sveinn Einar Þórðarsson	040637	Kvíabryggju

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1952
Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Berta Guðmundsdóttir	160338	Hallbjarnareyri
Kristján Pétursson	190838	Grafarnesi
Kristín Lilja Nóadóttir	230638	Vindási
Lárus Lárberg Guðmundsson	071038	Grafarnesi
Vilhjálmur Pétursson	090738	Naustum

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1953
Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Bjarni Hinrik Jónasson	060739	Grafarnesi
Jens Niels Óskarsson	170739	Naustum
Jensína Guðmundsdóttir	230539	Hallbjarnareyri
Lýður Valgeir Lárusson	180939	Kirkjufelli
Sigrún Pétursdóttir	210939	Grafarnesi
Þorvaldur Þórðarsson	290439	Kvíabryggju

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1954
Prestur séra Jósef Jónsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Erla Jónasdóttir	311040	Grafarnesi
Heiðar Elimarsson	161140	Grafarnesi
Ívar Árnasson	240940	Hellnafelli
Kristín Jeremíasdóttir	010440	Þordísarstöðum
Kristján Oddgeirsson	201040	Grafarnesi

Ólöf Ragna Pétursdóttir	200840	Grafarnesi
Pálmi Þór Pálsson	270440	Grafarnesi
Rögnvaldur Ingi Guðlaugsson	290140	Sólvöllum
Sigurberg Árnasson	240940	Hellnafelli
Vilberg Guðjónsson	010440	Skallabúðum

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1955**Prestur séra Magnús Guðmundsson**

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Guðbjörg Guðmundsdóttir	171241	Lág
Jóhann Léo Gunnarsson	150341	Eiði
Jón Jóhann Nóason	090841	Vindási
Magnús Ingvarsson	070641	Kolgröfum
Óskar Ásgeirsson	120941	Borgarbraut 2

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1956**Prestur séra Magnús Guðmundsson**

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Aðalheiður Rósa Emilsdóttir	250342	Nesvegi 5
Albert Breiðfjörð Ágústsson	240442	Móabúð
Alda Sigurðardóttir	300442	Naustum
Ágúst Elbergsson	030342	Grundargötu 23
Ásmundur Arndal Jóhannsson	160742	Kverná
Gunnar Skarphéðinn Magnússon	230342	Kirkjufelli
Halldóra Hallgrímsdóttir	280842	Grafarnesi
Hjörtur Hafsteinn Karlsson	210842	Jónshúsi
Hrafnildur Guðmundsdóttir	240842	Gröf
Sigurður Kristófer Pétursson	041242	Grafarnesi
Svandís Jeremíasdóttir	070442	Þordísarstöðum

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1957
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Árni Magnús Emilsson	140443	Nesvegi 5
Halldóra Eyfjörð Elbergsdóttir	030843	Grundargötu 23
Helga Jónasdóttir	230943	Grafarnesi
Jósefína Þórdís Guðmundsdóttir	260843	Grafarnesi
Kristín Karólína Jakobsdóttir	040443	Grundargötu 37
Salbjörg Steinunn Jeremíasdóttir	090843	Þordísarstöðum
Sigþór Pétursson	171243	Grafarnesi
Snorri Gunnarsson	220943	Eiði

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1958
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Guðni Eggert Hallgrímsson	020544	Grundargötu 25
Jónína Guðrún Nóadóttir	111044	Vindási
Kristján Elberg Guðmundsson	311044	Grafarnesi
Lúðvík Jakobsson	121244	Grundargötu 37

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1959
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Aagot Emilsdóttir	020345	Nesvegi 5
Ágúst Breiðfjörð	061245	Grundargötu 6
Áslaugur Ingiberg Jeremíasson	180445	Sigurhæðum
Búi Steinn Jóhannsson	141045	Kverná
Danelía Guðrún Kristjánsdóttir	211045	Grundargötu 41
Halla Elimarsdóttir	200645	Grundargötu 7
Hjörtur Mýrdal Sigurjónsson	110845	Grundargötu 26
Jóhanna Ingvarsdóttir	070745	Kolgröfum

Jón Geirharðsson	281044	Reykjavík
Sigurbjörg Karlsdóttir	020445	Borgarbraut 2

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1960
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Aðalsteinn Ásgeirsson	270246	Borgarbraut 2
Kjartan Jeremíasson	070646	Sigurhæðum
Oddný Ingigerður Jónsdóttir	020446	Grundargötu 11
Ólafur Kristján Guðmundsson	120746	Nesvegi 9
Ragnar Vilberg Elbergsson	250246	Grundargötu 23
Ragnar Þór Jónasson	050946	Hlíðarvegi 11
Sigurborg Guðný Jakobsdóttir	290746	Grundargötu 37
Tómas Sævar Friðjónsson	101246	Borgarbraut 3

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1961
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Auður Elimarsdóttir	280647	Grundargötu 7
Birna Ragnheiður Pétursdóttir	270447	Grundargötu 42
Hallgrímur Hallgrímsson	121047	Grundargötu 25
Jóhanna Kristín Kristjánsdóttir	050447	Eiði
Jóna Guðrún Guðmundsdóttir	311247	Nesvegi 9
Kristinn Guðni Jóhannsson	280947	Kverná
Laufey Jeremíasdóttir	030847	Sigurhæðum
Svava Guðmundsdóttir	150247	Hallbjarnareyri
Vilborg Karlsdóttir	300947	Eyrarvegi 17
Þórarinn Gunnarsson	180747	Eiði

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1962
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Ágústa Hrund Emilsdóttir	050148	Nesvegi 5
Ásmundur Karlsson	191248	Eyrarvegi 17
Bjarni Eyjólfsson	151148	Grundargötu 28
Gunnar Halldór Ingvarsson	010948	Kolgröfum
Halla Halldórsdóttir	250348	Grundargötu 27
Manfreð Jóhannes Körner	170948	Þórdísarstöðum
Runólfur Guðmundsson	120548	Hamrahlíð 5
Salbjörg Nóadóttir	260148	Vindási
Steinbjörg Elíasdóttir	150148	Grundargötu 12
Víðir Jóhannsson	011048	Kverná
Þórdís Jeremíasdóttir	301248	Sigurhæðum

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1963
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Gerður Guðlaugsdóttir	250249	Sólvöllum
Guðrún Halldórsdóttir	010249	Hlíðarvegi 13
Hallgrímur Jóhannesson	010749	Grundargötu 21
Kristín Pétursdóttir	170249	Eyrarvegi 18
Pálína Elinborg Elbergsdóttir	061049	Grundargötu 23
Sigurjón Halldórsson	210949	Hrannarstíg 4
Þorsteinn Björgvinsson	191148	Nesvegi 7

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1964
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Elinborg Karlsdóttir	150950	Eyrarvegi 17
Elís Ingvarsson	181250	Kolgröfum

Gísli Karel Halldórsson	030650	Grundargötu 27
Guðlaug Kristín Björgvinsdóttir	130450	Eyraryggi 12
Guðmundur Gunnar Guðmundsson	260450	Grundargötu 16
Gunnar Kristjánsson	271050	Skallabúðum
Hafsreinn Jónsson	160350	Grundargötu 26
Hulda Jeremíasdóttir	310750	Sigurhæðum
Jens Pétur Högnasson	070950	Lárkoti
Kristín Halldórsdóttir	010350	Hlíðarvegi 13
Kristján Guðmundsson	130250	Hamrahlíð 3
Magnea Guðmundsdóttir	030450	Hallbjarnareyri

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1965
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Fríða Berglind Valdimarsdóttir	200551	Borgarbraut 19
Kolbrún Sjöfn Matthíasdóttir	210651	Hlíðarvegi 21
Kristín Lilja Guðrún Sigurðardóttir	090351	Hlíðarvegi 6
Ósk Jósefsdóttir	130551	Nýju Búð
Pétur Guðráð Pétursson	250751	Grundargötu 29

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1966
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Fæðingard.</i>	<i>Heimili</i>
Alda Sæunn Björnsdóttir	150152	Grundargötu 9
Ágústa Hinriksdóttir	220852	Borgarbraut 6
Árni Halldórsson	220152	Hrannarstíg 4
Ásta Jeremíasdóttir	311052	Sigurhæðum
Bergur Sigurvinsson	300652	Nesvegi 4
Elínbjörg Kristjánsdóttir	300452	Grundargötu 28
